



Líf er að færast í miðbæ Reykjavíkur með hækkandi sól. Í Bankastrætinu sat í gær hópur fólks og naut veitinga og blöðunnar. Eftir fimm daga á að slaka á samkomubanni þannig að allt að fimmtíu manns geti komið saman í stað aðeins tuttugu. Áfram gildir hins vegar reglan um að fólk haldi tveimur metrum á milli sín til að forðast smit af COVID-19. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Icelandair fer í almennt útboð

Hyggst efna til hlutafjárútboðs sem yrði opið almenningi. Fundir með stærstu hluthöfum hefjast í dag. Skilyrða þátttöku við langtímasamninga við flugstéttir. Félagið gæti þurft um 30 milljarða í nýtt fé.

VIÐSKIPTI Icelandair Group, sem vinnur nú að því að afla féluginu aukins fjármagns, stefnir á að efna til almenns hlutafjárútboðs á komandi vikum þar sem almenningi gefst kostur á að taka þátt.

Samkvæmt heimildum Markaðarins færi það fram samhliða áformuðu hlutafjárútboði til fagfjárfesta, en þar er einkum horft til lífeyris- og verðbréfasjóða, og yrði gengið á sambærilegum kjörum.

Flestir stærstu hluthafar Icelandair Group gera það að skilyrði fyrir mögulegri aðkomu að hlutafjárútboði flugfélagsins, að

kjarasamningar náist við flugstéttir Icelandair til langs tíma, helst að lágmarki til fimm ára. Að öðrum kosti verði ekkert af útboðinu.

Fundir með helstu hluthöfum hefjast í dag, miðvikudag, þar sem stjórnendur og ráðgjafar félagsins munu kynna nánar tillögur sínar að endurfjármögnun Icelandair.

Greinendur Landsbankans telja líklegt að Icelandair muni þurfa að sækja sér á bilinu 150 til 200 milljónir dala, jafnvirði um 22 til 29 milljarða króna, í nýtt í fjármagn. Ef það gengur eftir geti flugfélagið verið í góðri stöðu fyrir næsta ár.

» Tillögur miða að því að lækka einingakostnað um 15-30% með breytingum á gildandi kjarasamningum.

Lífeyrissjóðir, sem eru áberandi í hópi stærstu hluthafa Icelandair, leggja áherslu á að þeir muni ekki koma með aukid fjármagn nema á viðskiptalegum forsendum.

Mikilvægt sé að fyrir liggi trúverðug rekstraráætlun, meðal annars um endurnýjun á flugflota félagsins og mögulegt sjóðstreymi,

þannig að félagið sé í stakk búid til að geta lifað af allt að 18 til 24 mánuði þar sem lítið verði um flug og starfsemin í lágmarki.

Þá þykir ljóst að hluthafar og aðrir fjárfestar muni í aðdraganda útboðsins krefja stjórnendur Icelandair Group um skýr svör við því hvernig leyst verði úr þeirri óvissu sem er uppi vegna samninga sem félagið hefur gert við Boeing um kaup á sjö MAX-þotum sem hafa ekki enn verið framleiddar.

Væntingar eru um að flugfélagið geti losnað undan þeim samningum. – hae, kij / sjá Markaðinn

Tvö þúsund að missa vinnuna

ATVINNUMÁL Uppsögn mesta fjölda starfsmanna í einu lagi á Íslandi var boðuð hjá Icelandair í gær.

Uppsagnirnar ná til yfir tvö þúsund manns. „Þær hafa þó mest áhrif á störf beintengd framleiðslu, svo sem áhafnir, viðhaldsþjónustu og starfsfólk flug- og farþegaþjónustu,“ segir í tilkynningu frá Icelandair.

„Þrátt fyrir högginn sem dynja á okkur flugmönnum og öðrum stéttum, þá munum við standa þetta af okkur,“ segir í yfirlýsingu sem Félag íslenskra atvinnuflugmanna sendi frá sér eftir að tíðindin bárust. – gar

FRÉTTABLAÐIÐ


Meira á frettabladid.is

Besta uppskeran núna!

Krónan mælir með!

KRÓNAN

Veður



Norðan og norðvestan 3-10 m/s í dag. Léttskýjað sunnan til, en þykkar upp á norðanverðu landinu og kólnar með stöku skúrum seinni partinn. Hiti 5 til 10 stig.

SJÁ SIÐU 12



Sala raforku til álvera minnkaði nokkuð í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Raforkunotkun dróst saman

ORKUMÁL Raforkuvinnsla á Íslandi á síðasta ári nam 19.489 gígavattstundum (GWh) sem er 1,7 prósent samdráttur frá fyrra ári. Þetta kemur fram í greinargerð raforkuhóps Orkuspárnefndar.

Notkun stórnotenda var 15.146 GWh og minnkaði um 0,7 prósent milli ára. Mestur var samdrátturinn hjá álverum, eða 444 GWh. Fram kemur í greinargerðinni að það megji að mestu leyti rekja til rekstrarerfiðleika álversins í Straumsvík.

Einnig var samdráttur hjá öðrum eldri stórnotendum og nam hann 229 GWh. Á móti kemur að notkun nýjustu stórnotendanna jókst um 560 GWh. Um þrjá fjórðu hluta þeirrar aukningar má rekja til gagnavera.

Almenn raforkunotkun minnkaði milli ára um 195 GWh, eða 4,7 prósent. Ástæður þess má meðal annars rekja til þess að hitastig í Reykjavík var 0,7 gráðum hærra en árið áður sem leiddi til minni notkunar raforku um 45 GWh.

Þá er samdráttur upp á 84 GWh rakinn til loðnubrests en fiskimjólsmiðjur eru orkufrekasta almenna iðnaðarstarfsemin á Íslandi. Orkutap við flutning raforku var alls 366 GWh sem er 32 GWh minna en árið áður. – sar

MISTÖK VIÐ PRENTVINNSLU

Við prentun Fréttablaðsins í gær víxluðust blaðsíður og voru efnisþættir í því á öðrum stað en lesendur eiga að venjast.

Ísland á filmu



Nýr vefur á vegum Kvikmyndasafns Íslands, Ísland á filmu, var opnaður í gær. Þar er að finna fróðleik um verklag í landbúnaði og sjávarháttum auk myndskreiða frá merkustu atburðum í sögu lands og þjóðar. Þar eru meðal annars heimildamyndir frá miðri síðustu öld eftir frumkvöðla íslenskrar kvikmyndagerðar. Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, opnaði vefinn, islandafilmu.is. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kaupmáli vekur upp spurningar

NOREGUR Auðmaðurinn Tom Hagen sem handtekinn var í Norgei í gær og ákærður fyrir að aðild að láti eiginkonu sinnar neitar sök.

Síðast spurðist til Anne-Elisabeth Hagen að morgni dags 31. október 2018. Sagðist eiginnmaður hennar hafa fengið kröfu frá mannþringingjum um lausnargjald.

Hjónin giftust árið 1969 og gerðu kaupmála á árinu 1987 sem síðan var breytt 1993. Samkvæmt honum hefði Anne-Elisabeth nánast ekki fengið neitt við skilnað. Lögmenn sem norskir fjölmiðlar ræddu við í gær segja að í kaupmálanum hafi hallað svo stórkostlega á eiginkonuna að líklega hefði skilmálum hans verið víkið til hliðar fyrir dómstólum.

Auðæfi Toms Hagen eru metin á jafnvirði 24 milljarða króna. Við skilnað átti Anne-Elisabeth að fá sumarþústaðarlöð, fjölskíli og sjóð upp á jafnvirði tæplega þriggja milljóna íslenskra króna – gar

Skapar eina mynd á dag í samkomubanni

Hönnuðurinn Linda Jóhannsdóttir hefur nýtt samkomubannið í listsköpun sína og skapað eina mynd á dag. Hún segist finna mikinn meðbyr í garð listamanna og að mikilvægt sé að grípa tækifærin sem bjóðast í ríkjandi ástandi.

MENNING „Við ætluðum flest að eiga besta ár allra tíma þar sem 2020 hljómar mega vel en samkomubann var ekki það sem við vorum með í huga. Þannig að þegar samkomubannið skall á langaði mig að halda áfram að vera skapandi og á sama tíma dreifa smágleði og kannski gera eitthvað sem fólk gat látið sig hlakka til,“ segir Linda Jóhannsdóttir hönnuður.

Linda á og rekur fyrirtækið Pastelpaper og undir nafni þess hannar hún meðal annars myndir og kort sem seld eru í hönnunarbúðum og á listasöfnum. Frá því að samkomubannið var sett á hefur hún skapað eina mynd á dag.

„Myndirnar skapa ég allar í A4 á pappír en annars engar reglur, bara hvað mig langar skapa þann daginn. Ég vildi hafa myndirnar á þannig verði að flestir, sem langaði að eignast verk, hefðu tök á því núna þegar efnahagur fólks er kannski ekki sá besti. Myndirnar eru allar originalar þannig að það er bara ein af hverri, þær eru áritaðar og kosta sex þúsund krónur,“ segir Linda.

Líkt og fjöldi listamanna hafði Linda hug á því að taka þátt í Hönnunarmars en þegar hátiðinni var frestað spratt upp hugmyndin að því að skapa eina mynd á dag. „Það kemur alltaf eitthvað gott út úr svona tímabili og eflaust gæti COVID kannski flokkast undir skapandi eyðileggingu, það er að ákveðin tækifæri tapast en á sama tíma myndast önnur og því um að gera að grípa þau. Ég vissi að það var mikilvægt fyrir mig að vera skapandi í samkomubanninu,“ segir hún og bætir við að hún fái sinn innblástur að miklu leyti frá litum.

Þá segist Linda finna fyrir



Linda Jóhannsdóttir og samkomubannsmýnd. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Það er frábært að sjá stuðninginn og vonandi komum við bara sterkari út úr þessu.

Linda Jóhannsdóttir, hönnuður

miklum meðbyr með verkefninu og listamönnum í ástandinu sem myndast hefur vegna kórónaveirufaraldursins. „Það er einmitt á svona tímum sem fólk styður extra mikið við íslenska listamenn, sem er frábært,“ segir hún.

„Það skiptir ekki máli hvort það eru myndlistarmenn, hönnuðir, tónlistarmenn, leikarar eða aðrar

skapandi greinar, lífið væri verra án þeirra og held ég að flestir átti sig á því að þetta ástand hefur auðvitað mikil áhrif á þau eins og aðra, en fólk í skapandi greinum er oft með lítil fyrirtæki eða er verktakar þannig að það er lítið öryggi,“ segir Linda.

Hún hefur nú skapað og selt 34 myndir og hyggst halda áfram með verkefnið. „Planið var að gera þetta út samkomubannið, svo var það framlengt svo ég hélt áfram og mun halda áfram að skapa mynd dagsins,“ segir Linda. „Það er frábært að sjá stuðninginn og vonandi komum við bara sterkari út úr þessu,“ segir hún. Mynd dagsins birtist á Instagram síðu Pastelpaper á hverjum degi klukkan 15.

birndrofn@frettabladid.is

**NÝBAKAÐ
BRAUÐ
ALLA DAGA**

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

www.bjornsbakari.is

Gerðu góð kaup

FLEIRI KJARABÍLAR

Á KJARABILAR.IS

Athugið að um er að ræða takmarkaðan fjölda bíla af tilteknum gerðum. Það eru þó fleiri bílar í boði en fram koma í auglýsingunni og þá má finna á www.bl.is/kjarabilar

BJÓÐUM **VALDA NÝJA BÍLA Á KJARABÍLAVERÐI.**
VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG.



KJARAVERÐ
4.990.000 kr.

UHA27

Hyundai Tucson Classic

Dísil, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur

Listaverð: 5.490.000 kr.



KJARAVERÐ
5.090.000 kr.

AVK46 +Bose

Nissan Qashqai Tekna

Dísil, framhjóladrifinn, sjálfskiptur. Reynsluaksturbill

Listaverð: 6.193.000 kr.



KJARAVERÐ
6.290.000 kr.

OYU70

Renault Koleos Intens

Dísil, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur. Nýr bill

Listaverð: 7.190.000 kr.



KJARAVERÐ
4.490.000 kr.

DSR74 100% rafmagn

Nissan Leaf Tekna

Rafmagn, framhjóladrifinn, sjálfskiptur. Nýr bill

Listaverð: 5.150.000 kr.



KJARAVERÐ
4.090.000 kr.

SDL16 100% rafmagn

Renault ZOE Zen

Rafmagn, framhjóladrifinn, sjálfskiptur. Nýr bill

Listaverð: 4.610.000 kr.



KJARAVERÐ
3.590.000 kr.

VPV28

MINI Cooper 5 dyra

Bensín, framhjóladrifinn, sjálfskiptur. Reynsluaksturbill

Listaverð: 4.2450.000 kr.



KJARAVERÐ
12.690.000 kr.

KLM86

BMW X5 30d xDrive

Dísil, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur. Reynsluaksturbill

Listaverð: 14.300.000 kr.



KJARAVERÐ
4.450.000 kr.

BNN69 100% rafmagn

Nissan e-NV200 7 Sæta

Rafmagn, framhjóladrifinn, sjálfskiptur. Reynsluaksturbill

Listaverð: 5.550.000 kr.



KJARAVERÐ
3.690.000 kr.

LFD84

Dacia Duster Comfort

Dísil, fjórhjóladrifinn, beinskíptur. Nýr Bill

Listaverð: 4.190.000 kr.

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanessbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

Aukin eftirspurn meðal Íslendinga eftir húsbílum

SAMFÉLAG Aukin eftirspurn er eftir leigu á húsbílum meðal Íslendinga sem hyggja sennilega margir á ferðalög innanlands í sumar. Steingrímur Birgisson, forstjóri Bilaleigu Akureyrar, segir að undanfarnin ár hafi eftirspurn Íslendinga eftir slíkum farartækjum nánast verið engin svo breytingin sé greinileg.

„Hingað til hefur verið mjög lítið eða ekkert um það að Íslendingar væru að leigja þessa bíla og þessi eftirspurn er því nánast ný af nálinni.



Húsbílar eru oft búnir miklum þægindum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Faraldurinn hefur klárlega haft áhrif á verðið sem og framboðið,” segir Steingrímur.

Hlynur Elfar Þrastarson, framkvæmdastjóri Kúku Campers, tekur undir orð Steingríms um aukna eftirspurn. „Við finnum sannarlega fyrir aukinni eftirspurn frá Íslendingum en Íslendingar hafa í gegnum tíðina ekki verið stór kúnnahópur hjá okkur,” segir hann.

Þá segir Hlynur fyrirtækið bjóða Íslendingum sérkjör á bílum í ljósi

» Það sem af er þessu ári hefur aðeins einn húsbíll verið nýskráður hér á landi.

aðstæðna. „Við höfum því ákveðið að bjóða Íslendingum frábært verð á ferðabílunum okkar í sumar og leggja þannig okkar af mörkum til þess að sem flestir geti átt gott sumar og notað tækifærið og ferðast

um fallega landið okkar,” segir hann.

Birgir segir að farið sé að bera á afbókunum erlendra ferðamanna í júní en að sami hópur eigi mikið af bókunum hjá fyrirtækinu í júlí og ágúst. Það sem af er þessu ári hefur aðeins einn húsbíll verið nýskráður hér á landi samkvæmt upplýsingum frá Samgöngustofu. Á sama tíma hafa 86 hjólhýsi verið nýskráð. Á fyrstu fjórum mánuðum ársins í fyrra voru nýskráð hjólhýsi 89. – bj

Aðgerðapakinn sem beðið var eftir

Ríkisstjórnin hefur samþykkt þrjár tillögur um stuðning við launafólk og fyrirtæki vegna efnahagsörðugleika sem fylgt hafa COVID-19 faraldrinum. Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins segir þetta aðgerðirnar sem ferðapjónustan hafi beðið eftir.

STJÓRN MÁL Ríkisstjórnin samþykkti þrjár tillögur um stuðning við launafólk og fyrirtæki á fundi sínum í gær. Hlutastarfaleið stjórnvalda vegna COVID-19 faraldursins verður framlengd með óbreyttu sniði út júnímánuð. Eftir það mun lágmarksstarfshlutfall verða hækkad úr 25 prósentum í 50 og úrræðið áfram í boði út ágúst.

Einnig verða settar einfaldari reglur tímabundið um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja sem miða að því að fyrirtæki geti komist í skjól á einfaldan hátt á meðan verið er að meta framtíðarhorfur þeirra.

Þá verður fyrirtækjum sem orðið hafa fyrir umfangsmiklu tekjutapi gefinn kostur á að sækja um stuðning úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti.

Stuðningurinn einskorðast við fyrirtæki sem orðið hafa fyrir að lágmarki 75 prósentu tekjufalli og sjá fram á áframhaldandi tekjufall að minnsta kosti út þetta ár. Miða áætlanir stjórnvalda við að um fjórðungur íslenskra fyrirtækja hafi orðið fyrir slíku tekjutapi.

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir aðgerðina í senn hugaða og heilsteypta sem taki á sértækum vanda fyrirtækja sem standa frammi fyrir algjöru tekjufalli. „Þetta er þriðjætt lausn sem gefur fyrirtækjum val og getur leyst vanda fjölda fyrirtækja,” segir hann.

„Hvað varðar ferðapjónustuna og tengdar greinar þá er þetta sú aðgerð sem beðið var eftir. Hún er í senn áhrifarík og vel útfærð að því leyti að það er verið að gefa fyrirheit um að þetta fari inn í þingið 10. maí. Það þarf sterk bein til að lýsa áformum fyrir mánaðamót, sem var rík krafa frá atvinnulífinu þar sem að öll óvissa er slæm, með þessum



Katrin Jakobsdóttir og Bjarni Benediktsson við kynningu aðgerðanna í Safnahúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Forgangsraða áfram sjónarmiðum um heilbrigði og mannlíf

Katrin Jakobsdóttir forsætisráðherra segir að aðgerðirnar séu í takti við þá afstöðu ríkisstjórnar að forgangsraða heilbrigðis-sjónarmiðum og mannlífum.

„Við stjórnnum ekki tímalínu heimsfaraldurs og við stjórnnum ekki nákvæmlega aðstæðum. Við höfum verið meðvítuð um það frá byrjun að við myndum þurfa að vinna þetta eftir því sem þessu vindur fram.”

Varðandi einföldun á reglum um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja telur hún mikil-

vægt að ferlið verði einfaldara en það er nú. „Við erum búin að setja þá vinnu af stað. Við erum að miða við að nákvæmar útfærslur verði komnar fyrir þingið fyrir miðjan maí til afgreiðslu.”

Katrin segir ríkisstjórnina nýta reynslu eftirhrunsarárnanna. „Hlutastarfaleiðin á rætur að rekja til eftirhrunsaðgerða. Annað erum við að gera nýtt í þessum málum. Það hefur auðvitað aldrei verið tekið til þeirra aðgerða að greiða laun við uppsagnarfrest.”

Nágrannaríkin hafa valið ólíkar

leiðir til að takast á við faraldurinn og er staðan á Íslandi núna því ekki alveg sambærileg, að sögn forsætisráðherra.

„Að einhverju leyti er þetta samt nátengt, því meira stopp sem samfélag fer í, því meiri þörf er á efnahagsaðgerðum. Við höfum farið ákveðna millileið í því þegar ég ber til dæmis saman okkar sóttvarnarráðsstafrannir sem hafa vissulega verið strangar, þær hafa ekki gengið eins langt og önnur ríki hafa gert,” segir Katrin Jakobsdóttir.

» Fyrirtækjum sem orðið hafa fyrir miklu tekjutapi er gefinn kostur á að sækja um stuðning úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti.

aðgerðum er þeirri óvissu eytt.”

Davíð Torfi Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslandshótelna, tekur undir með Halldóri. „Þetta mun nýttast fyrirtækjum mjög vel,” segir Davíð. Hefur þetta hjálpað fyrirtækinu að ákveða að halda opnum sjö hótélum af sautján í sumar. „Auðvitað verður árið í engu nema mínustölum en þetta hjálpar okkur að minnka útgjöldin og fyrir vikið verður stór hluti fyrirtækja uppistandandi þegar heimurinn fer að rísa.”

Pétur Gauti Valgeirsson, formaður Leiðsagnar, segir að þetta breyti engu fyrir verkefnaröðna leiðsögumenn.

„Þetta styrkir stöðu fastráðinna leiðsögumanna enn frekar en ekki þá 300 til 600 leiðsögumenn sem eru verkefnaráðnir,” segir Pétur Gauti. „Þeir falla þarna aftur milli skips og bryggju. Vinnuálastofnun getur ekki mætt okkar sérþörfum og ég hef ekki fengið nein viðbrögð frá ráðherrum.”

Í tillögnum er ekki sérstaklega fjallað um félög í skattaskjólum.

Í umræðum á þinginu í gær sagði Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, að brýnt væri að félög sem fengu ríkisaðstoð hefðu ekki notfært sér skattaskjól.

Bergþór Ólason, þingmaður Miðflokksins, sagði að erfitt yrði að draga línuna hvað það varðar, þetta væri að úrlausnir ríkisins væru einfaldari.

arib@frettabladid.is
arnorstein@frettabladid.is

Kostun dagskrárliða 864 milljónir

FJÖLMIDLAR Tekjur Ríkisútvarpsins af kostun dagskrárliða á tímabilinu 2015 til 2019 námu 864 milljónum króna á verðlagi ársins 2019. Þetta kemur fram í svari mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Kolbeins Óttarssonar Proppé, þingmanns Vinstri grænna.

„Ég á eftir að kafa betur ofan í þetta en mér finnst athyglisvert að sjá hve dregið hefur úr kostun á þessum fimm árum. Nýjar auglýsingareglur hafa til dæmis gert það að verkum að dagskrárliðir sem áður voru kostaðir eru það ekki lengur,” segir Kolbeinn.

Árið 2015 námu tekjurnar 210 milljónum en þær fóru lækkanði næstu tvö árin en jukust aftur 2018. Á síðasta ári lækkuðu þær nokkuð og voru 121 milljón.

Í svarinu kemur fram að langmestur hluti kostaðs efnis séu íþróttæfni, stórviðburðir og leikið



Kolbeinn Óttarson Proppé alþingismaður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

» Langmestur hluti kostaðs efnis hjá RÚV er íþróttæfni, stórviðburðir og leikið íslenskt efni samkvæmt svari mennta- og menningarmálaráðherra.

íslenskt efni. Ekki er flokkað í bókhalda RÚV hvort það eru fyrirtæki, samtök eða einstaklingar sem kosta efni.

Þá spurði Kolbeinn hvort kostun Samtaka fjármálfyrirtækja og Landssamtaka lífeyrissjóða á fræðsluþætti um fjármál fyrir ungt fólk samræmdest reglum RÚV. Ráðherra upplýsir að kostun þáttarinnar hafi numið 1,4 milljónum en tekur ekki afstöðu til spurningarinnar þar sem Fjölmiðlanefnd sé með málið til athugunar. – sar



HOKUS POKUS
hokuspokus.is

s 551 7955

Margnota Andlitgrímur
Verð: 490 Kr



Varnar innöndun á dropum vegna hósta eða tals annara

Varnar því að aðrir andi inn dropum frá þér

Varnar gegn smiti vegna eigin andlitssnertina

Heildsölubirgðir

Það er alltaf stutt í þægilega bankaþjónustu

Borga reikninga

Sækja um Núlán

Byrja sparnað

Millifæra

Frysta kort

Sækja um greiðslukort

Fá yfirsýn yfir fjármálin

Kaupa tryggingar

Stýra yfirdrætti

Dreifa greiðslum

Skoða rafræn skjöl

Finna pinnið

Skipta um aðgang

Borga með símanum

Koma í viðskipti

Þjónustuversskilaboð



Þú finnur allt á einum stað í Arion appinu

Svo er þjónustuverið okkar opið alla virka daga **kl. 9-17** í síma **444 7000**.

Ef erindið krefst afgreiðslu í útibúi bófum við fund og klárum málið þar.



Ársfundur 2020

Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar verður haldinn miðvikudaginn 13. maí kl. 12.30 í húsakynnum Brúar lífeyrissjóðs, Sigtúni 42, Reykjavík.

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur 2019
3. Tryggingafræðileg athugun
4. Fjárfestingastefna sjóðsins kynnt
5. Tilnefning stjórnarmanna og varamanna
6. Kynning á breytingum samþykta sjóðsins
7. Önnur mál

Allir sjóðfélagar sem og fulltrúar launagreiðenda og viðkomandi stéttarfélag eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum.

Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn en óskað er eftir að þeir tilkynni mætingu til sjóðsins á netfangið lifbru@lifbru.is eða í síma 5400700.

Reykjavík, 28. apríl 2020

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar

Yfirlit yfir afkomu ársins 2019

Breyting á hreinni eign í m.kr.	2019	2018
Iðgjöld	2.969	2.780
Lífeyrir	-5.393	-4.988
Hreinar fjárfestingatekjur	6.676	4.561
Rekstrarkostnaður	-193	-200
Breyting á hreinni eign	4.059	2.153
Hrein eign frá fyrra ári	78.815	76.662
Hrein eign til greiðslu lífeyris	82.874	78.815
Efnahagsreikningur í m.kr.		
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	11.078	8.723
Skuldabréf	70.052	69.815
Kröfur	233	182
Handbært fé	1.853	437
Ýmsar skuldir	-342	-342
Hrein eign til greiðslu lífeyris	82.874	78.815
Kennitölur		
Nafnávöxtun	8,4%	5,8%
Raunávöxtun	5,5%	2,4%
Raunávöxtun 5 ára meðaltal	4,0%	3,7%
Raunávöxtun 10 ára meðaltal	3,7%	3,5%
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar	24,2%	19,8%
Virkir sjóðfélagar	290	343
Fjöldi lífeyrisþega	3.473	3.254
Sjóðfélagar í árslok	16.210	16.397

Allar fjárhæðir í milljónum króna.

Á árinu 2019 greiddu að meðaltali 290 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins og námu heildariðgjöld ársins 2.970 m.kr. með aukaframlagi launagreiðenda. Að meðaltali fengu 3.473 einstaklingar greiddan lífeyrir frá sjóðnum og nam hann 5.393 m.kr. Rekstrarkostnaður ársins var 193 m.kr. Hreinar fjárfestingatekjur ársins voru 6.676 m.kr. Nafnávöxtun sjóðsins var 8,4% en raunávöxtun 5,5%. Hrein eign til greiðslu lífeyris hækkaði um 4.059 m.kr. á árinu og nam 82.874 m.kr. í árslok. Tryggingafræðileg athugun sjóðsins sýnir að heildareignir sjóðsins umfram skuldbindingar eru um 25.521 m.kr. Enginn starfsmaður var á launaskrá hjá sjóðnum en Brú lífeyrissjóður hefur annast rekstur sjóðsins frá 1998.

Í stjórn sjóðsins sitja:

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður stjórnar,
Ása Clausen, Janus Arn Guðmundsson,
Rannveig Ernudóttir og Þorgrímur Hallgrímsson

Framkvæmdastjóri:

Gerður Guðjónsdóttir



Lífeyrissjóður
starfsmanna Reykjavíkurborgar

Mikill hallarekstur hjá Seltjarnarnesbæ

Uppsafnaður hallarekstur Seltjarnarnesbæjar er meira en 600 milljónir króna á fimm árum. Nýlega var gerð óháð úttekt á rekstri bæjarins. Oddviti í minnihluta segir bagalegt að fara inn í afleiðingar faraldursins í svo slæmri stöðu.

SELTJARNARNES Mikill halli hefur verið á rekstri Seltjarnarnesbæjar undanfarnin ár en bærinn stendur um þessar mundir í miklum framkvæmdum. Bæjarstjóri segir að verið sé að bregðast við vandanum en Seltjarnarnes sé ekki verr í stakk búið en önnur sveitarfélög til að takast á við afleiðingar COVID-19. Minnihlutinn segir óráðsú hafa ríkt í fjármálum bæjarins og harmar þá stöðu sem bærinn hafi verið kominn í í aðdraganda faraldursins. „Það er mjög svekkjandi að hafa farið í gegnum einhverja mestu hagsveiflu Íslandssögunnar án þess að spara krónu til að geta brugðist við á erfiðum tímum eins og núna,“ segir Karl Pétur Jónsson, oddviti Viðreisnar og Neslista, sem lagði nýlega fram bókun um alvarlega stöðu bæjarsjóðs, ásamt Samfylkingu. Almennt séð hefur rekstur sveitarfélaga batnað á Íslandi undanfarnin ár. Uppsafnaður halli A- og B-hluta Seltjarnarness frá árinu 2015 sé hins vegar nú um 630 milljónir króna.

Miklar framkvæmdir eru nú í bænum, nýtt hjúkrunarheimili var byggt og íþróttamiðstöð endurbýdd að hluta. Þá sé fyrirhugað að byggja sambýli fyrir fatlaða og 300 barna leikskóla. Telur Karl óhjákvæmilegt að hækka skatta tímaþundni til að mæta þessu, en jafnvel það dugi ekki til, og geti ekki gerst á þessu fjárhagsári vegna ástandsins. Á Seltjarnarnesi er útsvarsprósentan 13,7 en Karl miðar við Kópavog, Hafnarfjörð og Mosfellsbæ þar sem hún er 14,48.

Í febrúar var birt skýrsla sem bæjarstjórn fól HLH ráðgjöf að gera um rekstur bæjarins og tillögur að hagræðingu. Ef árið 2018 er tekið fyrir for eignasjóður 109 milljónir fram yfir fjárheimildir, fræðslumál 105 milljónir og félagsþjónustan 55. Kemur meðal annars fram að aðeins eitt sveitarfélag hafi haft lægri skatttekjur á hvern íbúa árin 2017 til 2018, spilar þar lágur fasteignaskattur inn í.

Kemur fram að stöðugildum hefur fjölgað langt umfram íbúafjöldun en einnig að „annar rekstrarkostnaður“ sé hæstur á landinu.

Í skýrslunni kemur fram að skuldir hafi hækkað mikið undanfarið og að skuldahlutfall hafi verið



Meðlæti í kaffitímum kostaði Seltjarnarnesbæ 7 milljónir króna árið 2018. Ein tillagana skýrslunnar er hagræðing í þessum þætti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þegar óvissan er svona mikil í fjármálunum er ekki hægt að byggja upp framtíðarsýn um þjónustuna.

Karl Pétur Jónsson, oddviti Viðreisnar og Neslista



sveitarfélögin. Þetta verður erfitt og vonandi kemur ríkið inn með stuðning. „Í skýrslunni eru alls 66 tillögur. „Við erum að skoða þessar tillögur og þær eru nú í vinnslu hjá sviðsstjórum bæjarins. Við höfum þegar breytt skipuritinu og fækkað um tvö svið,“ segir hún.

Tillögurnar eru stórar og smáar, allt frá endurfjármögnun lána til kaupa á meðlæti í kaffitímum, sem námu 7 milljónum árið 2018.

„Mér sýnist að þó að farið verði í allar þessar aðgerðir muni það ekki duga til að vinna á hallarekstrinum, og þá á eftir að gera ráð fyrir skakkaföllum af völdum COVID-19,“ segir Karl Pétur. Jafnframt að sumar þeirra séu mjög róttækar og væru síst til þess fallnar að auka ánægju íbúa.

„Fólk gerir þá kröfu að reksturinn sé í lagi og þannig hefur það lengst af verið. Sömuleiðis gerir það kröfu um mjög vandaða þjónustu, fyrir börn, eldri borgara og fatlaða. Þegar óvissan er svona mikil í fjármálunum er ekki hægt að byggja upp framtíðarsýn um þjónustuna. Fólk sér þetta, göturnar eru ekki malbikaðar, skólabyggingin búin að liggja undir skemmdum lengi og fleira,“ segir hann. kristinnhaukur@frettabladid.is

Fékk sér húðflúr af sænska sóttvarnalækninum

SVÍÞJÓÐ Svíar hafa vakið athygli fyrir að taka á COVID-19 faraldrinum með vægari aðgerðum en nágrannaþjóðirnar. Er tala látinna há í landinu og hefur sóttvarnalæknirinn Anders Tegnell hlotið töluverða gagnrýni fyrir. Hann á þó sína aðdáendur eins og Gustav Lloyd Agerblad sem fékk sér húðflúr til heiðurs Tegnell.

„Ég vil bera húðflúr sem hafa einhverja þýðingu fyrir sjálfan mig,“ segir Agerblad, sem er 32 ára gamall og frá Stokkhólmi, við fréttastofuna AFP. „COVID-19 verður ávallt hluti aflífi mínu.“

Húðflúrslistamaðurinn Zashay Tastas sá um að setja myndina á vinstri upphandlegg Agerblads á mánudag í síðustu viku. En Tastas hafði áður auglýst hana á samfélagsmiðlum, hugsaða sem tímabundið húðflúr. Agerblad vildi hins vegar hafa Tegnell á arminum til lífstíðar.

Agerblad er ekki eini aðdáandi Tegnell í Svíþjóð heldur á hann dyggan hóp stuðningsmanna sem sýna það í verki. Stofnaður var



Tastas flúrar Agerblad. MYND/AFP

Facebook-hópur er kallast „Við styðjum Anders Tegnell og félag“ sem 85 þúsund manns hafa gengið í. 29 þúsund manns eru í hópnun „Aðdáendaklúbbur Anders Tegnell“. Þá hafa verið prentaðir

stuttermabolir og plaköt með andliti sóttvarnalæknisins á.

Þegar Tegnell var spurður um húðflúrið hló hann og sagði að Agerblad yrði að taka ábyrgð á eigin flúrnum. – khg

DEWALT Á HEIMA HJÁ SINDRA...

HÖRKUTÓL Á TILBOÐI



Verslaðu á netinu SINDRI.IS

TILBOÐ

SEXVÉLA SETT

Ný gerð af vinsæla 6 hluta settinu. Allt kolalaus verkfæri. Fjölnota sög, hjólsög, slípirokkur, borrvél, SDS+ borrvél, skrufvél, hleðslutæki og 3x Rafhlöður 18V 5Ah

vnr 94DCK685P3T

189.900 m/vsk

Fullt verð 225.874



TILBOÐ

HLEÐSLUBORVÉL 18V

Tvær 18V 2.0 Ah rafhlöður. Hersla: 70Nm. Snúningshraði: 550/2000 sn/mín. Kemur í T-STAK tösku. Hleðslutæki fylgir.

vnr 94DCD791D2

39.900 m/vsk

Fullt verð 46.800



KAUPAUKI

BITASETT

Í KAUPBÆTI



TILBOÐ

GEIRUNGSSÖG 216MM

Afl: 1400 W
Snúningshraði: 6300 sn/mín
Blaðastærð: 216 mm
Mesta skurðargeta: 250 x 62mm
Pyngd: 11.5v kg

vnr 94DWS774

55.700 m/vsk

Fullt verð 62.575



KAUPAUKI

ÞRjú AUKA BLÖÐ

Í KAUPBÆTI



TILBOÐ

LÍNULASER 360° GRÆNN 10.8V

4 X Sjáanlegri en Rauður geisli
3 X 360°
Vatns- og rakavarinn IP65
Prófaður fyrir 2m fall
10.8V 2.0 Ah Rafhlaða
og hleðslutæki

vnr 94DCE089D1G

87.900 m/vsk

Fullt verð 95.719



TILBOÐ

BORÐ FYRIR GEIRUNGSSAGIR



vnr 94DF7023

29.900 m/vsk

Fullt verð 39.900

TILBOÐ

SLÍPIROKKUR MED AFSOGI 1500W



vnr 94DWE4257KT

51.500 m/vsk

Fullt verð 63.430

TILBOÐ

VELTISÖG

Þessi veltisög er búin að vera framleidd í nánast óbreyttri mynd síðastliðna þrjú áratugi. Afl: 2000 Wött
Blaðastærð: 250mm
Pyngd: 37 Kg



vnr 94DW743

99.900 m/vsk

Fullt verð 119.789

TILBOÐ

HLEÐSLUBORVÉL 12V




vnr 94DCD701D2

26.900 m/vsk

Fullt verð 40.655

TILBOÐ

SLÍPIROKKUR 900W



vnr 94DWE4157

10.900 m/vsk

Fullt verð 15.176

*Kaupaukar í boði á meðan birgðir endast með fyrirvara um prentvillu
Tilboð gilda til 15. maí eða á meðan birgðir endast

www.sindri.is / sími 575 0000

Skútuvogi 1 - Reykjavík | Viðarhöfða 6 - Reykjavík | Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður | Bolafæti 1 - Reykjanesbæ

SINDRI

Erfiða leiðin



Adalheiður Ámundadóttir
adalheiður@frettabladid.is

Það er eins og tíminn standi í stað og enginn viti í hvaða átt vísar klukkunnar muni snúast þegar þeir hrökkva í gang. Mun Laugavegurinn einhvern tíma íða aftur af lífi? Verður aftur hægt að rölja í kvöldhressingu þó klukkan sé orðin margt og velja milli morgun- og kvöldvélarinnar til heimsborganna í kringum okkur? Eða munu samfélög lokast og heimurinn skreppa saman í smásálarleg nærumhverfi sem líta gesti hornauga? Við vonum það besta en óttumst það versta. Við óttumst að uppbygging opnara samfélags og frjálsari heims hafi hrunið og næstu áratugir fari í að lifa með tjóninu.

Alþjóðasamstarf hefur sjaldan verið jafn áriðandi og nú. Það er upp á líf og dauða að deila gögnum og rannsóknum, læra hvert af öðru og samræma aðgerðir þegar landamæri opnast.

En nú bregðast öflugustu heimsveldin. Átök milli Kína og Bandaríkjanna hafa orðið til þess að í fyrsta skipti frá stofnun Sameinuðu þjóðanna næst ekki samstaða um viðbrögð við alheimsvá. Öflugasta ríki heims segir Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni stríð á hendur og G7-fundir leysast upp í vitleysu af því sama ríki vill kenna vírusinn við Wuhan en ríkið sem Wuhan tilheyrir vill síður gera það að aðalatriði.

Popúlistar reyna að kenna útlendingum um að dreifa vírusnum og nýta neyðarástandið til að þrýsta á harðari innflytjendastefnu og skerðingu frelsis og mannréttinda.

Það er á vissan hátt í sama anda sem sum okkar fagna fásinninu. „Loksins er pláss fyrir mig,“ hugsa eflaust einhverjir sem eiga því ekki að venjast að fá bílastæði á miðjum Laugavegi og fagna því að þurfa ekki að bíða eftir borði á uppáhaldsveitingastaðnum sínum. Þau gleyma að veitingastaðurinn væri alls ekki til nema af því við höfum tekið á móti milljónum ferðamanna á hverju ári sem hafa stuðlað að þeirri fjölbreyttu þjónustu sem Íslendingar hafa notið í sínu eigin landi á undanföllum árum, líkt og þeir væru staddir í miðri París eða Róm.

Lýðræðislegir stjórnarhættir eru að mörgu leyti erfiðasta leiðin. Þeir krefjast þess að rúm sé gefið fyrir samtal og gagnrýni áður en niðurstöðu er náð og ákvörðun um næstu skref tekin. Þetta er evrópska leiðin. Margt bendir nú til þess að Evrópa muni þurfa að taka að sér það leiðtogahlutverk á alþjóðavettvangi sem Bandaríkin gegndu áður og ef marka má viðbrögð leiðtoga sambandsins, samhug og stórhug hefur heimsbyggðin ýmis tilefni til bjartsýni.

Utanríkisráðherra Evrópusambandsins sagði nýverið að á tímum sem þessum væri nauðsynlegt að staldra við og líta yfir farinn veg.

Við Íslendingar ættum að þiggja þetta heilræði, horfa á heimsmyndina sem blasir við og hugsa okkar gang. Í stuttu máli erum við nýbúin að gera viðskipta-samning við Kína, við höfum stóreflt samskipti okkar við Breta og Bandaríkjamenn en beinlínis hafnað, með sérstöku bréfi, nánara sambandi við Evrópusambandið. Það er sorgleg afstaða þjóðar sem hefur jafn mikið að gefa af sér á alþjóðavettvangi.



Lýðræðislegir stjórnarhættir eru að mörgu leyti erfiðasta leiðin.

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Auglýsingaefnið lendir á eldhúsbordinu þegar blaðið er opnað!

93.000 Íslendingar lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma **550 5050** eða sendu tölvupóst á **orn@frettabladid.is**.

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.



FRÉTTABLAÐID – MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

Halldór



Frá degi til dags

Sprellifandi

Mikið hefur verið skrafað um mögulegt andlát Kim Jong-Un, einræðisherra Norður-Kóreu. Óstaðfestar heimildir hermu fyrst að hann væri látinn. Er Suður-Kóreumenn nú búnir að hughreysta heimsbyggðina og segja að Kim vilji bara ekki láta sjá sig þar sem hann kemst ekki í klippingu enda krefst hárgreiðsla Kims tíðra rakaraferða.

Við Íslendingar þekkjum vel til svona tilfella þar sem óvist er hvort eitthvað sé lífs eða líðið. WOW 2.0 er alltaf á leiðinni í loftið, jafnvel í þessum töluðu orðum. Play Air, líkt og sá norðurljósi, er líklega sprellifandi og mun sjást opinberlega á næstunni.

Orkupakki, já takk

Geta nú flestir verið sammála um að COVID-19 faraldurinn sé orðið þreyttasta fyrirbæri í manna minnum hér á landi? Fyrir tveimur vikum tók það fram úr „Essasú“. Í síðustu viku varð það þreyttara en „Já, sæll“. Og í gær náði það að jafna verðbólguhrauginn.

Pingmaðurinn Ólafur Ísleifsson veit hverju við þurfum á að halda.

Í gær lagði hann fram fyrirspurn um stöðuna á fjórða orkupakkanum. Er margir landsmenn orðnir svo leiðir á COVID að þeir geta ekki beðið eftir að orkupakkinn fari aftur á flug. arib@frettabladid.is

„Erum öll ferðapjónusta“ – Framtíðarsýn



Ymir Björgvin Arthúrssón
frumkvöðull og gourmet guide



Auka ætti framlag til rafræna gjafabréfsins svo um munar, enda fer hver króna til baka til samfélagsins og eykur lífslíkur ferðapjónustuaðila.

Á síðustu 10 árum hefur áður óþekkt samspil ægifagurra og óspilltra náttúru, gestrisni, sagnaleði, framtakssemi, hugmyndafrjóvgi, matar og menningar skilað okkur ánægðum erlendum gestum sem og stærstu tekjulind þjóðarinnar. Þetta hefur birst í mörgum myndum, svosem heimsfrægri tómatsúpu Friðheima, nýjum veitingastöðum, kaffihúsum og ævintýraferðum alls kyns, svo eitthvað sé nefnt. Þetta skóp litríkara líf og mikil lífsgæði fyrir okkur öll. Vöxturinn var hraður og kapphlaup að mæta mikilli eftirspurn. – Svo slókkta veiran öll ljós.

Allir ættu að sjá hag í að koma í veg fyrir að við töpum hvorki þessum verðmætum né lífsgæðum. Sértek úrræði í ferðapjónustu eru því lífsnauðsynleg, ekki síst fyrir litil og meðalstór fyrirtæki og einyrkja sem hafa verið „framvarðasveit greinarinnar“. Öll þessi litríku fyrirtæki og skrýtna og skemmtilega fólk hafa kappkostað að bjóða persónulega þjónustu og viðmót. Yfir sig gláðir ferðamenn hafa málað margar fallegar minningar á lífsins striga.

Rafrænt gjafabréf til Íslendinga er frábær hugmynd og lofsvert framtak og skref í rétta átt en betur má ef duga skal. Auka ætti framlag til rafræna gjafabréfsins svo um munar, enda fer hver króna til baka til samfélagsins og getur fleytt ferðapjónustuaðilum í gegnum tímabilið þar til erlendir gestir geta heimsótt okkur á ný.

Verkefnið er þó aldrei einfalt. Við verðum að móta okkur sérstöðu til að ná forskoti í samkeppni á heimsvísu. Líta þarf í baksýnisspegilinn og læra af fyrri mistökum. Byggja á því sem vel var gert með hagsmuni heimamanna og erlendra gesta í huga. Þannig verður áfangastaðurinn Ísland meira spennandi en nokkru sinni áður þegar ferðamenn fá aftur að fara á stjá. Án efa setur stór hópur ferðamanna Ísland efst á óskalistann í ljósi öryggis, hreinlætis og ósnortinna víðerna.

Við sitjum að stórkostlegum auðlindum en ef bjarga á verðmætum og sem flestum störfum, þurfum við sameiginlegt átak enda erum við jú „öll ferðapjónusta“.

Ferðumst innanlands



María Manda Ívarsdóttir
leidsögumaður, hönnuður, listakona

Ég beið með óþreyju eftir seinni pakka ríkisstjórnarinnar og vonaði að þau kæmu með einhver sértæk úrræði fyrir ferðabjónustuna, en það kom ekki. Auðvitað geta mörg fyrirtæki nýtt sér þau úrræði sem hafa verið boðuð, eins og ég sjálf, en þetta verður þungur róður fyrir marga. Um leið og þátturinn var búinn hringdi mágur minn í mig: „Ég myndi borga 400.000 kall fyrir flottan pakka hér innanlands ef hann væri í boði.“ „Já, svaraði ég, 400.000?“ Nokkur hvatningarorð um að útbúa þessa pakka svo ég hefði eitthvað að gera þar sem vinnan mín lagðist niður 14. mars. „Það þýðir ekkert að sitja bara og bíða eftir að ríkisstjórnin geri eitthvað. Ef menn ætla að lifa þetta af, verða þeir að setja út klærnar og klóra sig í gegnum þetta.“ „Já, já, en ég hef ekki leyfi til að útbúa pakka og selja. Svo er ég viss um að menn eru að hugsa eitthvað í þessa átt.“

En þá hvarflaði að mér, að nokkrir í kringum mig hefðu ætlað í þrjár utanlandsferðir á þessu ári. Eitthvað kostar það! Hvað ætli það séu margir Íslendingar sem hafa prófað sæþotur, fjórhjól eða snjóslæða? Farið í hraunhella, fræðst um

hvernig þeir urðu til, skoðað litina og upplifað myrkrið? Farið upp á jökul í ishelli eða siglt á Jökulsárlóni? Eru ekki fleiri sem kannast við að keyra fram hjá Skógum og segja: „En hvað fossinn er flottur og svo hef ég heyrt að safnið hérna sé frábært.“ keyra áfram og ætla að stoppa næst. Í staðinn fyrir að finna úðann frá fossinum á andlitinu og hlusta á kraftinn í vatninu, reyna við tröppurnar, snæða súpu og brauð. Hlusta á sögurnar um fólkíð í landinu sem lifði við miklu verri kjör en við gerum í dag og skoða þetta ótrúlega safn sem geymir hluti eins og bíla, síma, veidarfæri, hús, klæðnað og margt, margt fleira. Hvað eru margir sem hafa heimsótt steinasafn Petru fyrir austan, farið í hvalaskoðun og dorgað eftir þorski í Eyjafirði, kynnst verkun hákarls og smakkað og bætt svo bragðið með vöfllu og rjóma? Skoðað hríkalegu klettana í kringum landið, gengið um Dimmuborgir eða upp á Grábrók? Fræðst um eldvirknina í Lava Centre eða um íslenska hestinn og klappað inni í hesthúsi eða farið í reiðtúr? Hvað hafa margir Íslendingar ferðast og fræðst um landið í rútu, upplifað allt þetta og margt fleira á einum degi með góðu hlaðborði í hádeginu, þriggja rétta máltíð um kvöldið, látið líða úr sér í heitum potti og gist í fallegu herbergi, tjaldi eða húsbíl? Ég held nefnilega að það séu ekki margir.

Öll þessi afþreying er nú þegar til, „pakkin“ er til og prófaður á útlendingum. Nú er komið að okkur að njóta. Núna þurfa allir ferðabjón-



Ég er ekki að segja að við förum inn í lundabúðir til að kaupa lopapeysur en bærinn er fullur af frábærum veitingastöðum, gallerium, söfnum og annarri upplifun sem við hljótum að geta nýtt „5000 kallinn“ í sem við fáum frá ríkinu.

ustuaðilar sem byggt hafa upp þessa frábæru upplifun að nýta samböndin og snúa vörn í sókn. Bjóða okkur Íslendingum þessar pakkaferðir, upplifanir og afþreyingu. Nýtum nokkrar milljónir sem við ætlum í markaðssetningu erlendis í að markaðssetja innanlands. Túrístinn kemur! Ekki nokkur vafi, en þangað til eigum við landið „só tú spik“ allavega í ár og kannski það næsta.

Hvað eru margir Reykvikingar hættir að fara niður í bæ, af því þar eru ekkert nema túristar? Já, núna erum við búin að fá bæinn okkar til baka. Ég er ekki að segja að við förum inn í lundabúðir til að kaupa lopapeysur en bærinn er fullur af frábærum veitingastöðum, gallerium, söfnum og annarri upplifun sem við hljótum að geta nýtt

„5.000 kallinn“ í sem við fáum frá ríkinu. Ég vil leggja til, að þeir sem ekki nýta tékkann megi framselja hann til þeirra sem ætla að ferðast. Þannig geta til dæmis ömmur og afar styrkt ungar barnafjölskyldur í að ferðast í sumar.

Á öllu landinu er í boði ótrúlega vönduð og fagleg þjónusta, alls konar skemmtileg afþreying og miklu, miklu meira en það sem ég nefni hér.

Já, við þurfum að aðlaga þetta Íslendingum og já, við þurfum að lækka verðið, allavega tímabundið. Ísland er svo magnað land og það er, afsakið orðbragðið, ógeðslega gaman að vera túristi á Íslandi!

Þegar innanhússferðum okkar lýkur, ferðumst þá innanlands og prófum allt þetta sem er í boði... áður en túristinn kemur aftur.

Lely Center Ísland

Flott hliðgrind á lóðina þína!

Hliðgrindur - Ýmsar stærðir

Númer	Lýsing	Verð án vsk.	Verð m/vsk.
F000 2147 03	Hlið 7 slár 91.5 cm x 114 cm	kr. 12,899	kr. 16,973
F000 2147 04	Hlið 7 slár 122 cm x 114 cm	kr. 14,964	kr. 19,689
F000 2147 05	Hlið 7 slár 152.5 cm x 114cm	kr. 16,526	kr. 21,745
F000 2147 06	Hlið 7 slár 183 cm x 114 cm	kr. 18,071	kr. 23,776
F000 2147 07	Hlið 7 slár 213 cm x 114 cm	kr. 19,617	kr. 25,821
F000 2147 08	Hlið 7 slár 244 cm x 114 cm	kr. 24,278	kr. 31,945
F000 2147 10	Hlið 7 slár 305 cm x 114 cm	kr. 28,178	kr. 37,076
F000 2147 11	Hlið 7 slár 335 cm x 114 cm	kr. 33,785	kr. 44,454
F000 2147 12	Hlið 7 slár 366 cm x114 cm	kr. 34,980	kr. 46,026
F000 2147 13	Hlið 7 slár 396.5 cm x 114cm	kr. 36,858	kr. 48,497
F000 2147 14	Hlið 7 slár 427 cm x 114cm	kr. 41,531	kr. 54,646
F000 2147 15	Hlið 7 slár 457 cm x 114cm	kr. 42,135	kr. 55,441
F000 2147 16	Hlið 7 slár 488 cm x 114 cm	kr. 47,122	kr. 62,003
F017 2002 46	Staur 2,4m m/ læsigati +2 eyru	kr. 15,857	kr. 20,865
F017 2002 47	Staur 2,4m 89 mm 4 eyru	kr. 16,899	kr. 22,236



Gerðisgrindur

Gerum tilboð í magn eftir teikningum



Reykjavík Krókháls 5f – Sími 414 0000 // Akureyri Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

TÍMAMÓT

Sanka að mér heimsálfunum

Guðrún Björg Ingimundardóttir lifir ævintýralegra lífi en margur annar. Hún hefur haldið sig fjarri heimahögum og fengist við kennslu og nám. Nú er hún í Sao Paulo í Brasilíu, þar opnaði hún unglingaskóla síðasta haust en starfsemin liggur niðri vegna COVID.

Hér bauðst mér það tækifæri að byggja upp unglingadeild í enskumælandi skóla frá grunni og fá að móta hana eftir þeirri sýn sem ég hef á menntun og kennslu fyrir unglunga. Skólinn var opnaður í ágúst á seinasta ári, ég er sviðsstýra og kenni jafnframt ensku og lífsleikni," lýsir Guðrún Björg Ingimundardóttir, sem stödd er í Sao Paulo í Brasilíu.

Til Brasilíu segist Guðrún hafa flutt frá Gabon, þar sem hún hafi verið deildarstýra og enskukennari í alþjóðlegum skóla í Libreville. „Ég átti þrjú góð ár þar en áður varði ég þremur árum í Malasíu þar sem ég var frönskukennari í alþjóðlegum skóla, meðfram meistaranámi í enskukennslu. Þar áður var ég í BA-námi í Frakklandi og skiptinemi þar áður í Ástralíu. Sanka svona að mér heimsálfunum smátt og smátt," segir hún glaðlega þegar hún er beðin um að lýsa ferli sínum síðustu ár.

Guðrún viðurkennir að það sé heljarátak að opna skóla, ráða kennara, móta námskrá, sjá um unglunga og allt sem fylgir því að reka skóla frá degi til dags. „En kennsla er besta vinna í heimi!" tekur hún þó fram. Í frístundum kveðst hún hafa stundað hálfmaraþon og hlaupakeppnir sér til skemmtunar, áður en slíkt sport var blásið af vegna COVID-19. „Ég er líka búin að ná ágætum tókum á portúgólskunnunni, svo ég hef gaman af að hlusta á hlaðvarp og lesa bækur til að læra meira um Brasilíu á tungumáli sem ég kunnir ekki stakt orð í fyrir ári síðan."

Ber potta þegar Bolsonaro talar

Spurð hvort stjórnskipulag Bolsonaro snerti hana svarar Guðrún: „Já og nei. Sem betur fer hafa ríkisstjórnir líka völd og João Doria, ríkisstjóri Sao Paulo, hefur gætt varúðar, hann lokaði skólum og búðum um miðjan mars þó Bolsonaro sé óður í að opna allt aftur. Fólki fer almennt út á svalir og stundar panelaço, ber á potta og pönnur til að skapa gríðarlegan hávaða meðan Bolsonaro ávarpar þjóðina. Þá finnur maður glögg að ákvarðanir hans eru ekki vinsælar og fólk vill fara varlega frekar en hitt á meðan veiran herjar á samfélagið."

Þar sem Guðrún er tímabundið með hund í pössun og býr í stórrí blokk kveðst hún ekki hafa náð að vera í algjörrri einangrun. „En fyrir utan tvær ferðir á dag út með hundinn og eina á viku í búð, utan háannatíma, fer ég ekki langt. Sao Paulo er mjög framarlega þegar kemur að heimsendingu og netkaupum svo ef til þess kæmi ætti ég hægt um vik með að fara í algjöra einangrun, en ég vona reyndar að það gerist ekki."

Brassar góðhjartaðir

Ástandið er verra í Brasilíu en í öðrum löndum Suður-Ameríku að sögn Guðrúnar. Lítið um próf, skimun og rakningu og mjög líklegt að allt fari úr böndunum fyrir en síðar. „Sem betur fer virðast fá smit inni í landi, þar sem mikið er um frumbyggja en tölurnar eru háar í Sao Paulo, Rio, Manaus og í borgum á



Fólk fer almennt út á svalir og stundar panelaço, ber á potta og pönnur til að skapa gríðarlegan hávaða meðan Bolsonaro ávarpar þjóðina. Þá finnur maður glögg að ákvarðanir hans eru ekki vinsælar og fólk vill fara varlega frekar en hitt meðan veiran herjar á samfélagið.

norðausturströndinni. Opinber heilbrigðisþjónusta er almennt léleg svo þetta er erfitt ástand og aðgerða- og skeytingarleysi forsetans bætir ekki úr skák."

Samt telur Guðrún COVID-19 ekki hafa haft ógnvænleg áhrif á líf hennar. „Fólk gengur almennt um með grimur og þvær sér oft. En ég, eins og margir aðrir, hef áhyggjur af þeim sem búa í fátækrahverfunum, þar verður fólk að fara út og finna sér vinnu eða selja vörur, auk þess sem aðgangur að vatni er víða takmarkaður og erfitt að forðast smit. Brassar eru þó almennt góðhjartað fólk svo alls konar hjálparstarfi hefur verið komið á nú á þessum tímum. En betur má ef duga skal og auðvitað þarf að bæta samfélagið í heild sinni. Þó að styrkjum til fólks í þessum aðstæðum hafi verið komið á þarf meira til svo að smíthætta minnki og fólk fái þá þjónustu sem það þarf."

Í fjarbúð í tvö ár

Guðrún býst við að staldra lengur við í Brasilíu en í fyrri löndum, vegna þess að hún vill ekki sleppa hendi af draumadjobbunni. „Takmarkið er líka að unnusti minn flytji til mín, hann er kennari í alþjóðlegum skóla í Tógó núna. Við höfum þreyð þorrann í fjarbúð í bráðum tvö ár en nú er komið gott, sérstaklega þar sem flestöll landamæri eru lokuð. Vanalega höfum við náð að hittast á jolum, á sumrin og um páskana, samsagt þegar við erum ekki í kennaraverbúð."

Að íslenskum síð er Guðrún að lokum spurð um veðrið. „Samkvæmt dagatalinu á að vera farið að hausta en hér eru enn milli 25 og 30 gráður og brakandi blíða. Það er sundlaug og líkamsrækt í blokkinni minni en þar sem öll sameiginleg rými eru lokuð núna vegna veirunnar læt ég mér nægja að stikna á svölunum meðan þessi veðurblíða varir. Ég bý í úthverfi og er svo heppin að þurfa ekki að hjóla langt til að komast út í guðsgræna náttúruna, sem eru algjör forréttindi í rísa-stórri borg eins og Sao Paulo."

gun@frettabladid.is



„Fyrir utan tvær ferðir á dag út með hundinn og eina á viku í búð, þegar rólegt er, fer ég ekki langt," segir Guðrún Björg sem hlustar á hlaðvarp og les sér til dægrastyttingar. MYND/ADSEND



Guðrún að fiflast í drullu með samkennurum áður en veiruástand skall á.



Elskulegur eiginmaður,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
Ólafur S. Guðmundsson
pípuþingameistari,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir
að morgni 16. apríl. Hjartans þakkir til
starfsfólksins á Eir fyrir góða umönnun.
Útför hans fór fram í kyrrþey.

Sigurbjörg Smith

Sigurbjörg E. Ólafsdóttir Jón Halldór Bergsson
Axel Ó. Ólafsson
Einar W. Ólafsson Birna Reynisdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Kærleiksrik eiginkona mín,
móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Sigrún Kristbjörg Árnadóttir
Fróðengi 11, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi
fimmtudaginn 16. apríl.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Sveinn Indriðason

Sigurður Rúnar Sigurjónsson Gunnella Ólafsdóttir
Ástís Sveinsdóttir Þorvaldur Viðir Þórsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar,
Ása Jónsdóttir
kennari,
Fífuhjalla 1, Kópavogi,

lést þann 23. apríl 2020. Útförin fer fram
í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Fyrir hönd fjölskyldunnar og aðstandenda,
Jón Frosti Tómasson og Jökull Tómasson

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkyrningar í
Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5055.

HEIMILI

MIDVIKUDAGUR 29. APRÍL 2020

Heimili



Æsa Ingólfsdóttir deilir 60 fermetra íbúð með einum ketti og 85 pottaplöntum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Deilir 60 fm íbúð með 85 pottaplöntum og ketti

Pottaplöntur eru eitt það heitasta í dag á Instagram. Einn vinsælasti hópurinn á Facebook er til dæmis Stofublóm inniblóm pottablóm hvar garðyrkju- maðurinn Hafsteinn Hafliða deilir visku sinni með blómaræktendum. ➔2

Doktor.is

- Fræðsla
- Ráðgjöf
- Forvarnir



Framhald af forsiðu →

Jóhanna María
Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is



Blómaunnandinn Æsa Ingólfsdóttir deilir um 60 fermetra íbúð í Grafarholtinu með ketti og hvorki meira né minna en 85 pottaplöntum. „Plönturnar voru 107 fyrir stuttu en ég tók Marie Kondo aðferðina á safnið og fækkaði þeim töluvert. Hvatninguna fékk ég eftir að hafa lesið frétt um mann sem átti 1.400 plöntur. Í kjölfarið ákvað ég að það væri kominn tími til að grisja til hjá mér. Þetta var einfaldlega orðið of mikið. Ég var farin að færa potta hingað og þangað til að búa til pláss í daglegu amstri. Flottu plönturnar mínar týndust í pottahafinu og nutu sín ekki. Það kemur oft vel út að hafa margar plöntur í mismunandi stærðum, gerðum og pottum saman, en íbúðin mín býður ekki upp á það eins og er.“

Það varð svo úr að Æsa grisjaði plöntusafnið. Sumar gaf hún á meðan aðrar voru sameinaðar í stærri potta. „Ég byrjaði á að fækka þeim plöntum sem ég átti margar eins af niður í einn pott. Ég átti t.d. fjóra potta af sama álfamöttli (Coleus) svo það var auðvelt að skera niður. Einnig var ég í tilraunastarfsemi með nokkrar plöntur. Til dæmis átti ég blað af sómakólfi sem tæki aldir að komast á legg. Ég keypti stóran og stæðilegan svartan sómakólfi í afmælisgjöf í staðinn og laufblaðið fékk að fjúka. Svo eru sumar plöntur einfaldlega fallegri en aðrar og ég tók meðvitaða ákvörðun um hvað ég vildi hafa í kringum mig og hvað ekki.“

En hvernig varð safnið svona stórt? „Sumir kaupa sér fót eða hluti á heimilið til að gleðja sig en ég kaupir plöntur. Ég er líka dugleg að skipta á blómum við aðra og sækja afleggjara sem fólk auglýsir á netinu. Svo fjölga plönturnar sér hjá mér og fara í sér potta. Þetta er fljótt að vinda upp á sig.“

Hvar kviknaði plöntuáhuginn? „Amma og mamma eru báðar miklar blómakonur. Ég ólst upp við að mamma setti alltaf niður sumarblóm á hverju vori og það er til ljósmynd af mér fimm ára, þar sem ég sofnaði á ylvogli stéttinni einn sumardaginn því ég lá og virti fyrir mér hádegisblómin í beðinu. Amma og afi búa í Mosfellsdal með stóran garð og gróðurhús og voru um tíma með fallegasta verðlaunagarðinn sem hópar komu til að skoða. Grænu fingurnir mínir eru því ættgengir.“

Mælir með friðarliljum

Fyrir tveimur og hálfu ári bjó Æsa til hópinn „Allt um orkídeur“ á Facebook, en að sögn hefur hún mikinn áhuga á þessari tegund plantna. „Það er mjög persónubundið hvaða plöntum fólk finnst erfitt eða auðvelt að hugsa um. Sjálfri finnst mér auðvelt að hugsa um orkídeur, en mörgum finnst þær vera áskorun. Ef ég ætti að velja einhverja eina tegund sem flestum finnst auðvelt að hugsa um, þá kemur friðarlilja upp í huga mér. Hún er auðveld í umhirðu og lætur vita ef hún verður þyrst með því að leggja blöðin niður. Fallegar og stórar friðarliljur eru líka mikið augnayndi.“ Æsa segist ekki mikið fyrir pálma því þeir þurfi töluvert meiri loftraka en er hér á landi og verði oft ljótir. „Þá er ég lítt hrifin af kaktusum, helst vegna þess að það er erfitt að eiga við þá. Ég á kannski fimm kaktusa og þrjá þeirra fékk ég þegar ég var 13 ára.“

Æsa lumar á góðum ráðum fyrir þá sem eru að stiga sín fyrstu



Sumir kaupa sér fót eða hluti á heimilið til að gleðja sig með, en Æsa kaupir pottaplöntur handa sér til að prýða heimilið.



Innigarðurinn hennar Æsu heillar marga.

skrefi plönturækt og innigörðum. „Ég ráðlegg fólk að hafa augun hjá sér og fylgjast með. Yndisleg kona gaf mér fallega og eftirsóttu afleggjara sídasta vetur sem eru nú orðnir að flottum plöntum hjá mér. Í staðinn þurfti ég bara að útvega afleggjara af hoyu sem fæst ekki í búðum. Stundum er maður heppinn og stundum þarf líka bara að vita hvað maður vill og finna út hvernig maður fær það. Sjálf nota ég ekki neitt sérstakt kerfi fyrir vökvun eða áburðargjöf. Ég hef

góða tilfinningu fyrir því hvenær og hve mikla vökvun plönturnar þurfa. Það er ekkert „þessar verða vökvadaðar á sunnudag kl. 13.00“. Ég man nokkurn veginn hvenær ég vökvadi síðast og ef þær verða „leiðar“ er augljóslega kominn tími á vökvun. Ég styð mig lítið við áburðargjöf. Gef kannski nokkrum sinnum yfir sumarið þegar ég man eftir því, annars ekki neitt frá október-apríl. Mér finnst fólk ofnota næringu. Það þarf t.d. aldrei eftir umpottun því ný mold



Æsa Ingólfsdóttir deilir 60 fermetra íbúð með ketti og 85 pottaplöntum.

“Ég ólst upp við að mamma setti alltaf niður sumarblóm á hverju vori og það er til ljósmynd af mér 5 ára, þar sem ég sofnaði á ylvogli stéttinni einn sumardaginn því ég lá og virti fyrir mér hádegisblómin í beðinu.

er mjög næringarrík. Besta ráðið er að kynna plöntum, læra á þær og reyna að skilja þarfirnar.“

En hvað er í upphaldi? Á tímabili átti Æsa mestmegnis sigrænar plöntur. „Svo upphófst „blóm-tímabilið“ þegar ég sótti mikið í blómstrandi plöntur. Núna er ég orðin alveg heilluð af mismunandi yrkjum af begóníum sem eru ein-kennandi blaðplöntur. Mest á ég þó af orkídeum, eða um tíu talsins, sem er þó enginn fjöldi miðað við marga í orkídeuhópnum á Facebook. En í mestu upphaldi er án efa hoya bellan hennar mómmu. Mamma var sterk í garðplöntum og það voru bara þrjár inniplöntur í húsinu sem ég ólst upp í. Ein af þeim var hoyan sem

blómstrar svo fallega og er mitt uppáhald í dag. Ég fékk afleggjara sem varð að risa hengiplöntu. Því miður komst ullarlús í hana fyrir tveimur árum en ég náði að bjarga þremur greinum áður en ég þurfti að farga plöntunni.“

Hryllingssögur af kisu

Æsa býr ein með plöntunum og segir ekki mikið pláss fyrir fleiri sambylinga. „Ef ég á að velja þá tek ég fallega monsteru fram yfir tvífatling allan daginn.“ segir hún og glottir. „Ég fékk mér reyndar kisu fyrir um tveimur mánuðum og sambúðin gengur eins og í sögu. Ég hafði heyrt hryllingssögur af plöntumörðum frá þessum sætu loðboltum og var því efnis í fyrstu. En viti menn! Kísan mín er ein af þessum fáu sem láta plönturnar alveg í friði. Hún nartar ekkert í þær, strýkur í mesta lagi vanganum upp við þær. Annars lætur hún sem þær séu ekki til. Hún er algjör draumur fyrir plöntumómmuna.“

Æsa er enn á leigumarkaðinum og getur ekki beðið eftir kaupum sér hús og fá sér garð og gróðurhús. „Í fyrrasumar reyndi ég að vera með nokkrar chili- og baby-papriku-plöntur sem tóku yfir allt eldhúsið hjá mér. Þegar ég fæ gróðurhúsið mitt þá færi ég mig heldur betur yfir í matjurtirnar. Þangað til kaupir ég kóriander og basiliku frekar í búðinni. Ég fæ bara útrás með inniplönturnar á meðan.“

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 29. apríl 2020

17. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

 ROLEX	 TUDOR		<p>Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi</p> <p>MICHELSEN 1909</p> <p>Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is</p>
 TAG Heuer	 LONGINES		
 NOMOS GLASHÜTTE	 TISSOT		

Fylgjast náð með óskráðum eignum

Óndvegisbréf, opinn hlutabréfa-sjóður á vegum Landsbréfa, er með mun meira vægi óskráðra bréfa en aðrir sjóðir af sama tagi.

2

Stefna að almennu útboði

Skilyrði fyrir aðkomu fjárfesta að hlutafjárútkningu Icelandair er að það náist yfir fimm ára samningar við flugstéttir. Boðað verður til almenns útboðs.

4

Telur samskiptin í samræmi við lög

Stjórnarmaður Borgunar sakar Íslandsbanka um skuggastjórnun. Fjármálaeftirlitið telur ekki tilefni til aðgerða.

6

Grundvöllur að viðspyrnu

Einfalda þarf leið fyrirtækja til fjárhagslegrar endurskipulagningar og veita þeim þannig nauðsynlegt skjól, segja lögmenntil aðsendri grein.

12

Hamfaraskref

„Vandinn er að afgangur eða halli á ríkissjóði eitt árið er lélegur mælikvarði á áhrifamátt efnahagsaðgerða,“ segir Krístrún Frostadóttir, aðalhafnarskrifstjóri Kviku.

14

Óþekktar hæðir

Atvinnuleysi stefnir í sögulegar hæðir á Íslandi eftir því sem fleiri fara af hlutabótum og yfir á atvinnuleysisbætur. Framkvæmdastjóri SA og formaður VLFA segja umfangsmiklar uppsagnir fram undan. → 8



FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Sjónmælingar hefjast að nýju
4. maí í Optical Studio

Tímá pantanir í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK

Séríslensk hvatning send til lífeyrissjóðanna

Ég gef mér að fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands hafi gengið gott eitt til þegar það sendi okkur séríslenska hvatningu um það sem flestir túlka sem varfærni sem á sér ekki beina stoð í þeirri yfirlýsingu sem kom frá EIOPA, segir Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands sendi dreifibréf til lífeyrissjóða í síðustu viku þar sem sjóðirnir voru hvattir til þess að „ihuga vandlega, seinka eða hætta við ákvarðanir eða viðskipti sem geta stefnt í tvísýnu langtímahagsmunum sjóðfélaga og lífeyrisþega,“ eins og það var orðað.

Ábendingar Fjármálaeftirlitsins, sem varða starfsemi og fjárfestingar lífeyrissjóðanna og vörsluadila séreignarsparnaðar vegna heimsfaraldurs kórónaveirunnar, eru samdar með hljóðjón af nýlegum yfirlýsingu Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóða eftirlitsstofnunarinnar (EIOPA) og fjármálaeftirlitsnefndar Seðlabankans. Þó er engu sambærilega ábendingu að finna í umræddum yfirlýsingu um að lífeyrissjóðir skoði sérstaklega, seinki eða hætta við tiltekna ákvarðanir eða viðskipti.

Ólafur segir að eðlilegt hefði verið að setja þetta í samhengi við skynsemissreglu sem var lögfest með lagabreytingu um fjárfestingaheimildir lífeyrissjóða. Í frumvarpi þeirra laga kemur fram að varfærni og skynsemi séu ekki endilega það sama.

„Við þurfum að horfast í augu við að það er eðlilegt og æskilegt að lífeyrissjóðir taki áhættu sem

skynsamir fjárfestar til langs tíma þó þeir teljist alla jafna vera varfærir fjárfestar. Mestu máli skiptir að þær forsendur sem ákvarðanir byggja á standist skoðun þó þeim fylgi meiri óvissa við núverandi aðstæður. Það að seinka eða hætta við ákvarðanir eða viðskipti getur líka teflt hagsmunum sjóðfélaga í tvísýnu,“ segir Ólafur og tekur dæmi.

„Breskir lífeyrissjóðir geta til að mynda keypt verðtryggt ríkisskuldabréf á neikvæðum vöxtum sem er mögulega skammgóður vermír en ekki endilega góð langtímafjárfesting.“

Í dreifibréfinu var einnig að finna beinþýðingu á málsgrein þar sem Fjármálaeftirlitið segist ætla að beita sér fyrir því að jafnvægis verði gætt milli langtímahagsmuna sjóðfélaga og skammtímaaðgerða við hinar núverandi ótryggu markaðsaðstæður sem geta leitt til sveifluaukandi áhrifa á hagkerfið og fjármálamarkaðinn.

„Minn málsgilningur er sá að aðgerðir lífeyrissjóða sem EIOPA vísar til geti verið sveifluaukandi og að þess vegna sé hvatt til þess að leita að jafnvægi á milli langtímahagsmuna og að sporna við að aðgerðir verði sveifluaukandi. Ég set vilja lífeyrissjóða til að gera hlé á gjaldreyrivíðskiptum í samhengi við hugtakið sveifluaukandi aðgerðir enda getur mikið útlæði frá lífeyrissjóðum valdið veikingu sem síðar leiðir til verðbólgu. Skynsemissreglu gerir ráð fyrir því að lífeyrissjóðir geti tekið áhættu án þess að auka sveiflur eða ógna stöðugleika,“ segir Ólafur. – pfh



MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is



Gengi Öndvegisbréfa hefur lækkað um 14,7 prósent frá áramótum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fylgjast náið með óskráðum eignum

Öndvegisbréf, opinn hlutabréfasjóður á vegum Landsbréfa, er með mun meira vægi óskráðra bréfa en aðrir sjóðir af sama tagi. Stjórnendur hafa endurmetið óskráðar eignir sjóðsins í tvígang frá upphafi kórónafaraldursins.

Sjóðastýringarfyrtækið Landsbréf hefur í tvígang endurmetið virði óskráðra eigna í opna hlutabréfasjóðnum Öndvegisbréf, sem hefur mun meira vægi óskráðra eigna en aðrir sjóðir af sama tagi, frá því að kórónafaraldurinn skall á heimsbyggðinni.

„Mjög náið er fylgst með verðmæti óskráðra eigna og hefur verðmæti eigna sjóðsins í óskráðum eignum verið fært niður vegna faraldursins. Allar eignir í sjóðnum eru þannig metnar á sannvirði á hverjum tíma eins og ber að gera lögum samkvæmt,“ segir í svari Landsbréfa við fyrirspurn Markaðarins.

Vægi óskráðra bréfa í eignasafni Öndvegisbréfa, sem er rúmlega 1,7 milljarðar að stærð, nemur 22,5 prósentum og hefur sjóðurinn heimild til að færa hlutfallið upp í 40 prósent. Það er talsvert hærra hlutfall en hjá öðrum sambærilegum hlutabréfasjóðum sem eru opnir almenningi.

Stærsta óskráða eignin í safni Öndvegisbréfa, með 7,5 prósentu vægi, er framtakssjóðurinn Horn III sem einnig er í rekstri Landsbréfa. Helsta eign Horns III er Pac1501 sem heldur utan um eignarhluti í rútu-fyrirtækjunum Reykjavík Sightseeing og Hópbílum. Í ársreikningi Horns III fyrir árið 2019 var Pac1501 bókfært á 2,3 milljarða króna, eða sem nemur kaupverðinu árið 2016.

Horn III á einnig fjórðungshlut í Ölgerð Egils Skallagrímssonar sem

Tæplega 80 prósent af eignum sjóðsins eru skráðar eignir sem hægt er að selja á markaði til að bregðast við innlausnum.

Segir í svari Landsbréfa

er bókfærður á kaupverði frá árinu 2016. Þá hækkaði bókfært verð 40 prósentu eignarhlutar Horns III í Bilaleigu Flugleiða sem rekur bílaleiguna Hertz á Íslandi. Hluturinn var metinn á 1.305 milljónir króna í lok árs 2019 samanborið við 1.160 milljónir í lok árs 2018.

„Landsbréf hafa í tvígang endurmetið virði óskráðra eigna í hlutabréfasjóðnum félagsins frá því að COVID-19 faraldurinn skall á. Virði eigna Horns III um áramótin liggja því alls ekki til grundvallar í dag, enda hafa orðið miklar breytingar á rekstrarumhverfi margra fyrirtækja, einkum í ferðaþjónustu,“ segir í svari Landsbréfa.

Öndvegisbréf eiga einnig beinan eignarhlut í Ölgerð Egils Skallagrímssonar, Hvatningu, sem heldur utan um eignarhlut í Bláa lóninu, og Loðnuvinnslunni og ORF Líftækni. Samtals nema óskráðu bréfin 22,5 prósentum af eignasafni Öndvegisbréfa eins og áður segir.

Þá kemur fram í svari Landsbréfa að fyrirtækið eigi ekki von á því að sjóðfélagar innleysi eignir sínar í sjóðnum nú þegar verð innlendra

hlutabréfa hefur almennt lækkað töluvert. Það sem af er ári hafi verið hreint innflæði inn í Öndvegisbréf.

„Tæplega 80 prósent af eignum sjóðsins eru skráðar eignir sem hægt er að selja á markaði til að bregðast við innlausnum á hverjum tíma auk þess sem við höfum ekki áhyggjur af því að geta ekki selt óskráðar eignir sjóðsins ef til þess kemur,“ segir í svari Landsbréfa.

„Sjóðurinn er ógíraður og lausafjárstýringu hans er, eins og annarra sjóða Landsbréfa, hagað með þeim hætti að unnt sé að bregðast við innlausnarbeiðnum í samræmi við reglur sjóðsins.“

Opnir hlutabréfasjóðir Íslands-sjóða eru, svo dæmi séu tekin, ekki með óskráð bréf á sínum bókum þrátt fyrir að hafa heimild til að fjárfesta í slíkum bréfum upp að 40 prósentum af eignasafni. Stefnið ÍS 15 á 4,2 prósentu hlut í fjárfestingafélaginu Stöðum en hefur heimild til að fjárfesta í óskráðum bréfum upp að 25 prósentum. Sjóðurinn Júpiter Innlend hlutabréf er ekki með óskráðar eignir í sínu safni og hið sama gildir um ÍV Stokk og Akta Stokk.

Hrein eign Öndvegisbréfa var 1,7 milljarðar í byrjun apríl, samanborið við 2.025 milljónir í árslok 2019 og árið áður var hún 2.869 milljónir. Gengi sjóðsins hefur lækkað um 14,7 prósent frá byrjun árs en á sama tímabili hefur Úrvalsvisitalan lækkað um rétt tæplega tólf prósent. thorsteinn@frettabladid.is

Vinna að fjármögnun framtakssjóðs

Verðbréfafyrirtækið Íslenskir fjárfestar vinnur nú ásamt erlendum fjármála-fyrirtækjum að fjármögnun nýs átta milljarða dala framtakssjóðs í stýringu bandaríska eignastýringarfyrirtækisins New Mountain Capital. Sjóðurinn verður kynntur íslenskum fagfjárfestum.

Samkvæmt bandarískum viðskiptamiðlum er gert ráð fyrir að stærð framtakssjóðsins, sem ber heitið New Mountain Partners VI, verði allt að átta milljarðar dala en til samanburðar nam síðasti framtakssjóður fyrirtækisins frá árinu 2017 riflega sex milljörðum dala.

Á meðal þeirra sem aðstoða eignastýringarfyrirtækið við fjár-



Hannes Árdal, framkvæmdastjóri.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

mögnun sjóðsins eru, auk Íslenskra fjárfesta, fjárfestingarbankinn Goldman Sachs, síleska verðbréfafyrirtækið Ameris Capital, ísraelska eignastýringarfyrirtækið Halman-Aldubi og bandaríska og

asíska ráðgjafafyrirtækið Trans-Pacific Group.

Hannes Árdal, framkvæmdastjóri Íslenskra fjárfesta, segir sjóðinn þann annan í rekstri New Mountain Capital sem Íslenskir fjárfestar hafi kynnt fyrir fagfjárfestum hér á landi. „Samstarfið við New Mountain Capital hefur gengið mjög vel. Fyrirtækið hefur mikla reynslu af rekstri framtakssjóða og státar auk þess af góðum árangri í fjárfestingum sínum.“

Sjóðurinn mun einblína á fjárfestingar í bandarískum fyrirtækjum – að heildarvirði um eitt hundrað til þúsund milljóna dala – í atvinnugreinum sem eru tiltölulega óháðar hagsveiflunni. – kj

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is

h



Fylgstu með!



Sumarsport.

Þrátt fyrir óhagstæða gengisþróun undanfarið er Bílabúð Benna staðráðið í að standa verðlagsvaktina og hefur því ekki hækkað verð á nýjum bílum. Þetta er okkar framlag til verðstöðugleika. Upplifðu hið einstaka íslenska sumar með Porsche Macan.

Örfáir sýningarbílar á frábæru verði.
Verð frá **8.950 þús.kr.**

Reynsluakstur og frekari upplýsingar hjá söluráðgjöfum Porsche.



Hestöfl: 252 | Hámarkstog: 370Nm | Hröðun: 6.5 sek. 0-100 km.klst. með Sport Chrono



PORSCHE

Bílabúð
Benna

Porsche á Íslandi | Krókhálsi 9 | 110 Reykjavík | S: 590 2000 | benni.is | porsche.is | Opíð virka daga frá 9:00 til 18:00 og um laugardaga frá 12:00 til 16:00

Vilja fimm ára samning við flugstéttir

Hluthafar Icelandair skilyrða flestir aðkomu sína að hlutafjárútbóði félagsins við að samið verði til langs tíma við flugstéttir þess. Stefnt að almennu hlutafjárútbóði auk útbóðs til fagfjófesta. Fjófesta vilja skýr svör um samningamál félagsins vegna MAX-þota.

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is
Kristinn Ingi Jónsson
kristinnigi@frettabladid.is



Flestir stærstu hluthafar Icelandair Group, sem eru einkum íslenskir lífeyris- og verðbréfasjóðir, gera það að skilyrði fyrir mögulegri aðkomu að hlutafjárútbóði flugfélagsins að kjarasamningar náist við flugstéttir Icelandair – flugmenn, flugfreyjur og flugvirkja – til mjög langs tíma, helst að lágmarki til fimm ára, svo að fyrir liggja trúverðug áætlun um rekstrarhæfi félagsins.

Að öðrum kosti sé ljóst, samkvæmt heimildum Markaðarins, að ekkert verði af áformuðu útbóði en tillögur stjórnenda og ráðgjafa Icelandair miða að því að hægt verði að lækka einingakostnað félagsins um fimmtán til þrjátíu prósent, mismunandi eftir stéttum, með breytingum á gildandi kjarasamningum. Þar er einkum horft til þess að ná fram betri nýtingu á flugáhöfnum, fremur en launlækkunum sem slíkum.

Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair, og Marinó Örn Tryggvason, forstjóri Kviku banka, helsta ráðgjafa flugfélagsins við undirbúning útbóðsins, munu í dag, miðvikudag, hefja fundi með sumum af stærstu hluthöfnum þar sem til stendur að kynna nánar þær tillögur sem liggja til grundvallar endurfjármögnun félagsins. Frekari fundir með hluthöfum eru boðaðir á næstu dögum en hvorki stendur til að útlista hve mikið fjármagn félagið stefnir á að sækja sér í slíku útbóði né heldur á hvaða gengi það yrði. Ljóst þykir þó að það verður á umtalsverðum afslætti miðað við núverandi markaðsvirði Icelandair.

Icelandair Group tilkynnti í gær um uppsagnir rúmlega tvö þúsund starfsmanna, sem ná til allra hópa innan félagsins, til þess að bregðast við erfiðri stöðu vegna kóróna-faraldursins en aðeins um tvö til þrjú prósent af upphaflegri flugáætlun eru í gildi um þessar mundir.

Stefnt að almennu útbóði

Fram hefur komið í máli Boga að félagið muni ekki komast í gegnum sumarið án þess að fá inn nýtt fjármagn í reksturinn. Skiptar skoðanir eru á meðal hluthafa um hve miklu fé Icelandair muni þurfa að leita eftir frá fjórfestum – líklegast er talið að sú fjárhæð verði á bilinu 15 til 30 milljarðar króna – og þá hafa stjórnendur flugfélagsins einnig horft til þess að í framhaldinu muni ríkið veita því fjárhagslega aðstoð í formi lánalína. Er í því sambandi talið vænlegra til framtíðar lítið að félagið sækji sér of mikið fé en of lítið.

Samkvæmt heimildum Markaðarins er stefnt að almennu hlutafjárútbóði, þar sem almenningi verður boðin þátttaka, annaðhvort samhliða, eða nokkrum dögum á eftir, útbóði til fagfjófesta. Er þá miðað við að gengið í útbodunum tveimur verði sambærilegt.

Lífeyrissjóðir, sem eru áberandi í hópi stærstu hluthafa Icelandair Group, eru sagðir leggja áherslu á umboðsskyldu sína gagnvart sjóðfélögum. Þannig geti þeir ekki lagt félaginu til auknið fjármagn nema á viðskiptalegum forsendum. Af samtölum Markaðarins við þá sem þekkja vel til mála má ráða að sjóðirnir telji þýðingarmikið að fyrir liggja trúverðug rekstraráætlun, meðal annars um endurnýjun á flugflota félagsins og mögulegt sjóð-



Stjórnendur Icelandair Group tilkynntu í gær um yfirgripsmiklar aðgerðir sem fela í sér uppsagnir rúmlega tvö þúsund starfsmanna, innan allra hópa félagsins, auk skipulagsbreytinga til þess að bregðast við þeirri stöðu sem félagið stendur frammi fyrir vegna COVID-19 faraldursins. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Líklegt að félagið þurfi að sækja sér hátt í þrjátíu milljarða

Greinendur hagfræðideildar Landsbankans telja líklegt að Icelandair Group muni þurfa að sækja sér á bilinu 150 til 200 milljónir dala, jafnvirði um 22 til 29 milljarða króna, í nýtt hlutafé í fyrirhuguðu útbóði félagsins. Ef það gengur eftir geti flugfélagið verið í góðri stöðu fyrir næsta ár.

Forsendur í greiningu hagfræðideildarinnar, sem gefin var út í lok síðustu viku og Markaðurinn hefur undir höndum, eru meðal annars þær að ekki verði um að ræða verulegar lánveitingar af hálfu ríkisins eða banka til flugfélagsins, auk þess sem miðað er við að félagið verði nær tekjulaust út þetta ár.

„Stóra óvissan um hvort félagið þurfi meira eða minna hlutafé liggur í getu þess til að lækka fastan kostnað á meðan Covid-19

áhrifin vara,“ segir í umfjöllun hagfræðideildarinnar. Þannig muni boðaðar uppsagnir félagsins ráða töluverðu um fjárförf þess.

Stærð útbóðs Icelandair Group muni fyrst og fremst velta á áætlunum félagsins til næstu tólf til átján mánaða um til að mynda stærð flugflotans, fjölda starfsfólks, breytingar á kjarasamningum, samninga við lánardrottna og jafnframt mögulegt sjóðsstreymi þess.

Þess má geta að Landsbankinn er, ásamt Íslandsbanka og Kviku, flugfélaginu til ráðgjafar um hvernig styrkja mega fjárhag félagsins auk þess sem bankinn er einn af lánveitendum þess.

Óvissa einkennir rekstur Icelandair Group, að mati sérfræðinga hagfræðideildarinnar,

og eru því allar áætlanir sagðar háðar talsverðum fyrirvörum.

Sérfræðingarnir gera ráð fyrir því að tap flugfélagsins á fyrstu þremur mánuðum ársins hafi getað numið allt að fimmtíu til sextíu milljónum dala en miðað við forsendur þeirra getur félagið tapað samanlagt hátt í 250 milljónum dala frá apríl til loka ársins.

Staða handbærs fjár Icelandair Group var á bilinu 230 til 250 milljónir dala í lok mars, samkvæmt áætlunum hagfræðideildarinnar, og getur farið niður í 25 milljónir dala í lok ársins ef ekki kemur til hlutafjárútkninga.

Greinendurnir benda á að þær tekjur sem muni hugsanlega nást á árinu komi í lok ársins á meðan kostnaður félagsins sé framhlaðinn. Það þýði að hlutafjárútkningin þurfi að koma til sem fyrst.

streymi, þannig að félagið sé í stakk búið til þess að geta lifað af 18 til 24 mánuði þar sem lítið verði um flug og starfsemin í lágmarki.

Vilja svör um MAX-samninga

Þá þykir ljóst að hluthafar og aðrir fjórfesta muni í aðdraganda útbóðsins krefja stjórnendur Icelandair Group um skýr svör við því hvernig leyst verði úr þeirri óvissu sem er uppi vegna samninga sem félagið hefur gert við bandaríska flugvélaframleiðandann Boeing um kaup á sjö MAX-þotum sem hafa ekki enn verið framleiddar.

Væntingar eru um, eftir því sem Markaðurinn kemst næst, að flugfélagið geti losnað undan þeim samningum.

Í vinnu stjórnenda og ráðgjafa flugfélagsins er gengið út frá því að félagið starfi áfram á grunni sömu kennitölu. Önnur leið, sem fælist í því að félagið yrði sett í gjaldþrot og endurreist í kjölfarið á nýjan leik, hefur verið skoðuð, að sögn kunnugra, en hún talin flókin í framkvæmd. Viðmælendur blaðsins benda á að slík gjaldþrotaleið gæti vel leitt til þess að veruleg verðmæti, svo sem viðskiptasambönd

við birgja og lánveitendur, tapist, auk þess sem óvíst væri hvernig færi með verðmætar eignir á borð við flugtíma á alþjóðlegum flugvöllum.

Óvíst um aðkomu lánveitenda

Skiptar skoðanir eru á meðal hluthafa um mögulega aðkomu lánveitenda Icelandair Group, þá meðal annars Íslandsbanka, Landsbankans og bandaríska bankans CIT Bank, auk leigusala og birgja, að endurskipulagningu flugfélagsins.

Á meðan sumir telja það einsýnt að umrædd fyrirtæki muni þurfa að breyta kröfum sínum á

2.000

starfsmönnum Icelandair Group hið minnsta var sagt upp störfum í gær.

hendur félaginu í hlutafé benda aðrir á að slík skuldbreyting myndi ekki gagnast félaginu að ráði, enda myndi hún ekki styrkja lausafjárstöðu þess sem er lyklatríði við núverandi aðstæður. Þess í stað yrði þá fremur horft til þess, samkvæmt sömu viðmælendum, að vextir yrðu felldir niður og afborganir lána frystar.

Auk Kviku banka, sem tók að sér ráðgjafarhlutverkið án endurgjalds, eru Íslandsbanki og Landsbankinn flugfélaginu til ráðgjafar í yfirstandandi vinnu. Henni stýrir fyrrnefndur Marinó Örn.


Bandaríski fjárfestingasjóðurinn PAR Capital Management, sem kom fyrst inn í hluthafahóp Icelandair Group í apríl í fyrra, er stærsti hluthafi flugfélagsins með 13,5 prósentu hlut en þar á eftir koma sjóðir í stýringu Stefnis, eignastýringarfélag Arion banka, með samanlagt 12,3 prósentu hlut. Lífeyrissjóður verzlunarmanna heldur á 11,8 prósentu hlut í flugfélaginu, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins fer með 8,2 prósent og lífeyrissjóðirnir Gildi og Birta eiga ríflega sjö prósent hvor.

Við sýnum ábyrgð og stöndum með almannavörnum

Við aðlögum afgreiðslutíma verslana hratt og í samræmi við fyrirmæli yfirvalda. Við uppfærum upplýsingar um afgreiðslutímaá byko.is og á samfélagsmiðlum.

Við höfum skipt verslunum okkar á höfuðborgarsvæðinu í nokkur afmörkuð svæði fyrir viðskiptavinum okkar. Hvert svæði hefur sérinngang og ekki er hægt að fara á milli þeirra nema í gegnum inngang hvers svæðis fyrir sig. Að tilmælum yfirvalda gætum við þess að einungis 20 einstaklingar eru inni á hverju svæði á hverjum tíma.

Við höfum stóraukið þrif í öllum verslunum okkar og hafa viðskiptavinir aðgang að handspritti víða. Allar kerrur og aðrir snertifletir eru sótthreinsaðir reglulega af starfsfólki.



Til hagræðingar styttir BYKO afgreiðslutímann, sjá nánar á byko.is

Verslaðu í vefverslun BYKO

SENT ALLA DAGA
HEIM



Pantaðu fyrir **kl. 14:00** alla daga vikunnar og þú færð vöruna **samdægurs** á höfuðborgarsvæðinu. Frí heimsending er á pöntunum yfir 20.000 kr



Það er líka enn hægt að

PANTA & SÆKJA í BYKO Breidd

Hægt er að sækja pantanir í BYKO Breidd við vörumóttöku við suðurgöfl verslunar allt fram til 18:30 alla virka daga.

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Telur samskiptin í samræmi við lög

Íslandsbanki vísar á bug ásökunum um að hafa farið á svig við lög og góða stjórnarhætti með samskiptum sínum við forstjóra og stjórnarformann Borgunar. Stjórnarmaður sakar bankann um skuggastjórnun. Fjármálaeftirlitið telur ekki tilefni til aðgerða.

Hörður Egiðsson
hordur@frettabladid.is
Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Íslandsbanki segist telja samskipti sín og Borgunar í fullu samræmi við lagafyrirmæli um samskipti fjármálfyrirtækja innan sömu samstæðu. Ýmis ákvæði laga um fjármálfyrirtæki og laga um ársreikninga og reglur settar samkvæmt þeim mæli fyrir um ítarleg samskipti félaga innan sömu samstæðu.

Þetta kemur fram í svari Íslandsbanka, stærsta hluthafa greiðslukortafyrirtækisins, við fyrirspurn Markaðarins vegna ásakana Óskars Veturlíða Sigurðssonar, stjórnarmanns í Borgun, á hendur stjórnendum bankans.

Óskar Veturlíði, sem setið hefur í stjórn Borgunar frá árinu 2015, sakar æðstu stjórnendur Íslandsbanka um tilburði til skuggastjórnunar og misnotkunar valds í harðorðu bréfi sem hann hefur skrifað stjórn bankans og Bankasýslu ríkisins.

Í bréfinu, sem barst stjórn Íslandsbanka og forstjóra Bankasýslunnar í byrjun mánaðarins og Markaðurinn hefur undir höndum, segir hann stjórnendur bankans hafa fundað með forstjóra og stjórnarformanni Borgunar að minnsta kosti níu sinnum á undanföllum tveimur árum án þess að hafa upplýst aðra stjórnarmenn greiðslukortafyrirtækisins um fundina fyrir fram, gefið þeim kost á að sitja umrædda fundi eða kynnt fyrir þeim efni fundanna. Engar skriflegar fundargerðir hafi heldur verið lagðar fram.

Með umræddum fundum hafi stjórnendur Íslandsbanka – en þá vísar hann einkum til Birnu Einarasdóttur bankastjóra og Jóns Guðna Ómarssonar, framkvæmdastjóra fjármálasviðs – hvorki gætt að jafnræði hluthafa né viðhaft góða stjórnarhætti í samræmi við stjórnarhættaryfirlýsingu bankans og leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja.

„Bankar og þá sérstaklega bankar í eigu ríkisins ættu að vera fyrirmynd í að framfylgja lögum og góðum stjórnarhættum og hafa enn ríkari skyldur til að tryggja jafnræði hluthafa í þeim fyrirtækjum sem þeir eiga hlut í,“ segir í bréfi Óskars Veturlíða.



Birna Einarasdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, og Jón Guðni Ómarsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs. Íslandsbanki telur samskipti sín við dótturfélagið Borgun í fullu samræmi við lög. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Í svari Íslandsbanka er tekið fram að stjórnarmaðurinn hafi í bréfi sínu ekki fært fram nokkur gögn eða rök fyrir fullyrðingum sínum. Bankinn telji samskipti sín og Borgunar í fullu samræmi við lagafyrirmæli um samskipti fjármálfyrirtækja innan sömu samstæðu og hafi sent stjórnarmanninum svar þess efnis.

Ekki talið tilefni til aðgerða

Íslandsbanki nefnir auk þess að Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hafi staðfest við stjórn Borgunar að eftirlitið telji ekki tilefni til aðgerða vegna athugasemda Óskars Veturlíða.

„Íslandsbanki hefur í störfum sínum lagt ríka áherslu á góða stjórnarhætti og tekur því ásakanir um frávik frá því alvarlega,“ segir í svari bankans.

„Í því augnamiði vakti bankinn

sérstaka athygli Fjármálaeftirlitsins á ásökunum stjórnarmannsins og svari bankans sjálfs.

Umræddur stjórnarmaður í Borgun hefur auk þessa gert athugasemdir við störf stjórnarformanns Borgunar. Eftir að hafa farið yfir gögn um þann þátt hefur Fjármálaeftirlitið staðfest við stjórn Borgunar að eftirlitið telji ekki tilefni til aðgerða,“ nefnir Íslandsbanki.

Eins og greint hefur verið frá í Markaðinum sendi Óskar Veturlíði fjármálaeftirlitinu erindi í byrjun síðasta mánaðar þar sem hann sagðist telja mögulegt að áður nefndur stjórnarformaður Borgunar, Elín Jónsdóttir, og eftir atvikum forstjórinn, Sæmundur Sæmundsson, hefðu brotið starfsreglur stjórnar, leiðbeiningar um stjórnarhætti og lög um hlutafélög með því að hafa fundað ítrekað með Íslandsbanka á síðustu árum.

Í tvö ár hefur Íslandsbanki einn hluthafa fengið umtalsverðar upplýsingar með því að kalla stjórnarformann og forstjóra Borgunar á fjölmarga fundi.

Úr bréfi Óskars Veturlíða Sigurðssonar, stjórnarmanns í Borgun, til stjórnar Íslandsbanka og Bankasýslu ríkisins

Eignarhaldsfélagsins Borgunar – samtals um 96 prósentu hlut – í liðnum mánuði til breska félagsins Salt Pay Co Ltd. en viðskiptin eru gerð með fyrirvara um samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabankans fyrir virkum eignarhlut kaupanda.

Kaupandinn með ábendingar

Ekki var samstaða um sölu til Salt Pay í stjórn Borgunar en Óskar Veturlíði vekur meðal annars athygli á því í bréfi sínu að kaupandinn hafi, auk Íslandsbanka, fengið að koma á framfæri sérstökum ábendingum á stjórnarfundum greiðslukortafyrirtækisins í aðdraganda viðskiptanna.

Jafnframt hafi stjórn Borgunar ekki fengið að sjá kynningu sem haldin hafi verið fyrir stjórn Íslandsbanka í tengslum við söluferli fyrirtækisins.

Óskar Veturlíði tiltekur í bréfinu ýmis fleiri atriði sem hann segist telja að renni stóðum undir að jafnræði hafi ekki verið á milli hluthafa Borgunar.

Hann spyr meðal annars af hverju forstjórinn hafi ákveðið einn síns liðs að hætta við að hækka verðskrá fyrirtækisins til Íslandsbanka vegna útgáfubjónustu. Einn hluthafi hafi hagnast á þeirri ákvörðun á kostnað annarra hluthafa.

Enn fremur spyr hann hvers vegna meirihluti stjórnar Borgunar hafi talið sig ekki hafa umboð til að kynna hluthöfum hvaða möguleikar hafi falist í því fyrir félagið að breyta um starfsleyfi. Íslandsbanki hafi haft, einn hluthafa, slíka kynningu undir höndum og sé, því kunnugur að það hefði verið hægt að greiða út meiri arð á næstu tveimur árum en fékkst fyrir sölu félagsins“.

A4

VIÐ ERUM TIL STAÐAR FYRIR ÞIG

Hjá fyrirtækjapjónustu A4 starfa reynslumiklir söluráðgjafar sem veita faglega og persónulega ráðgjöf er varðar innkaup á rekstrar- og skrifstofuvörum. Hafðu samband við okkur til að tryggja að ykkur vanti aldrei skrifstofuvörur. Þú getur pantað á A4.is eða haft samband við söluráðgjafa í síma 580 0000 / panta@a4.is.

2018-2019 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Væðingarklassi 24. Væðing

JAFNLAUNAVOTTUN 2019 - 2022

2018-2019 Framfarandi fyrirtæki

A4 er aðili að eftirfarandi samningum

- Samningur við Reykjavíkurborg um skrifstofuvörur og prenthylki.
- Samningur við Ríkiskaup um skrifstofuvörur og prenthylki.



Ég er kominn heim!



Sófi er ekki bara sófi

Hefurðu ekki lagst í sófa sem smell passaði fullkomlega?

Faðmaði þig og gaf þessa „ég er kominn heim“ tilfinningu?

Hefurðu ekki horft á sófa sem sagði allan tímann við þig „leggstu og slakaðu á“?

Í Vogue fyrir heimilið er mikið úrval af sófum sem smell passa, gefa þessa „ég er kominn heim tilfinningu“ og elska að slaka á með þér.

Komdu og skoðaðu úrvalið af fallegu sófunum okkar.


Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Þorsteinn Friðrik
Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Það þarf ekki að ræða í viðtengingarhætti," segir Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, í samtali við Markaðinn. „Atvinnuleysi verður í áður óþekktum hæðum á árinu. Tölurnar um umfangið eru skelfilegar.“

„Við erum að sjá atvinnuleysis-tölur sem við höfum ekki séð áður á Íslandi," segir Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness (VLFA). „Staðan er einfaldlega þannig að mér sýnist að hinn almenni vinnumarkaður sé að umbreytast í blóðugan vígvöll.“

„Ég held að það sé nokkuð ljóst að atvinnuleysi muni fara yfir tíu prósentin, allavega í nokkra mánuði, en það er erfitt að spá fyrir um hversu langt yfir tíu prósentin það fer," segir Katrín Ólafsdóttir, doktor í vinnumarkaðshagfræði og fulltrúi í peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands.

Alls eru nú yfir 53 þúsund manns í greiðsluþjónustu hjá Vinnumálastofnun, þar af 18 þúsund á almennum atvinnuleysisbótum og 35.600 sem hafa sótt um greiðslur vegna minnkaðs starfshlutfalls.

Vinnumálastofnun gerir ráð fyrir að almennt atvinnuleysi fari upp í allt að 7 prósent í lok apríl og 10 prósent verði í minnkuðu starfshlutfalli í gegnum hlutabótaleiðina.

Mesta atvinnuleysi sem mælt hefur á Íslandi – og þá er fjöldi fólks á hlutabótum í dag ekki tekinn með í reikninginn – var 9,3 prósent í febrúar 2010. Atvinnuleysi hefur nú aukist úr 4,3 prósentum í byrjun árs upp í allt að 7 prósent. Vilhjálmur Birgisson óttast að um næstu mánaðamót muni verulegur fjöldi bætast við á atvinnuleysisráðum.

„Þetta fer langt yfir tíu prósentin í mínum huga. Ég held að við séum að fara að sjá stórar uppsagnir um þessi mánaðamót, meðal annars hjá fyrirtækjum sem ákváðu að nýta hlutabótaleiðina í von um að ástandið myndi batna fljótlega," segir hann.

„Nú eru teikn á lofti um að það geti varað í allt að tólf mánuði, og jafnvel lengur samkvæmt svart-sýnustu spám, og ég óttast að mörg fyrirtæki hafi ekki burði til að standa undir 25 prósentu starfshlutfalli," bætir Vilhjálmur við.

Rúmlega tvö þúsund starfsmönnum Ícelandair verður sagt upp um næstu mánaðamót en um er að ræða hluta af yfirgripsmiklum aðgerðum sem stjórnendur félagsins grípa til að bregðast við erfiðri stöðu vegna COVID-19. Þá hefur Eimskip einnig tilkynnt um hagræðingaradgerðir sem fela í sér uppsagnir á tugum starfsmanna um mánaðamótin.

Prófsteinn á samfélagið

Hlutastarfaleið ríkisstjórnarinnar verður framlengd með óbreyttu sniði út júnimánuð. Eftir það verður lágmarksstarfshlutfall hækkað úr 25 prósentum í 50 prósent og verður úrræðið þá í boði til 31. ágúst. Einnig verður fyrirtækjum sem orðið hafa fyrir umfangsmiklu tekjutapi gefinn kostur á að sækja um stuðning úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti. Þetta kom fram í máli Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra á blaðamannafundi ríkisstjórnarinnar í Safnahúsinu í gær.

„Atvinnuleysi er mjög dýrt á marga mælikvarða. Hugmyndin á bak við hlutabótaleiðina er sú að viðhalda ræðingarsambandi svo launþegar missi ekki vinnuna og til þess að gera atvinnulífina auðveldara að bregðast við þegar eftirspurn tekur við sér, hvenær eða hvernig sem það verður," segir Katrín Ólafsdóttir.

„Að því leyti var hlutabótaleiðin mjög jákvætt skref en þegar henni var komið á var útlit fyrir að fyrirtæki myndu glíma við tekjusam-



Vinnumálastofnun gerir ráð fyrir að almennt atvinnuleysi fari upp í allt að sjö prósent í lok apríl og 10 prósent verði í minnkuðu starfshlutfalli í gegnum hlutabótaleiðina.

Uppsagnir vofa yfir vinnumarkaðinum

Atvinnuleysi stefnir í sögulegar hæðir á Íslandi eftir því sem fleiri fara af hlutabótum og yfir á atvinnuleysisbætur. Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins og formaður Verkalýðsfélags Akraness segja umfangsmiklar uppsagnir fram undan. Ný staða sem getur haft miklar félagslegar afleiðingar.

drátt í nokkra mánuði. Nú virðist þetta ástand ætla að vara lengur og margir íhuga uppsagnir. Það gæti verið ástæða til að hækka hlutfallið sem ríkið greiðir," bætir Katrín við.

Yfir 40 prósent af öllum umsókn-um um minnkað starfshlutfall koma frá flugrekstri og ferðaþjónustugreinum og stór hluti annarra umsókna er úr þeim hluta verslunargeirans sem tengist ferðaþjónustu að einhverju marki.

Halldór Benjamín segir að hlutabótaleiðin sé skilvirkt úrræði og hún hafi verið rétt viðbragð við aðstæðum þess tíma. Hún virki fyrir fyrirtæki sem eru knúin af

innlendri eftirspurn. Aukning í innlendri eftirspurn verði til þess að starfsfólk geti komið aftur í fullt starf.

„Það á hins vegar ekki við um ferðaþjónustuna og margir sem þar eru á hlutabótum munu missa vinnuna og fara á atvinnuleysisbætur, bæði um þessi mánaðamót og þau næstu. Við erum að horfa fram á umfangsmiklar uppsagnir," segir Halldór Benjamín. Atvinnuleysi verði því umtalsvert á Íslandi, ekki bara næstu tvo eða þrjú mánuðina heldur um lengri tíma.

„Notum það sem nálgun að 53 þúsund manns séu á atvinnuleys-

Margir sem eru á hlutabótum munu missa vinnuna og fara á atvinnuleysisbætur, bæði um þessi mánaðamót og þau næstu.

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins



isbótum eða hlutabótum," segir Halldór Benjamín. „Ég ætla ekki að draga upp svo dökka mynd að þetta sé viðvarandi staða en við getum hæglega séð fyrir okkur að hið minnsta helmingurinn eigi erfða mánuði fram undan sem verða markaðir af atvinnuleysi. Þetta er ný staða fyrir okkur, því miður, og stór prófsteinn á samfélagið.“

Þá segir Halldór Benjamín að horfa þurfi til úrræða sem hafa gefið góða raun í nágrannaríkjum. Á Norðurlöndum og í Bretlandi hafa stjórnvöld gert atvinnurekendum kleift að taka starfsfólk tímabundið af launaskrá og færa það yfir á atvinnuleysisbætur á meðan ástandið varir.

„Það er engin ein leið óumdeild. Kjarni málsins er þessi: Tekjulaus fyrirtæki geta illa staðið við skuldbindingar sínar, þar með talið að greiða uppsagnarfresti, svo ég tali nú ekki um að halda fólki í óbreyttu starfshlutfalli," segir Halldór Benjamín.

Þá tekur hann fram að stjórnvöld séu ekki að styðja við fyrirtæki af hjartagæsku við atvinnurekendum heldur til þess að halda hjólum hagræðingarsins gangandi þannig að störfverði til staðar þegar kórónafaraldurinn hefur gengið yfir.

„Þannig vinna stjórnvöld sjálfum sér og fólkinu í landinu gagn. Við

Frá hafi til neytenda

Kynningar:
Smyriline Cargo
Síðarvinnslan
Brim

MÍÐVIKUDAGUR 29. APRÍL 2020



Björgvin Arnaldsson segir viðskiptavinina ánægða með þær viðbætur sem gerðar hafa verið með fjölgun skipa og aukinni tíðni siglinga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Víðtæk þjónusta, lipurð og afbragðsþjónustulund

Björgvin Arnaldsson, forstöðumaður útflutningsdeildar Smyril Line Cargo á Íslandi, segir siglingatíðni og afhendingaröryggi skipta mestu máli fyrir útflytjendur sjávarfangs. Fyrirtækið hefur fjölgað skipum og aukið siglingar undanfarið og lítur björtum augum til framtíðar. ➔2



Mykines er fraktflutningaskip sem siglir milli Þorlákshafnar og Rotterdam með viðkomu í Þórshöfn. Ferjan er svokölluð Ro/Ro ferja sem þýðir að allur vöruflutningur fer fram á hjólum um borð.

Smyril Line rekur þrjú skip í þjónustu milli Íslands og meginlands Evrópu. Norröna, Mykines og Akranes. Auk þeirra eru í rekstri Hvítanes og Eystnes sem tengja saman siglingakerfin við Scrabster í Scotlandi, Hirtshals í Danmörku, Eystrasaltlöndin og St. Pétursborg í Rússlandi.

Norröna siglir til og frá Seyðisfirði með frakt og farþega en Mykines og Akranes, sem eru systurskip, sigla til og frá Þorlákshöfn og eru eingöngu fraktferjur.

„Allt eru þetta Ro/Ro ferjur og allur flutningur því á hjólum um borð. Vara í frysti og kælivögnum er hitastýrð og almenn frakt er í svokölluðum seglvögnum sem hafa notið mikilla vinsælda með tilliti til hve þægilegir þeir eru til lestunar og losunar,“ útskýrir Björgvin.

Núverandi Norröna hefur verið í þjónustu við Ísland síðan 2003 og fraktflutningar með henni verið stöðugir og afhendingaröryggi sérstaklega gott, að sögn Björgvins, sem segir það vera lykilatriði fyrir útflytjendur á fersku sjávarfangi inn á okkar mikilvægu markaði. Á Seyðisfirði er Smyril Line Cargo með rötgröna starfstöð og starfsfólk sem þjónustar Norröna bæði við frakt og farþega.

Þrjú ár eru síðan Mykines hóf siglingar á milli Þorlákshafnar og Rotterdam með viðkomu í Færeyjum á leið til Íslands.

„Það varð fljótt ljóst að þar var komin þjónusta sem hafði vantað fyrir útflytjendur. Stuttur siglingartími frá Íslandi á föstudagskvöldum varð til þess að opna lengri framleiðsluviku fyrir margar vinnslur fjær suðvesturhorninu,“ segir Björgvin.

Sea/Air þjónusta hefur verið eitt af aðalsmerkjum Smyril Line Cargo og þá helst flug með lax. Þar getur Smyril Line Cargo með góðum tengingum boðið mjög góðar lausnir í að fljúga með fisk áfram. Til dæmis frá Kastrup, Amsterdam og Bretlandi, bæði vestur um haf og til Asíu.

Í janúar síðastliðnum bættist



Smyril Line rekur þrjú skip í þjónustu milli Íslands og meginlands Evrópu. Norröna, Mykines og Akranes. Norröna flytur bæði farþega og frakt.

Ro/Ro flutningakerfi hentar langbest til flutninga á hvers kyns tækjum og tólum, stórum sem smáum. Bilum, rútum og svo framvegis. Varningnum er ekið um borð eða hann dreginn á sér-tækum flutningatækjum.

Ro/Ro ferjan Akranes við í þjónustu Smyril Line Cargo. Hún siglir á milli Þorlákshafnar og Hirtshals í Danmörku með viðkomu í Færeyjum á báðum leiðum.

„Með tilkomu hennar opnaðist enn einn möguleikinn fyrir útflytjendur varðandi afhendingardaga í Evrópu. Það má með sanni segja að menn hafi verið fljótir að tileinka sér þá viðbót,“ segir Björgvin.

Meira en bara ferskur fiskur Smyril Line Cargo gerir fleira en að flytja bara ferskan fisk. Dreifileiðir fyrirtækisins ná um alla Evrópu og

þar dreifir það frystum, söltuðum og þurrkuðum afurðum ásamt almenntri vöru af margvíslegum toga.

„Við bjóðum upp á frystigámaflutninga í nokkrum mæli sem margir hafa tileinkað sér að nota með okkur. Smyril Line Cargo er með gáma í Þorlákshöfn undir frakt til Austurlanda fjær og við getum boðið mjög samkeppnishæf verð á flestar meginhafnir sem samstarfsaðilar okkar bjóða viðkomu á,“ segir Björgvin.

„Ro/Ro flutningakerfi hentar langbest til flutninga á hvers kyns tækjum og tólum, stórum sem smáum. Bilum, rútum og svo framvegis. Því fylgja engar hifingar, varningnum er bara annaðhvort ekið um borð eða hann dreginn á sér-tækum flutningatækjum.“

Rétt uppsetning skapar ákveðið forskot

Þær viðbætur sem Smyril Line hefur gert við þjónustu við Ísland hafa lukkast vel að sögn Björgvins. Þær hafa gefið útflytjendum ákveðið nýtt forskot á það sem þeir höfðu fyrir.

„Höfnin í Þorlákshöfn hefur reynst okkur vel sem viðkomustaður. Þar er mikill skilningur og samstaða um hversu mikilvægt

það er að byggja upp og ofan á þá þjónustu sem þegar er til staðar. Smyril Line hefur fjárfest á staðnum með kaupum á fiskmarkaðshúsinu. Starfsemi okkar í hleðslu á fiski og afgreiðslu á vörum er stýrt þar á staðnum,“ segir Björgvin.

„Þegar Akranesið bættist við í vetur kom fljótt í ljós hvað þörfin fyrir það skip var mikil. Nú eru ísfiskbátar í auknum mæli að koma inn til löndunar og þjónustu í Þorlákshöfn. Smyril Line hefur boðið upp á þá þjónustu í vetur og séð um löndun, ísun og körun á bátum.“

En rétt uppsetning er ekki bara mikilvæg hér á Íslandi að sögn Björgvins. Smyril Line hefur verið í gríðarlega góðu sambandi við þjónustuaðila á meginlandinu sem hann segir standa sig frábælega í að afhenda mikilvæga farma viðskiptavina fyrirtækisins rétt og tímanlega.

Smyril Line Cargo leggur metnað í að viðskiptavinir finni þægindi, öryggi og traust í að vinna með því. Fyrirtækið leggur áherslu á að það eigi að vera þægilegt fyrir viðskiptavinina að nota þjónustu þess og að þeir finni að þjónustulund er fyrirtækinu mikilvæg. Smyril Line Cargo býður útflytjendum þjónustu

við gerð útflytningsgagna ef þeir þurfa ásamt vöruhúsaþjónustu og dreifingu.

Lita björtum augum á framtíðina

„Það hafa verið snúnar vikur undanfarið vegna COVID-19 og tímabundið varð Norræna að hætta siglingum með farþega. Smyril Line brást snögg við því og færði Akranes til á dögum til að tryggja útflytjendum sínum sama afhendingartíma í Evrópu og Norræna hafði gert áður. Fjórum vikum síðar var Norræna aftur farin að sigla og öll skipin okkar komin á sínar fyrri áætlanir,“ segir Björgvin.

„Við hjá Smyril Line Cargo lítum björtum augum á framtíðina. Við finnum það á viðtökunum að viðskiptavinir okkar eru ánægðir með þær viðbætur sem gerðar hafa verið með fjölgun skipa og aukinni tíðni og nýir viðskiptavinir bætast við. Við höfum á að skipa góðum, samheldnum hópi starfsmanna á öllum okkar starfsstöðvum. Við finnum sterkt hversu mikilvægur hlekkur við erum í þeirri virðis-keðju sem afar viðkvæmir flutningar viðskiptavina okkar eru og þeir setja traust sitt á okkur.“



Sildarvinnslan í Neskaupstað en þar hefur verið brugðist við COVID-19 á skipulagðan hátt.

Gunnþór Ingvason, framkvæmdastjóri Sildarvinnslunnar, segir að á hverri starfsstöð fyrirtekisins hafi verið gripið til aðgerða samkvæmt viðbragðsáætlun og skipulagi starfsmanna breytt í þeim tilgangi að minnka líkur á smiti og tryggja að smit eigi ekki greiða leið að starfsmönnum.

„Á öllum vinnustöðunum hefur verið lögð áhersla á handþvott og notkun sótthreinsivökvu. Þá eru allir helstu snertifletir sótthreinsaðir reglulega. Óviðkomandi heimsóknir á vinnustaði eru bannaðar og starfsmönnum er ekki heimilt að fara á milli starfsstöðva fyrirtækisins. Farið er fram á að starfsmenn fari ekki í ferðalög nema brýna nauðsyn beri til og taki ekki þátt í mannaátum eða viðburðum af neinu tagi. Áhersla er lögð á að allir fundir fari fram í gegnum síma eða fjarfundabúnað. Þá eru starfsmenn eindregið hvattir til að kynna sér upplýsingar og leiðbeiningar sem koma fram á covid.is. Allar upplýsingar um aðgerðir á starfsstöðvunum eru birtar á íslensku, ensku og pólsku,“ segir Gunnþór.

Seyðisfjörður

„Í frystihúsi Sildarvinnslunnar á Seyðisfirði hefur starfskipulagi verið gjörbreytt. Til dæmis má nefna að í vinnslusal er starfsfólki skipt upp í fimm hópa og þess gætt að enginn samgangur sé á milli hópanna. Mikið er lagt upp úr svonefndri tveggja metra reglu og því er einungis unnið á öðru hverju borði í salnum og eins er reglan virt á kaffistofunni. Samþæfilegar ráðstafanir hafa verið gerðar varðandi starfsmenn í vélasal, verkstæði og í móttöku.

Neskaupstaður

Í fiskiðjuverinu í Neskaupstað hefur starfsfólki verið skipt á tvö svæði og er enginn samgangur á milli starfsfólks á hvoru svæði. Sama gildir um verkstjóra og iðnaðarmenn. Verkstjórnarmyndi tvo hópa en tíu iðnaðarmenn vinna ýmist stakir, eða í tveggja manna hópum eða einum þriggja manna hópi. Starfsmenn verktakafyrirtækja þurfa að hlíta þeim öryggisreglum sem almennt gilda og er þeim ekki heimilt að nýta starfsmannarými.

Aðgerðir vegna kórónaveirunnar

Á öllum vinnustöðum Sildarvinnslunnar hefur verið brugðist við COVID-19 með skipulögðum hætti. Innan fyrirtækisins starfar viðbragðshópur sem heldur fjarfund hvern einasta vinnudag og fer yfir stöðu mála.



Hér er unnið við uppskipun á Bergey sem er í eigu Sildarvinnslunnar.



Skipt upp í hópa

Í fiskimjölsverksmiðjunum í Neskaupstað og á Seyðisfirði er starfsmönnum skipt upp í tvo hópa þegar ekki er vinnsla og þess vandlega gætt að samskipti þeirra

séu sem minnst. Hvorum hópi fyrir sig er síðan skipt upp í minni hópa. Þegar unnið er á vöktum er lögð áhersla á að samskipti manna við vaktaskipti séu engin. Eins er lögð áhersla á að starfs-

“Í fiskimjölsverksmiðjunum í Neskaupstað og á Seyðisfirði er starfsmönnum skipt upp í tvo hópa þegar ekki er vinnsla og þess vandlega gætt að samskipti þeirra séu sem minnst.

menn í mjöhlúsi umgangist ekki aðra starfsmenn og sama gildir um efnarannsóknemann. Þá er lögð áhersla á að starfsmenn á skrifstofum umgangist ekki aðra starfsmenn.

Reglur skipverja

Við löndun úr skipum er lögð áhersla á að löndunarmenn umgangist ekki skipshafnir og heldur ekki starfsmenn verk-smiðjanna eða fiskvinnslanna.

Skipverjar á skipum fyrirtækisins hafa þurft að fylgja skýrum reglum. Ætlast er til að þeir haldi sig eins mikið og mögulegt er út af fyrir sig og virði tveggja metra regluna til dæmis í borðsal og í stakkageymslu. Skipverjum er

skipt í hópa á matmálistímum og áhöld, stólar, borð o.s.frv. sótthreinsað eftir að hver hópur hefur lokið máltíð. Matsveinn skammtar á diska og afhendir hnifapör. Skipstjórar og yfirstýrsmenn fari ekki í borðsal og önnur rými skipisins þar sem umferð á sér stað. Þeim skal færður matur. Sama gildir um vélstjóra. Þegar komið er til hafnar er ætlast til að þeir úr áhöfninni sem eiga að fara í næstu veiðiferð haldi sig um borð. Þurfi skipverja að fara í land á milli veiðiferða skal hann gæta ítrustu varúðar og hitta eins fáa og kostur er ásamt því að virða tveggja metra regluna.

Áður en kolmunnaskipin héldu til veiða suður af Færeyjum snemma í aprilmánuði voru allir í áhöfnum þeirra skimaðir fyrir COVID-19 og var ekki látið úr höfn fyrr en niðurstöður skimunarinnar lágu fyrir.

Hrós til starfsmanna

Starfsfólk skrifstofu fyrirtækisins í Neskaupstað var skipt upp í þrjá hópa og voru fjórir að hámarki í hverjum hópi. Þeir sem í hópunum voru hittast ekki, hvorki á vinnustað né utan vinnu. Hinn 27. apríl var fyrirkomulaginu breytt og þá urðu hóparnir tveir talsins,“ segir Gunnþór.

„Full ástæða er til að hrósa starfsmönnum Sildarvinnslunnar fyrir viðbrögðin við þeim ráðstöfunum sem gerðar voru á vinnustöðunum vegna COVID-19. Ráðstafanirnar höfðu í för með sér ýmis óþægindi en allir tóku þeim af miklum skilningi og kvörtuðu ekki. Engum dylst þó að allir verða fegnir þegar unnt verður að hverfa aftur til þess fyrirkomulags sem gildi áður en veiran gerði vart við sig.

Auk ofangreindra aðgerða hafa sjómenn okkar fundið fyrir tekjumissi og breyttri stýringu skipa, við höfum þurft að hægja á bolfiskveiðum og breyta róðraplönnum. Hægt hefur á sölu og birgðasöfnun í frosnum fiski. Enn sem komið er lítur þó ágætlega út með mjöl og lýsismarkaði. Við förum jákvæð inn í sumarið undirbúum komandi makríl- og sumarvertíð með eftirvæntingu eftir betri tímum og spennandi verkefnum. Þó vissulega setji núverandi ástand markaðsaðstæður í mikla óvissu.“




Aukin verðmætasköpun í snjallvinnslu hjá Brim hf.

Í Norðurgarði á Grandanum verður brátt hægt að finna eina fullkornustu bolfiskvinnslu í heiminum. Síðastliðið haust var ráðist í undirbúning á endurnýjun á vinnslunni með fjárfestingu í hátækni upp á þrjá milljarða. Auk þess hefur Brim bætt við sig tveimur nýjum ísfisktogurum.

Gísli Kristjánsson, framleiðslustjóri hjá Brim, sem stýrir uppbyggingunni á snjallvinnslunni, segir að markmiðið sé að bæta flæðið og meðhöndlunina á afurðinni og hámarka gæðin og nýtinguna. Stefnt er á að vinnslan verði tilbúin að fullu í sumar.

Gísli hefur starfað hjá Brim síðan haustið 2013 þegar hann útskrifaðist sem iðnaðarverkfræðingur frá Háskóla Íslands. Þá sinnti hann ýmsum verkefnum á bolfisksviðinu, en hefur núna leitt vinnsluna í rúm þrjú ár. Reynsla hans af sjávarútvegi nær þó töluvert lengra aftur. Tólf ára byrjaði hann að vinna í fiskvinnslu á Ísafirði yfir sumartímann og þekkir því vel til vinnslu án hátæknivéla. „Ég vann hjá Hraðfrystihúsinu Gunnvöru og var aðallega í lausfrystingu og pökkun á léttsoðtuðum þorskflökum. Eðli landvinnslu á bolfiski hefur breyst töluvert á síðastliðnum áratugum og mikil aukning hefur orðið í vinnslu á ferskum afurðum. Aukningin hefur að vissu leyti haldist í hendur við bættu meðhöndlun




Nýja vinnslulínan frá Marel sem er að komast í gagnið hjá fyrirtækinu.

hræfnis sem hefur leitt til meiri gæða og geymsluþols. Svo hafa vinnuáðstæður starfsfólks batnað til muna með aukinni tækni- og sjálfvirknivæðingu," segir hann. Þegar Gísli hóf störf hjá Brim árið 2013 var tiltölulega nýbúið að taka í notkun fyrstu vatnsskurðarvélina sem fyrirtækið þróaði í samstarfi við Völkú. Vélin leysti þá manns-

höndina af hólmi við að skera bein-garðinn úr flökunum og byltingin var hafin.

Fyrst með mannláusa lest

Vinnslan er þó ekki eini angi fyrirtækisins sem verið er að endurnýja. Á árunum 2017-2018 lét Brim smíða tvo nýja ísfisktogara í Tyrklandi sem komu í



Nýi vinnslusalurinn er sérhannaður fyrir starfseminu hjá Brim.

stað 30 til 40 ára gamalla skipa. Við hönnun nýju skipanna var leiðarljósið að minnka olíunotkun, bæta meðhöndlun og kælingu hræfnisins um borð í skipinu og bæta aðbúnað sjómanna.

„Þessi skip eru þau fyrstu sinnar tegundar sem eru með mannláusa lest en kór með fiski fara sjálfvirk ofan í lestina eftir

áð fiskinum hefur verið raðað í þau uppi á millidekki," segir Gísli. Akveðin slysaætta skapadist við vinnu í lestinni og með þessari tæknivæðingu jókst öryggi sjómanna. Í skipunum er fiskurinn ofurkældur niður í allt að -1°C og svo geymdur við sama hitastig. Skipin eru íslaus og fiskurinn kældur í kælitönkum

Gísli Kristjánsson, framleiðslustjóri hjá Brim, stýrir uppbyggingunni á snjallvinnslunni.



Höfuðstöðvar Brims eru á Grandanum.



Mannhöndin kemur hvergi nærri þökkun á fiski.

Undanfarin ár hafa tækniframfarir í sjávarútveginum verið örvar og viðskiptavinir víðs vegar um heiminn gera stöðugt meiri kröfur.

Það markmið að vigtin sé sem næst söluvigt.

Frágangur á ferskfiskkössum er einnig sjálfvirkur, þ.e. merking á kössum, is og ásetning á loki. Að lokum er kössunum raðað á bretti eftir afurðum án þess að mannshöndin komi nærri – nema til að forrita tölvustýrðan vélbúnaðinn. Gísli segir að það sé einnig beint flæði frá vatnsskurðarvélum í lausfrystingu. „Þökkunarstöð fyrir frýstar afurðir var endurnýjuð fyrir tveimur árum og er mun sjálfvirkari og afkastameiri en búnaðurinn sem hún leysti af hölmum.“

Við hönnun á vinnslulínunni er mikil áhersla lögð á straumlínulögun á vinnslufæðinu. Allt hráefni er keyrt hratt frá hausun og flökun, í gegnum vinnslulínurnar

sem notast við glycol-tækni. Brim er líka búð að gera betrumbætur á bryggjukantinum og endurnýja hráefniskælinn svo hægt sé að viðhalda sama geymsluhitastigi þegar fiskinum er landað og þangað til aflinn fer inn í vinnsluna.

Í vinnslunni er unninn ufsi, þorskur og karfi. Helsti tækjabúnaður bolffiskvinnslunnar sem verður endurnýjaður, kemur frá Marel. Þá hefur Brim fjárfest í tölvustýrðum vélum (róbótum) sem hella úr körum, stafla og raða ferskum fiski á bretti.

Beingarður skorinn með vatni í háþróaðri tækni

„Eftir hausun, flökun og forsnyrtingu fer flakið inn í vatnsskurðarvél þar sem háþróað röntgentækni er notuð til að greina beingarðinn. Vélín sker beingarðinn úr með vatnsskurði og í samvinnu með hnífalausnum sem eru í vélinni er flakið skorðið í bita eftir uppskrift sem vélinni er sett fyrir,“ segir Gísli. „Með þessu er verið að hámarka hlutfall verðmætustu bita fiskflaksins. Einsleitni afurðanna verður einnig meiri þegar allt er skorðið í vél samanborið við þegar flökin eru handskorin af mörgum einstaklingum.“

Bitarnir eru svo aftur greindir með Sensor X beinaleitarkerfi. Brim er fyrsta fyrirtækið sem innleiðir þessa tækni sem veitir í rauninni tvöfalda tryggingu. Þetta er bylting fyrir neytendur vörunnar sem geta núna verið fullvissir um að varan sé algjörlega beinlaus.

Næst tekur annað hvort lausfrysting eða ferskfiskþökkun við eftir því hverju óskað er eftir hverju senni. Tölvustýrðar vélar pakka ferskum flakabítum í kassa og með því er verið að minnka yfirvigt þar sem vélín samvelur bita í kassa með



Fiskurinn er beinhreinsaður og pakkað með sérútbúnum tækjum.

Þorskveiði verður svo aftur aukin þegar markaðurinn kallar á það.

Gísli segir þetta mögulegt þar sem kerfið sé byggt þannig upp með aflaheimildum að fyrirtæki ráði því hvenær ólíkar fisktegundir séu veiddar. „Þetta er auðvitað gríðarlega mikilvægt og hjálpar okkur að stýra veiðunum og bregðast við stöðunni á mörkuðunum. Þannig verður reksturinn arðbærastur, skilar sem mestum verðmætum til þjóðarbúsins og skapar sem flestum vel launuð störf. Gott samstarf og upplýsingaflæði milli útgerðar, vinnslu og sölufólks er lykillinn að góðum árangri og gerir okkur líka kleift að veita okkar viðskiptavinum sem besta þjónustu,“ segir Gísli.

Brautryðjandi á heimsvísu

Fjárfestingar í nýsköpun vinna saman í að viðhalda þeim gæðum sem íslenskar sjávarafurðir í hreinum sjónum við Íslandsstrendur státa af. Undanfarin ár hafa tækniframfarir í sjávarútveginum verið örvar og viðskiptavinir víðs vegar um heiminn gera stöðugt meiri kröfur. Gísli imprar á mikilvægi þess að halda í við tækniframfarirnar og að ekki megi missa af lestinni. „Við viljum vera framarlega í okkar fagi og vinnslan í Norðurgarði verður brautryðjandi á heimsvísu.“

En það er ekki sjálfgefið að taka þátt í tækniþróun því hún kostar sitt. Til að ráða við slíkar fjárfestingar verði fyrirtæki að vera nokkuð stór og fjárhagslega sterk. „Önnur lönd horfa til íslensks sjávarútvegs og kvótakerfis. Við erum mjög framarlega í rekstri sjávarútvegs, gæðum, sjálfbærni og hátækni.“

Gísli þekkir þetta sjálfur vel. Hann vann í Japan í tvö sumur hjá sölufyrirtækinu Icelandic Asia þegar hann var háskólanemi. „Það var skemmtileg reynsla og gaf mér færi á að sjá íslenska sjávarútveginn frá öðru sjónarhorni. Það er líka gott fyrir mig að þekkja söluhlutann af virðisbæturinni því þetta helst allt í hendur. Til þess að geta skilað af sér bestu vörunni er mikilvægt að geta fylgt henni frá því að hún kemur í trollið og þangað til hún er komin á disk neytandans.“

Nálægðin við hátæknifyrirtæki eins og Marel og Völku er samstarf sem leitt hefur af sér tækninýjungar sem eru fremstar í sínum flokki. Fyrirtækin eru með gott aðgengi að sjávarútvegsfyrirtækjum hérna heima og samtalið á milli leiðir af sér tækni sem leysir raunveruleg vandamál og betrumbætir greinina. Brim hefur tekið virkan þátt í þróun á hátæknibúnaði í sjávarútvegi og vann meðal annars að þróun á fyrstu vatnsskurðarvélunum í samvinnu við Völku. Síðan þá hefur félagið einnig fjárfest í næstu kynslóð vatnsskurðarvéla frá Völku sem notaðar eru í karfavinnslunni.


Sjálfvirkni og nýsköpun er spennandi en á sama tíma koma efasemdir oft fram í umræðunni og hræðsla við brotthvarf starfanna sem tæknin tekur yfir. Aðspurður segir Gísli að erfiðum og einhæfum störfum fækki vissulega en önnur störf sem krefjast öðruvísi færni og þekkingar verði til í staðinn. Í vinnslunni í Norðurgarði er verið að þjálfa núverandi starfsfólk og undirbúa það til að takast á við nýja tækni því störfin hjá sumum komi til með að breytast. „Starfsfólkidi er jákvætt fyrir þessum breytingum og þykir þróunin vera í rétta átt. Við erum heppin því hjá okkur starfar frábært fólk.“

Hlakkur til að taka nýja tækni í gagnid fljótlega

Gísli hlakkur mjög til að taka í gagnid nýja tækni í Norðurgarðinum. Hann segir sjávarútvegin hafa átt stóran hluta af hug sínum og hjarta til unga aldra og finnst áhuginn á greininni vera að aukast meðal ungs fólks á Íslandi. Greinin er að þróast hratt og störfin innan hennar verða fjölbreyttari með hverju árinu. Gæðin og afköstin aukast verulega og Gísli segir að næstu tíu ár verði mjög áhugaverð. „Önnur lönd eru farin að gefa í og það er hvergi verið að hægja á.“

Það er gaman að hugsa til þess að tólf ára guttinn sem starfaði í fiskvinnslunni á Ísafirði leiddi núna uppbyggingu á fullkomnustu bolffiskvinnslu í heiminum.

Höfundur: Vigdís Ingibjörg Pálsdóttir



KÖFUNAR ÞJÓNUSTAN EHF

sími 863 5699 • www.kafari.is

Allt til merkingar og pökkunar

Límniðar
Prentarar
Plast
Vogir
Pökkunarvélar
Plöstudunarvélar
Sorppressur o.fl.




Úrval varahluta og
aukabúnaðar

Bodtækni

Tækniþjónusta
Viðgerðir
Viðhald

Selhellu 13 • 221 Hafnarfirði • Sími 554 0500 • bodtaekni.is



Blái herinn 25 ára

Markaðurinn er á frettabladid.is

Markaðurinn færir þér nýjustu
viðskiptafréttirnar og greinargóða
umfjöllun um viðskiptalífið.



Ekki missa af neinu, fylgdu
Fréttablaðinu á Facebook



Dælur eru okkar fag

Öll almenn viðgerðarþjónusta
á dælum og tengdum búnaði
ásamt dæluhúðun



421 4426



info@maris.is



www.maris.is



Cuxhavengata 1
220 Hafnarfirði



MARIS

– Áratuga reynsla –

Öflugur samstarfsaðili í sjávarútvegi

Hjá Landsbankanum starfar öflugur hópur sérfræðinga með mikla
reynslu sem aðstoðar þig við að koma hugmyndum í framkvæmd.
Við tökum virkan þátt í uppbyggingu í sjávarútvegi og erum traustur
bakhjarl og samstarfsaðili.



Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



Sósan örlítið þykkari á óviðrisdögum

Sigurður Jónsson starfar sem matreiðslumaður á togaranum Viðey. Hann lýsir sjálfum sér sem svokallaðri A-týpu og segir nýbakaðar pönnukökur og kleinur sjaldnast klikka meðal skipverja.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserana@frettabladid.is



Óhætt er að fullyrða að Sigurður búi yfir víðtækri reynslu af bæði matreiðslu- og sjómennsku. „Ég er lærður bakari og eftir að hafa starfað við fjölbreytt störf í landi, lengst af við matvælaframleiðslu réði ég mig í fyrsta skipti á sjó, sem háseti, rétt eftir bankahrun.“

Eldhúsið frekar en brúin

Sigurður segir ástríðu sína alltaf hafa legið í eldamenskunni en ákvað þó að næla sér í starfsréttindi sem gerðu honum kleift að afla sér reynslu á sjónum. „Fljótlega var ég kominn í fastar afleysingar á dekki sem háseti en stefnan var alltaf að komast í eldhúsið því matargerðarlist í mjög víðtækum skilningi er eitt af mínum stærstu áhugamálum. Þrátt fyrir það tók ég upp á því að fara í fjarnám og ná mér í stýrimannsréttindi. Það gerði ég aðallega til þess að koma mér fyrir inn í starf sjómannsins þar sem mig vantaði starfsreynsluna sem sjómaður frekar en réttindin. Ég vissi samt alltaf að eldhúsið ætti betur við mig en brúin.“

Það var þó ekki allt sem hreif hann við starf kokksins. „Þegar ég ákvað á sínum tíma að læra bakaraið stóð valið á milli þess eða matreiðslu. Ég valdi bakarann því mér fannst vinnutíminn hjá kokkum þá vera lítt heillandi svo ég var óskiljanlega smeykur við að fara að læra og starfa við mitt helsta áhugamál að kokka. Þá unnu kokkar mest á kvöldin og um helgar en bakarinn var mættur snemma og yfirleitt búinn um eða upp úr hádegi. Það hentaði A-týpu



Sigurður Jónsson, eða Siggie eins og hann er kallaður, segir mikla samheldni og vináttu einkenna lífið og starfið meðal áhafnarinnar á togaranum Viðey. MYND/FROSTI GNARR

eins og mér betur. Að vera kominn snemma á fætur.“

Nú hefur honum tekist að flétta saman það besta úr báðum heimum, ef svo má að orði komast. „Í dag er ég búinn að sameina allt þetta, þ.e.a.s. helstu kostina við að starfa við áhugamálið með frábærum vinnufélögum. Einn af stærstu kostunum við starf sjómannsins eru möguleikar á góðri frítöku ef menn kjósa það og kunna að njóta þess. Ég er alltaf að læra betur og betur að meta það

og nýti friin mín vel í að styrkja sambönd mín við mína nánustu. Ég nýti frítíma minn eins og ég get með dóttur minni og afastrák. Svo rækta ég líkama og sál á margvíslegan hátt. Styrki líkamsræktarstöðvar fjárhagslega án þess að nota þær en nota reiðhjól bæði á sjó og í landi til þess að halda mér í formi.“

Áhöfnin sem fjölskylda

Blaðamaður spyr Sigurð að því hvort eitthvað sé til í þeirri lýsingu

„Einn af stærstu kostunum við starf sjómannsins eru möguleikar á góðri frítöku ef menn kjósa það og kunna að njóta þess.“

fisk heldur en hinn. Svo eru jú líka til einstaklingar sem borða alls ekki fisk. Maður reynir að hjálpa þeim eins og kostur er að koma þeim á bragðið. Stundum gengur það ekki en þá er eitthvað annað í boði svo menn svelti nú ekki.“

Hver er vinsælasti rétturinn hjá þér?

„Það er mjög einstaklingsbundið. Við erum 15 í áhöfn og því jafnmargar tillögur að því. Svo fer þetta mikið eftir því hvort menn eru að koma beint af eða að fara á vakt. Mér finnst leggjast best í strákana að hafa fjölbreytni. Auðvitað festist maður í einhverjum réttum sem seljast vel. En ef ég á að velja vinsælasta réttinn er það eitthvað sem ég hef ekki verið með áður og mönnum líkar vel við. Hann er sá vinsælasti þar til einhver annar nýr og góður réttur dettur inn.“

Þegar það er bræla og menn geta kannski ekki stundað sína sjómennsku, breytist eitthvað hjá þér?

„Við erum svo heppnir að Viðey er eitt af betri sjóskipum flotans. Þar af leiðandi eru frátafir frá veiðum ekki miklar vegna veðurs. Að sjálfsögðu koma dagar sem eru slæmir og síðastliðinn vetur var með óvenju marga brældaga þó frátafir hafi ekki verið miklar. Sama hvernig veðrið er þurfa menn að borða, því breytist viðvera kokksins ekki mikið þó það séu frátafir frá veiðum. Það sem breytist er kannski það sem er boðið upp á og á verstu dögum er sósan kannski örlítið þykkari en á venjulegum degi svo hún haldist nokkuð vel á diskinn.“

Eru einhverjir sérstakir réttir á boðstólum á hátíðisdögum?

„Á stærstu hátíðisdögum gerum við betur við okkur en á venjulegum degi. Það er ekkert fast hvað borið er fram en við leggjum aðeins meira í það en hversdagslega. Svo er sunnudagssteik og þegar einhver í áhöfninni á afmæli og heldur upp á það um borð gerum við okkur dagamun sem mest að óskum afmælisbarnsins og syngjum afmælissönginn fyrir viðkomandi óumbeidd á kvalfullan hátt fyrir viðkomandi.“


að eldhúsið um borð sé hjarta vinnustaðarins. „Það er alveg hárrétt. Ég er mjög heppinn með áhöfn. Það er mikil samheldni í áhöfninni og flestir og nánast allir unnið lengi saman. Það eru forréttindi að vinna með áhöfn eins og á Viðey. Það má líkja góðri forréttindaáhöfn eins og ég er hluti af saman við ákveðið fjölskyldumynstur. Yfir árið er áhöfnin mikið saman og því má segja að vinnustaður áhafnarinnar sé hennar annað heimili. Þess vegna má segja að eldhúsið og messinn séu hjarta vinnustaðarins líkt og á hverju heimili. Þar hittast allir á vaktaskiptum, borða saman og eyða saman frítíma. Svo er nokkuð öruggt að kokkurinn sé á svæðinu sem er jú ómissandi að hitta að minnsta kosti tvisvar sinnum á hverri vakt svo menn haldi geðheilsu.“

Eldar þú fisk sem áhöfnin veiðir?

„Að sjálfsögðu. Ég elda fisk í annað hvert mál. Að vera kokkur á fiskiskipi eru forréttindi hvað þetta varðar. Ég kemst á ferskasta fiskmarkað sem til er á degi hverjum og get valið úr fjölda tegunda. Á góðum degi get ég valið +/- 8 mismunandi tegundir af ferskasta hágæða hráefni. Það er alltaf tilhlökkunarefni hjá mér að fara niður og velja fisk til að flaka í matinn.“

Vilja sjómenn yfirhöfuð borða fisk þegar þeir eru að veiða hann?

„Í langflestum tilfellum er það þannig og um borð hjá okkur er það þannig. Auðvitað er það þannig að einum líkar betur við þennan



Þekking og þjónusta





TIL SJÁVAR
OG SVEITA

VIÐSKIPTAHRADALL FYRIR NÝJAR LAUSNIR Í LANDBÚNAÐI, HAFTENGÐUM IÐNAÐI OG SMÁSÖLU

Óskað er eftir öflugum teymum með verkefni sem snúa að hátækni í matvælaíðnaði, nýjum lausnum í landbúnaði og haftengdum iðnaði og betri nýtingu hráefna þar sem sjálfbærni og nýsköpun eru höfð að leiðarljósi.

Einnig er óskað eftir nýjum tæknilausnum á sviði smásölu, s.s. við birgðastýringu, greiðslumiðlun og flutning.

Sæktu um á tilsjavarogsveita.is
UMSÓKNARFRESTUR TIL 15. JÚNÍ



ICELANDIC
STARTUPS


Matarauður
Íslands

matis

SJÁVAR
KLASINN

LANDBÚNAÐAR
KLASINN

nettó



KÖFUNARÞJÓNUSTA

fyrir útgerðir, hafnarmannvirki, virkjanir og kvikmyndaiðnaðinn

- **Almenn þjónusta við skip og útgerðir:**
Botnskoðun, fórnarskaut, botnþrif, botnlökar, pólering á skrúfu, botnstykki
- **Bryggjuþil:**
Ástandsskoðun og skýrslugerð, tillögur að úrbótum, viðgerðir vegna tæringar og ákomu, fórnarskaut



KÖFUNAR
ÞJÓNUSTAN EHF


Vottaðir suðumenn / viðurkenndir af fjórum flokkunarfélögum

Sími 863 5699 • www.kafari.is



leiðina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Próun atvinnuleysis



verðum að halda fyrirtækjum gangandi, þótt það kosti ríkissjóð mikið fé, vegna þess að kostnaðurinn fyrir samfélagið af því að gera ekkert og missa fólk í langtímaatvinnuleysi verður alltaf meiri," segir Halldór Benjamín.

Lifa ekki uppsagnir af

Endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtækið Deloitte veitir fjölda fyrirtækja fjárhagslega ráðgjöf þessa dagana. Ingvi Björn Bergmann, sviðsstjóri endurskoðunar Deloitte, segir að flest ferða-

Ég held að það sé nokkuð ljóst að atvinnuleysi muni fara yfir tíu prósentin, allavega í nokkra mánuði.

Katrín Ólafsdóttir, fulltrúi í peningastefnunefnd SI



Tengsl milli atvinnuleysis og dánartíðni

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands, segir að eftir því sem atvinnuleysi aukist og vari lengur sé líklegra að afleidd áhrif þess geti orðið djúpstæð, aukid misskiptingu og sett neikvætt mark á heilsu og líðan þjóðarinnar.

Flestum rannsóknum beri saman um að atvinnuleysi geti haft neikvæð áhrif á heilsu og líðan þeirra sem í hlut eiga. Það eigi ekki einungis við um einstaklinga sem missa vinnuna heldur einnig nánustu ættingja þeirra, einkum börn.

„Rannsóknir hafa einnig sýnt tengsl á milli atvinnuleysis og aukinnar dánartíðni, meðal annars vegna sjálfsvíga. Atvinnu- og tekjumissi geta fylgt geðræn vandamál, svo sem þunglyndi og kvíði, sem síðan getur haft neikvæð áhrif á möguleika þeirra sömu til að fá vinnu á ný eða jafnvel dregið úr því að þau leiti sér að vinnu," segir Guðbjörg Linda.

Fólk í þessari stöðu getur misst trúna á sjálfu sér og samfélaginu að sögn Guðbjargar Lindu. Þá aukast líkurnar á sambands slitum og hjónaskilnuðum í kjölfar aukins andlegs álags og áhyggna af fjármálum sem atvinnuleysisinu fylgja.

„Neikvæð áhrif efnahagskreppunnar á heilsu og líðan getur varað lengur en áhrif sjálfrar veirunnar. Miklu atvinnuleysi fylgir aukid óöryggi á vinnumarkaði og fólk sem hefur vinnu óttast uppsagnir. Sá ótti getur valdið kvíða og vanlíðan. Óvissan getur einnig veikt samningsstöðu einstaklinga og aukid líkur á að brotið sé á lögvörðum réttindum þeirra," segir hún.

Þá bendir Guðbjörg Linda á að rannsóknir, sem hún vann með öðrum félagsfræðingum, hafi sýnt að líðan tiltekinna starfshópa hafi versnað í kjölfar efnahagskreppunnar 2008, einnig þeirra sem ekki misstu vinnuna. Þetta átti einkum við um starfsfólk á vinnustöðum sem höfðu orðið fyrir beinum niðurskurði, án þess þó að viðkomandi starfsfólki hefði verið sagt upp.

„Þessi aukna vanlíðan kom ekki einungis fram strax í kjölfar bankahrunsins heldur í nokkur ár þar á eftir, meðan vinnumarkaðurinn var að jafna sig á ný og aukid álag og óvissa var enn til staðar," segir Guðbjörg Linda. Því sé mikilvægt að efla starf sem miðar að því að koma hjólum atvinnulífsins í gang á ný.

Ég held að við séum að fara að sjá stórar uppsagnir um þessi mánaðamót, meðal annars hjá fyrirtækjum sem ákváðu að nýta hlutabótaleiðina í von um að ástandið myndi batna fljótlega.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness



Ábyrgðarlaust að gera ekki neitt Launahækkningar tengdar Lífskjarasamningnum tóku gildi í byrjun apríl og verða greiddar út um næstu mánaðamót. Ekki hefur náðst samkomulag milli Samtaka atvinnulífsins og verkalýðshreyfingarinnar sem tekur mið af breyttum aðstæðum.

„Það liggur í augum uppi að launahækkningar, á sama tíma og meira en 50 þúsund manns eru á atvinnuleysisbótum eða hlutabótum, eru beinlínis skaðlegar og ganga gegn markmiðinu um að bæta lífskjör fólks," segir Halldór Benjamín.

Katrín segir að óbreytt staða í kjaramálum hjálpi ekki til enda sé ljóst að launahækkningar sem fylgdu Lífskjarasamningnum hafi lagst þungt á mörg fyrirtæki. Hægt væri að fara svipaða leið og eftir hrun með Stöðugleikasáttmálanum þegar launahækkunum var frestað og gildistími kjarasamninga var lengdur.

„Það myndi gagnast fyrirtækjum sem byggja starfsemi sína á innlendra eftirspurn, svo sem matvöruverslunum, en aftur á móti hefði það litla þýðingu fyrir fyrirtæki sem eru ekki með neinar tekjur," bætir Katrín við.

Verkalýðsfélag Akraness (VLFA), VR, Landssamband verslunarmanna og Framsýn stéttarfélag ákváðu í byrjun vikunnar að hefja beint viðræður við Samtök atvinnulífsins. Vilhjálmur, formaður VLFA, sagði nýlega af sér sem varaforseti Alþýðusambandsins og Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, sagði sig úr miðstjórn sambandsins eftir að meirihluti miðstjórnar féllst ekki á tillögur þeirra um að koma til móts við atvinnurekendur með tímabundinni lækkingu mótframlags.

Vilhjálmur segir það nauðsynlegt til að verja Lífskjarasamninginn og launahækkningar. Samningurinn verði endurskoðaður í september og hætta sé á því að atvinnurekendur segi honum upp ef hjól hægkerfisins verði ekki farin að snúast á ný.

„Til þess að verja samninginn þurfum við að hugsa út fyrir kassann og jafnframt reyna að koma til móts við atvinnulífidi í þessum fordæmalausu aðstæðum. Það er í mínum huga ábyrgðarlaust af verkalýðshreyfingunni að sitja á hliðarlínunni og horfa upp á félagsmenn engjast um í atvinnumissi vegna þess að eitt af meginhlutverkum verkalýðsfélaga er að verja atvinnuöryggi félagsmanna sinna," segir Vilhjálmur.

„Þess vegna lögðum við Ragnar Þór [Ingólfsson] til að farin yrði önnur leið sem er fölgín í því að lækka mótframlag atvinnurekenda tímabundið, úr 11,5 prósentum niður í 8 prósent. Launafólk fengi sínar hækkningar en lífeyrissjódir fengju tímabundið minna framlag á meðan við erum að vinna okkur út úr þessu," bætir Vilhjálmur við. Aðspurður játar hann því að ólík sjónarmið sé innan verkalýðshreyfingarinnar.

„Forseti Alþýðusambandsins lagði það til að öllum launahækk-

Þessi fyrirtæki taka einn dag í einu og munu ekki þrauka til sumarsins 2021 ef næsta sumar verður afskrifað.

Ingvi Björn Bergmann, sviðsstjóri endurskoðunar Deloitte



unum yrði frestað. Við lögðum til hina leiðina sem er mun skynsamari en niðurstaðan varð síðan sú að gera ekki neitt. Ég er ekki að segja að með okkar leið takist að bjarga öllum störfum en hún sýnir viðleitni verkalýðshreyfingarinnar til að standa vörð um störf félagsmanna. Það er ekkert verra en að fólk missi vinnuna og sitji uppi með gríðarlega skerðingu á sínum launum," segir Vilhjálmur.

Ertu bjartsýnn á að samkomulag náist við atvinnurekendur?

„Ég ætla ekki að útiloka það. Á Akranesi erum við að tapa störfum eins og enginn sé morgundagurinn og ég ætla ekki að horfa upp á slíkt gerast ef það er einhver leið til að milda áhrifin en um leið verja launahækkningar. Eflaunafólk stendur frammi fyrir tveimur slæmum valkostum, þá er ég sannfærður um að meira en 90 prósent félagsmanna myndu velja það að halda launahækkuninni en lækka mótframlagið tímabundið. En að gera ekki neitt er ábyrgðarlaust," segir Vilhjálmur.

Vandamál til lengri tíma

Atvinnuleysi er ekki háð hagsveiflum að öllu leyti að sögn Halldórs Benjamíns en hann metur það sem svo að náttúrulegt atvinnuleysi á Íslandi aukist með tímanum.

„Það þýðir að fjöldi á atvinnuleysisískrá þegar enginn slaki er í hægkerfinu verði meiri í framtíð en fortíð. Rökin liggja í tækniframförum og tölvustýrðri sjálfvirkni í stað vinnandi huga og handa sem verða stöðugt útbreiddari. Á sama tíma fer fæðingartíðni fallandi og hlutfall starfsmanna yfir miðjum aldri fer vaxandi, en lengri tíma tekur fyrir þá að finna störf en yngra starfsfólk," útskýrir Halldór Benjamín og nefnir sem dæmi að sjálfvirkni í rekstri hafna og vöruhúsa hafi aukist til muna á undanföllum árum.

„Burtséð frá yfirstandandi hamförum hygg ég að við sem þjóð þurfum, til lengri tíma titið, að undirbúa okkur undir meira atvinnuleysi en við höfum átt að venjast," bætir hann við.

Ingvi Björn hjá Deloitte segir að launa- og kostnaðarhækkningar hafi knúið atvinnurekendur til að leita leiða til að hagræða í rekstri.

„Við höfum fundið fyrir mikilli eftirsókn í sjálfvirknilausnir sem einfalda fjárhagsferla og auka skilvirkni og lækka því kostnað fyrirtækja," segir Ingvi Björn.

Gefa út 400 hljóðbækur á íslensku

Storytel er næststærsta bókaforlag landsins. Salan til nýrra notenda tvöfaldast á hverjum degi eftir samkomubann. Storytel stefnir á hagnað innan þriggja ára. Starfsemin á Íslandi stendur undir sér. Að meðaltali hlustar hver notandi á tvær til þrjár bækur á mánuði.

Helgi Vífill
Júliusson
helgivilfill@frettabladid.is



Storytel stefnir á að gefa út yfir 400 hljóðbækur á íslensku í ár. Í fyrra gaf fyrirtækið út 346 hljóðbækur á íslensku og árið áður um 250. Þetta segir Stefán Hjörleifsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins hér á landi. „Það kemur því meira en ein hljóðbók út á dag frá okkur,“ bendir hann á.

Sænska fyrirtækið Storytel, sem meðal annars var stofnað af Jóni Haukssyni, hóf starfsemi hér á landi við kaup á hljóðbókafyrirtækinu Skynjun árið 2017, sem Stefán hafði átt og rekið frá árinu 2011. „Helsti munurinn á Storytel og Audible, sem er í eigu Amazon, er að við bjóðum upp á innlent efni í 20 löndum,“ segir Stefán.

Borgar sig að bjóða upp á hljóðbækur á íslensku?

„Já. Starfsemin gefur af sér umtalsverðar tekjur fyrir alla sem koma að málum eins og rétthafa og skapar ýmis afleidd störf. Storytel er skráð á hlutabréfmarkað og því má ég ekki farið of náði í saumana á þeim þætti. Fyrirtækið í heild sinni er ekki enn farið að skila hagnaði en stefnir á að gera það innan þriggja ára en Ísland er einn þeirra markaða sem standa undir sér.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni vorum við með um 18-20 prósent af tekjum bókaútfendna á síðasta ári. Við erum því líklega næststærst á bókamarkaðnum. Umsvifin eru farin að skipta verulegu máli. Storytel er með tíu starfsmenn hér á landi sem annast fyrst og fremst framleiðslu, markaðssetningu og þjónustu. Því til viðbótar hafa á annað hundrað leikara lesið fyrir okkur hljóðbækur og fjöldi verktaaka klippir og prófarkahlustar efni fyrir okkur,“ segir hann.

Samkvæmt tölum frá félagi íslenskra bókaútfendna drögust tekjur íslenskra bókaforlaga saman í áratug en í fyrra jókst salan um 30 prósent. „Það má rekja vöxtinn til innkomu okkar á markaðinn.



„Umsvifin eru farin að skipta verulegu máli,“ segir Stefán Hjörleifsson, framkvæmdastjóri. MYND/ADSEND

Vöxturinn skapar nýjar tekjur fyrir rétthafa. Hljóðbækur taka ekki frá pappírsmarkaðnum heldur skapa aukinn áhuga og um fjórðungur okkar viðskiptavina er nýir lesendur, það er fólk sem ekki las bækur áður.

Stefán segir að frá því að samkomubanni var komið á vegna kórónaveirunnar um miðjan mars hafi fjöldi nýskráninga tvöfaldast á hverjum degi. „Hlustunin hefur aukist samhliða fleiri áskrifendum,“ segir hann. Að hans sögn hlusta Íslendingar mun meira á íslenskt efni en erlent.

Hvernig skiptið þið tekjunum á milli ykkar og bókaforlaga sem gefa út bækur sem streymt er hjá ykkur?

„Kerfið er ekki einfalt en þó vel gegnsætt. Við bjóðum friðan prufuáðgang og okkur þykir mikilvægt að greiða rétthöfum fyrir þá

Fjórðungur okkar viðskiptavina er nýir lesendur, það er fólk sem ekki las bækur áður.

hlustun. Því má segja að um 55-60 prósent teknanna fari til rétthafa. Til samanburðar er álagningin gjarnan um 38-40 prósent hjá hefðbundnum bóksölum. Það verður þó að hafa í huga að okkar viðskiptamódel er ólíkt bóksölu sem hafa skilarétt. Við rekum þjónustuver og markaðssetjum bækur í meiri mæli en bóksalar. Við bjóðum upp

á þjónustu en rekum ekki verslun. Þar liggur munurinn.“

Með hvaða hætti kynnið þið bækurnar?

„Við nýtum netið í miklum mæli, einkum samfélagsmiðla, og njótum þar aðstoðar frá höfuðstöðvunum sem reka stóra deild í stafrænni markaðssetningu. Á Íslandi starfa þrjár við markaðssetningu en vegna aðstoðar frá höfuðstöðvunum er teymið mun fjölmennara.

Það sem skiptir okkur mestu máli í markaðsstarfi er að geta mælt árangurinn; hvaðan viðskiptavinurinn kemur og líftími hans í þjónustunni. Við fylgjumst vel með áskrifendum til að geta bent þeim á áhugavert lesefni. Frá og með má verða til dæmis allar forsiður í appinu okkar klæðskerasniðnar að hverjum notanda, rétt eins og er

hjá Netflix. Ábendingarnar eru einstaklingsmiðaðar og byggja á fyrri notkun.

Sömuleiðis höfum við nýtt sjónvarpsauglýsingar sem hafa reynst vel þegar fólk situr heima vegna kórónaveirunnar. Jafnframt höfum við auglýst á útiskiltum, í útvarpi og víðar. Dagblöð hafa hins vegar ekki hentað okkur.

Markaðsstarfið er farið að skila árangri. Samkvæmt mælingum þekkir fólk vörumerkið okkar æ betur og við skipuðum til að mynda fjórða sætið af íslenskum fyrirtækjum í ánægjukönnun MMR.“

Hvað hlusta notendur á margar bækur á mánuði að meðaltali?

„Að meðaltali hlustar hver notandi á tvær til þrjár bækur á mánuði. Meðallengd bóka er um níu klukkustundir. Við erum samt með fjölda notenda sem hlusta mun meira en það og komast yfir tíu til fimmtán bækur á mánuði. Áskrifendur okkar eru oft miklir bókaunnendur.“

Stefán segir að það vekir athygli að fjöldi bóka, sem vinsælt sé að gefa sem gjafir, sé ekki endilega á meðal vinsælustu bókna hjá þeim. „Oft eru vinsælustu bækurnar okkar þýddar spennusögur.“

Storytel framleiðir eigið efni á borð við Sönn íslensk sakamála. „Við munum stórauka útgáfu á efni í anda þess í því skyni að breikka áskrifendahópinn. Horft er til þess að framleiða vandað hlaðvarp og hefðbundnar bækur. Vaxtarbroddurinn er í Storytel Original, bókum sem rithöfundar skrifa fyrir okkur og minna á Netflix-sjónvarpsþátt. Hver kafli er um klukkustund og hver bók er með átta til tíu kafla. Hver þeirra endar gjarnan á ævispennandi máta og því þyrstir hlustendur í að halda áfram að hlusta.“

Stefán bendir þó á að hlutfall af eigin efni hjá Storytel sé enn of hátt. „Við myndum gjarnan kjósa að íslenskir útgefendur framleiddu meira efni sjálfir. Það skapar meiri fjölbreytni og þá verður framboðið líkara því sem tíðkast erlendis þar sem stærri útgefendur framleiða hljóðbækur í meiri mæli.“

Frábær vinnukraftur!

Bílabúð Benna hækkar ekki verð

Einnig hagstæð kjör í langtímaleigu



COMBO CARGO

Listaverð 2.990.000 kr.

Verð án vsk. 2.411.000 kr.



VIVARO CARGO

Listaverð 3.890.000 kr.

Verð án vsk. 3.137.000 kr.

VIVARO COMBI - 6-9 manna

Listaverð 4.990.000 kr.

Verð án vsk. 4.024.000 kr.

MOVANO CARGO

Listaverð 5.490.000 kr.

Verð án vsk. 4.427.000 kr.



THE FUTURE IS EVERYONE'S

opel.is

Reykjavík
Krókhálsi 9
590 2000

Opið virka daga frá 9 til 18
Laugardaga frá 12 til 16
Verið velkomin í reynsluakstur

Reykjanesbæ
Njarðarbraut 9
420 3330

Opið virka daga frá 12 til 17
Verið velkomin í reynsluakstur

Bílabúð
Benna

Skaginn 3X seldi fyrir 350 milljónir króna til Rússlands

Seldu frystilausn fyrir kalkúnaafurðir. Nýttu þekkingu úr uppsjávarfiski til að framleiða búnað fyrir kjúkling og kalkún. Stjórnandi hjá Skaganum 3X rétt náði að landa samningi áður en útgöngubanni vegna COVID-19 var komið á.

Skaginn 3X hefur samið við rússneska fyrirtækið Damate Group um sölu og uppsetningu á sjálfvirkri frystilausn fyrir kalkúnaafurðir. Söluverðmæti búnaðarins er um 350 milljónir króna og mun uppsetningu hans ljúka í haust.

Damate Group er stærsti framleiðandi kalkúnafurða í Rússlandi. Framleiðsla síðasta árs var um 131 þúsund tonn af kalkúnakjöti sem var um 48 prósentu aukning frá árinu áður.

Pétur Jakob Pétursson, sölustjóri hjá Skaganum 3X, segir að hann hafi rétt svo getað flogið til Rússlands til að ljúka við samninginn vegna aðgerða til að sporna við kórónaveirunni. Sömu sögu var að segja



Pétur Jakob Pétursson, sölustjóri Skagans 3X, í Rússlandi. MYND/ADSEND

þegar hann flaug heim á leið. Hann hafi rétt í tæka tíð komist aftur til Íslands. „Ég millilenti í Kaupmannahöfn á leið til Moskvu. Hálf tíma eftir að ég lenti var ákveðið að loka Danmörku,“ segir hann í samtali við Markaðinn.

Eftir að hafa skrifað undir samninginn við Damate Group lá leiðin

austast til Rússlands í von um að landa öðrum samningi. „Það var tíu tíma innanlandsflug. Landið er afar víðfeðmt,“ segir Pétur Jakob og nefnir að við lendingu hafi ferðalangar á flugvöllinum verið hitamældir til að reyna að koma í veg fyrir útbreiðslu kórónaveirunnar. Rétt eftir að hann flaug heim á leið hafi verið komið á

Ég millilenti í Kaupmannahöfn á leið til Moskvu. Hálf tíma eftir að ég lenti var ákveðið að loka Danmörku.

Pétur Jakob Pétursson, sölustjóri hjá Skaganum 3X.

útgöngubanni í Rússlandi. „Í samningum sem þessum er tekist í hendur en síðan taka lögfræðingar við,“ segir hann og nefnir að útgöngubannið hafi gert það að verkum að lögfræðingarnir hafi orðið að ljúka yfirferðinni með fjarfundabúnaði.

Pétur Jakob segir að Damate Group hafi ekki hikað við að kaupa tækin á tímum kórónaveirunnar. Framleiðsla á kjúklingi og kjöti í Rússlandi hafi aukist mikið frá árinu 2008. Áður fyrr hafi kjötið verið innflutt en nú vilji Rússar efla tækin, verða sjálfbær í matvælaframleiðslu og skapa tekjur með útflutningi á matvælum.

Hann segir að það hafi verið stórt skref fyrir Skagann 3X að yfirfæra þekkingu sem hann hafði í uppsjávarvinnslu á kjúklinga- og kalkúnatæki. Aðspurður segir hann að tækifæri til að selja slík tæki í Rússlandi séu mikil.

helgivifill@frettabladid.is

Hagnaður Jarðborana fjórfaldaðist

Hagnaður Jarðborana nam ríflega 690 milljónum króna í fyrra og nær fjórfaldaðist frá árinu 2018 þegar hann var rúmar 180 milljónir króna, samkvæmt nýlegum ársreikningi félagsins.

Rekstrartekjur voru 8 milljarðar og jukust um ellefu prósent frá fyrra ári þegar þær námu 7,19 milljörðum. Þar af má rekja um fjórutíu prósent teknanna til Íslands og 38 prósent til Karabíska hafsins.

Þá var EBITDA félagsins - afkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta - jákvæð um 1,56 milljarða í fyrra borið saman við 1,07 milljarða 2018. Jarðboranir áttu eignir upp á 6,6 milljarða í lok árs en á sama tíma var eigið fé um 4,2 milljarðar.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa í ár en stærsti hluthafinn er SF III, sjóður á vegum Stefnis sem fjármagnaður er af lífeyrissjóðum og Kaldbaki, fjárfestingafélagi Samherja, með 82 prósentu hlut.

Í ársreikningi er tekið fram að óljóst sé hver áhrif kórónafaraldursins muni verða á starfsemi félagsins.

„Hingað til hafa engar breytingar verið gerðar á verkáætlan og því telur félagið að miðað við stöðuna eins og hún er í dag, þá hafi faraldurinn ekki veruleg áhrif á starfsemi þess og að rekstrarhæfi þess sé tryggt. Hins vegar er óvissa veruleg og ef ekki tekst að stemma stigu við veirunni á næstu vikum og mánuðum gæti verkstaða breyst.“ – Kij

VIÐ VINNUM FYRIR ÞIG.

Traust | Þekking | Árangur

MAGNA

L Ö G M E N N

LOGMENN@MAGNA.IS | 571 5400 | MAGNA.IS



Ætlar að leggja áherslu á skáldskapinn

Svipmynd

Jón Gunnar Geirdal

Nám:

BA í ensku. Er í meistaranámi í ritlist við Háskóla Íslands.

Störf:

■ Hugmyndasmiður og sérfræðingur í plögg hjá markaðsmaskínunni Ysland.
■ Einn af stofnendum Lemon og Blackbox veitingastaðanna.
■ Höfundur að Jarðarförin mín og einn af handritshöfundum.

Fjölskylduhagir:

Trúlofaður fjögurra barna faðir.

Jón Gunnar Geirdal er eigandi Yslands sem sérhæfir sig í afþreyingartengdri kynningarvinnu og vekur þannig athygli á fjölbreyttum verkefnum og viðburðum.

Hvernig finnst þér best að verja fristundum þínum?

Fristundirnar fara flestar í börnin mín fjögur. Oftast þýðir það boltspark í Fifunni, úti í garði eða á einhverjum sparkvöllinum með tveimur stórefnilegum guttum. Fjölskyldan elskar að kynna sér sundlaugar landsins og erum við líka miklir bíófiklar og því tíðir gestir í kvikmyndahúsum borgarinnar.

En ég fæ líka stundum að kjarna mig í bumbubolta, útihlaupum, á fjallahjól í Heiðmörkinni eða í sjónum í Nauthólsvíkinni – það færir þabbanum nærandi núvítundarkraft – lífsins elixir sem gerir mér kleift að ferðast skælbrosandi í gegnum vikuna.

Ef einhverjar sekúndur eru afgang þá reyni ég að nýta þær í hugmyndavinnu og skrifa í athvarfinu mínu. En svo er fátt betra en söfninn og seríu-hámmorff með konunni þegar heimilið er komið í sjaldgæfa ró á kvöldin.

Nærðu að halda jafnvægi milli



Jón Gunnar segist vera heppinn að hafa getað unnið fyrir sjálfan sig síðan 2012. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hefðbundinn yslenskur dagur er marglaga og aldrei innan einhvers fastmótaðs ramma hverju sinni sem er nákvæmlega eins og ég vil hafa það.

vinnu og fjölskyldulífs?

Ég held að jafnvægi milli vinnu og fjölskyldu hafi aldrei verið meira en akkúrat í dag. Ég hef verið það heppinn að geta unnið fyrir sjálfan mig síðan 2012 og getað stýrt tíma mínum sjálfur sem eru mikil forréttindi. Vissulega koma vinnutarnir í kringum ákveðin verkefni en fjölskyldan er alltaf í algjöru aðalhlutverki og ekkert sem mun

breyta því, alveg sama hver verkefni verða í framtíðinni.

Hvernig er morgunrútin þín?

Ég vakna alltaf fyrstur og þegar ég er búinn að drekka í mig einstakt útsýnið yfir Elliðavatnið þá kiki ég aðeins í blöðin áður en ég ræsi eldri börnin þrjú og kem þeim í skólann. Síðan vaknar sá yngsti með móður sinni og við njótum þess að borða morgunmat saman. Ég loka mig svo af í greninu með góðan kaffibolla eða Collab og fer á hugmyndaflug, yslenskum-verkefnum til góðs.

Hvernig er hefðbundinn dagur í starfinu og hvað er mest krefjandi við starfið?

Hefðbundinn yslenskur dagur er marglaga og aldrei innan einhvers fastmótaðs ramma hverju sinni sem er nákvæmlega eins og ég vil hafa það. Það er það sem gerir starf mitt svo lifandi og skemmtilegt.

En einyrkjaheimurinn getur verið krefjandi og kannski sem aldrei fyrr í dag í ljósi þess ástands sem við erum öll að takast á við. En á svona tímum leynast líka tækifæri fyrir hugmyndaríkt fólk og það er jarðvegur sem hentar Yslandinu góða.

Ég er búinn að vera á átta ára ferðalagi með einyrkjastarfsemi mína Ysland og það er kannski bara síðasta árið sem dagarnir hafa farið að verða örlítið „hefðbundnari“. Eftir miknið stofna-veitingastaði brótt undanfarin ár þá er ég aftur kominn á stað þar sem mér líður best. Hreinnræktuð hugmyndavinnu fyrir mín eigin hugarfóstur í bland við skemmtileg verkefni fyrir öfluga viðskiptavini sem nýta sér krafta Yslands.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Ég er mikill bókasafnari, fjárfesti

í mun fleiri bókum en ég kemst yfir að lesa og ætli það séu því ekki um þrjátíu bækur sem bíða mín. En ég hef alltaf lesið miknið og margar bækur sem hafa hreyft við mér. The Great Gatsby er í mestu uppáhaldi, Ilmurinn eftir Patrick Suskind og Less eftir Andrew Sean Greer sömu leiðis. En ætli þess vegna sofum við eftir Matthew Walker hafi ekki haft hvað sterkust áhrif á mig og hef ég reynt að miðla áhrifaríkum skilaboðum hennar á alla fjölskylduna. Skyldulesning fyrir fólk á öllum aldri.

Hvar sérðu þig eftir 10 ár?

Hamingjusaman með konu og börnum og vonandi á svipuðum stað og ég er í dag með verkefni, en með enn meiri áherslu á skáldskapinn, hvort sem er í formi bóka-eða handritaskrifa. Að sjá hugmyndina mína verða loksins að veruleika í sjónvarpsþáttunum Jarðarförin mín í Sjónvarpi Símans var mögnuð upplifun og langar mig að fóta mig enn frekar á því sviðinu. Innra með mér krauma fjölmargar sögur sem ég ætla mér að láta verða að veruleika með einum eða öðrum hætti næsta áratuginn.

Mantran mín er einföld; vinna í skapandi verkefnum með skemmtilegu fólki. Lífið er allt of stutt fyrir eitthvað annað en nákvæmlega það.

Ef þú þyrftir að velja annan starfsframa, hvað yrði fyrir valinu?

Atvinnumennska í fótbolta hefði pottþétt hentað mér vel. Hins vegar mikill synd að fótavinnu og hæfileikar voru ekki í neinum takti við drauminn sem hugurinn sá fyrir sér. En ég gæti alveg séð mig fyrir mér í þjálfun yngr flokka, gefandi og skemmtilegt starf og fótbolti eitt af mínum helstu áhugamálum. Eitt það allra skemmtilegasta sem ég geri er að fylgjast með sonum mínum æfa og keppa með Blikunum. Ég hef líka allt of miklar skoðanir á því sem þar fer fram og því sannfærður um að ég hafi eitthvað fram að færa í þessum fræðum.

Skjól í skugga áfalla – grundvöllur að viðspyrnu

Gunnar Þór Þórarinnsson, Halldór Karl Halldórsson, Þorbjörg Ásta Leifsdóttir Þórir Júlíusson, lögmenn á BBA//Fjeldco.

Þrátt fyrir myndarleg viðbrögð ríkisstjórnarinnar í tengslum við áhrif útbreiðslu kórónaveirunnar virðist sem þau muni ekki, að óbreyttu, duga til þess að forða mörgum lífvænlegum fyrirtækjum frá gjaldþroti. Það mun óhjákvæmilega leiða af sér atvinnumissi og annað langvarandi tjón fyrir íslenskt samfélag sem í sumum tilfellum er hægt að koma í veg fyrir.

Svo sem boðað hefur verið þarf að bregðast tafarlaust við þeirri stöðu sem nú er uppi, þannig að fyrirtæki fái raunveruleg tækifæri til að spyrna við og bjarga rekstri sínum og tryggja jafnframt að björgunarúrskurðir stjórnvalda fari ekki forðum. Það er eðlilegt framhald af fyrri aðgerðum ríkisstjórnarinnar að veita fyrirtækjum í landinu heimild til fjárhagslegrar endurskipulagningar, með einföldum og aðgengilegum hætti og skapa þannig ráðrum fyrir alla hagsmunaaðila til að hámarka þau verðmæti sem felast í rekstri lífvænlegra fyrirtækja og vinna að langvarandi hagsmunum allra hagsmunaaðila.

Í lögum er þegar að finna úrræðið greiðslustöðvun sem hefur það að markmiði að veita skuldara svigrúm til þess að ráða bót á fjárhagsferfiðleikum sínum. Skilyrði fyrir umsókn og veitingu heimildar til greiðslustöðvunar eru þung í vöfum og ekki nægilega aðgengileg fyrir

fyrirtæki í bágru fjárhagslegri stöðu. Því hefur greiðslustöðvunarúrskurðir gjaldþrotalaga verið vannýtt í framkvæmd. Sú hugmynd sem býr að baki úrræðinu hefur þó sjaldan átt betur við en á þessum fordæmalausu tímum.

Í gær boðuðu stjórnvöld laga-breytingar sem miða að því að veita greiðan aðgang að sérstöku úrræði til endurskipulagningar sem byggð væri á grunni greiðslustöðvunar. Slík endurskipulagning myndi heimila fyrirtækjum tímabundið skjól og þannig koma í veg fyrir að vanefndarúrskurðum verði beitt, þ.á. m. að fyrirtæki verði tekið til gjaldþrotaskipta. Mikilvægt er að hafa í huga að tímabundin frýsting á lánum fyrirtækja hjá fjármálastofnunum dugar ekki til þar sem kröfuhafar almennra fyrirtækja hér á landi eru afmargvíslegum toga.

Í nágrannaríkjum okkar hefur þegar verið brugðist við þessari stöðu með lasetningu sem hefur sambærilegt markmið. Í því samhengi má nefna nýsamþykkt bráðabirgðalög um endurskipulagningu í Noregi og frumvarp um takmörkun ábyrgðar stjórnenda í Bretlandi. Í vinnu sinni með aðilum atvinnulífsins hafa lögmenn BBA//Fjeldco séð að brýnt er að bregðast við strax, og því hafa verið útbúnað tillögur að breytingum á lögum, sem hafa verið kynntar dómismálaráðuneytinu. Við gerð þeirra var m.a. horft til viðmiða í Danmörku, Noregi, Bretlandi og Bandaríkjunum, sem og nýlegrar Evrópuréttartilskipunar.

Tillögunar hafa það að meginmarkmiði að tryggja að lífvænleg

fyrirtæki (I) verði ekki nauðbeygð til að gefa bú sitt upp til gjaldþrotaskipta eða verði knúin í gjaldþrotaskipti af kröfuhöfum á þessum tímum og (II) fái nauðsynlegt skjól og komið verði í veg fyrir að kröfuhafar geti beitt vanefndarúrskurðum á þessum tímum og (III) geti gert nauðsynlegar ráðstafanir til að lifa hamfaraástandið af. Þá verði ábyrgð stjórnenda á þessum óvissutímum afmörkuð frekar en gert er í núgildandi lögum.

Í stuttu máli fela tillögur BBA//Fjeldco í sér eftirfarandi úrræði fyrir fyrirtæki sem sjá fram á verulega fjárhagsörðugleika:

- Fyrirtæki sem sækja um endurskipulagningu njóti réttaráhrifa núgildandi ákvæða um greiðslustöðvun frá þeim degi sem þau senda inn beiðni til héraðsdóms í stað þess að bíða úrskurðar og þar með auka fyrirsjáanlegt álag á dómstóla.
- Einfalt verði að sækja um endurskipulagningu; einungis þurfi að útfylla formbundna umsókn og senda tiltekin og afmörkuð skjöl um fyrirtækið til þess að uppfylla formkröfur laga, fyrst og fremst útprentun úr Fyrirtækjaskrá og ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 2019.
- Höfnunarskilyrði dómstóla verði færr og takmarki ekki möguleika fyrirtækja á því að fá heimild til endurskipulagningar með sama hætti og núgildandi ákvæði um greiðslustöðvun gera.

■ Ráðstöfunarheimildir fyrir tækja í endurskipulagningarferli verði útvíkkaðar lítillaga frá því sem gildir um greiðslustöðvun í samræmi við þarfir fyrirtækjanna, sem þurfa m.a. að geta tekið rekstrarlán og stofnað til tiltekinna skuldbindinga í þeim tilgangi að endurskipuleggja og halda rekstri sínum gangandi.

■ Tímalengd greiðslustöðvunar verði lengd í ljósi þeirrar óhjákvæmilegu óvissu sem ríkir um rekstur fjölmargra fyrirtækja hér á landi næstu misseri. Heimild til endurskipulagningar verði fyrst um sinn veitt til þriggja mánaða í stað þriggja vikna, en dómari geti framlengt hana eftir beiðni þar að lútandi. Er miðað við að lífvænleg fyrirtæki geti fengið skjól a.m.k. út rekstrarárið 2020.

■ Ábyrgð stjórnenda verði takmörkuð með þeim hætti að stjórnendur lífvænlegra fyrirtækja geti sótt um heimild til endurskipulagningar, án þess að það yrði metið þeim til sakar, þó svo að félag væri ógreiðslufært í skilningi gjaldþrotalaga.

Í ljósi þess að bráð nauðsyn er fyrir úrræði sem veita fyrirtækjunum í landinu heimild til endurskipulagningar, með einföldum og aðgengilegum hætti, mælist BBA//Fjeldco til þess að stjórnvöld taki ákvörðun um framangreint eins fljótt og auðið er, og áður en ráðist verður í umfangsmeiri endurskoðun á endurskipulagningarferlinu sjálfu.

Það er hins vegar þörf á uppfærslu á öllum endurskipulagningarheimildum gjaldþrotalaga, þ.e. bæði greiðslustöðvunar- og nauðasamningsúrskurðir laganna, og miða tillögur BBA//Fjeldco því að tveggja þrepa lagabreytingum. Tillaga að þeim fyrri eru reifaðar hér að framan.

Síðari hluti tillagnanna lýtur að breytingum á endurskipulagningarferlinu sjálfu. Í því samhengi er höfð hliðsjón af dönskum reglum um endurskipulagningu, sem gera ráð fyrir að haldnir séu fundir með kröfuhöfum um áætlun um endurskipulagningu. Á þessum fundum fari fram umræða og kosning um skjólin og breytingar á þeim. Samþykki kröfuhafar ekki framlagðar ráðgerðir endurskipuleggjanda, stöðvist endurskipulagningarferlið, en að öðrum kosti verði áætlun um endurskipulagningu staðfest af dómara. Þannig er lagt til að stjórnvöld kanni kosti þess að breyta reglunum hérlandis þannig að samþykki kröfuhafa fyrir breytingum á skilmálum skulda, eða annarri endurskipulagningu á rekstri skuldara, verði fersnda fyrir endurskipulagningarferlinu.

Enda þótt ástandið hérlandis breytist frá degi til dags, er fyllsta ástæða til að ríkið gripi tafarlaust inn með lagabreytingar eins og hér er lýst. Hægt verður að fullmóta úrræði endurskipulagningar enn frekar þegar fyrirtækjum hefur verið veitt nauðsynlegt skjól. Tíminn er naumur og því mikilvægt að leggja strax áherslu á það sem mestu máli skiptir, þ.e. að einfalda leið fyrirtækja að endurskipulagningarúrskurðinu.

ht.is

18. APRÍL – 3. MAÍ

HEIMILISTÆKJA DAGAR



SENDUM HEIM UM
ALLT LAND!

ÞÚ FINNUR
ÖLL TILBOÐIN Á
HT.IS



20-40% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM STÆRRI HEIMILISTÆKJUM



Heimilistæki

REYKJAVÍK · AKUREYRI · REYKJANESBÆR · SELFOSS · EGILSSTAÐIR · AKRANES

Skotsilfur



Klofningur

Verkalýðsfylkingin siglir á ólík mið.

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, er í vígahug og stefnir ótraud í verkfall. **Ragnar Þór Ingólfsson**, formaður VR, og **Vilhjálmur Birgisson**, formaður Verkalýðsfélags Akraness, meta stöðuna með öðrum hætti. Þeir horfa fram á mesta atvinnuleysi sem mælst hefur í manna minnum. Þess vegna reyna þeir að ná samningum við SA og takast á við vandann af ábyrgð. Takist það ekki glatast enn fleiri störf. Á sama tíma lætur Sólveig ekki móður allra kreppa stöðva sig.



Vekur furðu

Nýleg tilmæli fjármálaeftirlits Seðlabankans til lífeyrissjóðanna þess efnis að sjóðirnir ihugi vandlega, seinki eða hætti við ákvarðanir eða viðskipti sem geti stefnt langtímahagsmunum sjóðfélaga í tvisýnu hafa vakið talsverða furðu. Það á ekki sist við um forsvarsmenn lífeyrissjóðanna sem klóra sér í höfðinu og botna lítið í því hvaða skilaboð **Unnur Gunnarsdóttir**, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits, og kollegar hennar í eftirlitinu vilja senda með tilmælunum nú þegar biðlað er til sjóðanna um að leggja Icelandair Group til aukid fé. Til bóta væri ef eftirlitið útskýrði með skýrum hætti hvert inntak tilmælanna væri.



Góður tími

Út er komin bókin Afnam haftanna – Samningar aldarinnar? þar sem **Sigurður Már Jónsson**, fyrrverandi upplýsinga-fulltrúi ríkisstjórnarinnar, fer á greinargóðan hátt yfir áralöng átök stjórnvalda við kröfuhafa föllnu bankanna. Tímasetning útgáfunnar þykir góð enda er vel við hæfi að rífa upp þessa stórmerkilegu sögu nú þegar ríkissjóður þarf að taka á sig hundraða milljarða kostnað vegna kórónafaraldursins. Eignirnar sem kröfuhafarnir fram-seldu ríkinu koma sér þá einkar vel og gera það að verkum að nær ekkert ríki er í eins góðri skuldastöðu til þess að takast á við faraldurinn.



Rótgrónar verslanakeðjur í vanda staddar



Bandarískir smásalar glíma um þessar mundir við tekjubrest vegna kórónafaraldursins en þarlandar verslanir sem selja ekki nauðsynjavörur hafa verið lokaðar um nokkurra vikna skeið. Rótgrónar keðjur á borð við J.C. Penney og Neiman Marcus ramba á barmi gjaldþrots en þær áttu – ásamt fleiri keppinautum sínum – mjög undir högg að sækja vegna breyttrar neysluhegðunar fólks eftir að faraldurinn kom upp. MYND/AFP

Hamfararekstur



Krístrún Frostadóttir
aðalhogfræðingur Kviku banka

Ökkur er öllum mjög umhugað um útgjöld ríkissjóðs þessa dagana. Erfitt er að kveikja á fréttatíma án þess að heyra þeirri spurningu varpað fram til ráðamanna hvað efnahagsaðgerðir dagsins í dag kosta og hvernig þessi ósköp verða fjármögnuð. Fólk hugsar um sitt eigið heimilisbókhald, lánin sem tekin eru í dag þarf að greiða til baka á morgun. Borgar þetta sig allt saman?

Vandinn er sá að afgangur eða halli á ríkissjóði eitt árið er lélegur mælikvarði á áhrifamatt efnahagsaðgerða. Á þetta við um krísutímabil jafnt sem tímabil „eðlilegra“ athafna. Áhrifamattur slíkra umsvifa kemur í ljós yfir nokkurra ára tímabil. Nærtækasta dæmið um eðlilegar athafnir eru arðbærar fjárfestingar í mikilvægum inn-

viðum. Tugmilljarða króna vegna framkvæmdir sem renna í einu lagi í gegnum fjárlög ríkissjóðs geta valdið miklum halla á fjármálum hins opinbera það árið. Raunin er sú að þetta er fjárfesting til tuga ef ekki hundrað ára. Í fyrirtækjarekstri eru fjárfestingar eignfærðar á efnahagsreikningi og svo afskrifaðar eftir notkun hægt og rólega í gegnum rekstrarreikning – ígildi fjárlaga. Það eru ekki margir sem fjármagna fjárfrekar framkvæmdir með notagildi til tuga ára með tekjum eins árs. Það getur borgað sig að færa fjármagn til í tíma.

Langstærsti hluti þess halla sem verður vegna tekjutaps og svokallaðra sjálfvirkra sveiflujafnara. Ef við gerum ráð fyrir því að höggið á tekjur landsins vegna COVID-19 verði á bilinu 10-15% á árinu og miðum við að ríkissjóður taki til sín um 40% af hverri krónu sem hér skapast gæti tekjutap ríkissjóðs orðið á bilinu 4-6% af landsframleiðslu. Þetta eru 120-180 milljarðar. Við bætist kostnaður vegna sveiflujafnara sem eru innbyggðir í velferðarkerfið í formi atvinnuleysisbóta og annarra útgjalda. Árin 2009-10 þegar atvinnuleysi var hvað mest eftir hrun námu útgjöld vegna atvinnuleysisbóta um 1,5% af

landsframleiðslu. Nú stefnir í enn hærra atvinnuleysi á árinu og hlutfallið því hærra. Því gæti halli ríkissjóðs vegna tekjutaps og sjálfvirkra sveiflujafnara numið 8% af landsframleiðslu. Þetta er 240 milljarða kostnaður og tekjutap sem fellur til án þess að ein einasta ákvörðun sé tekin á Alþingi um útgjöld.

Mario Draghi, fyrrverandi seðlabankastjóri evrópska seðlabankans, benti nýlega á mikilvægi þess að hagkerfi heimsins kæmu ekki út úr núverandi hamförum með langvarandi lægri atvinnu- og framleiðslugetu. Hættan er sú að heimili og fyrirtæki þurfi mörg ár til að laga efnahagsreikninga sína eftir áfallið. Þau fyrirtæki sem geta tryggt sér stóra lánafyrirgreiðslu til að komast í gegnum skaflinn munu koma út úr ástandinu með veikari viðspyrnugetu. Þeim er ekki greiði gerður með slíkum aðgerðum í flestum tilvikum. Önnur fyrirtæki ganga á fjárfestingasjóði. Þó ríkissjóður dragi úr skuldsetningarþörf sinni á þessu ári með því að beina fjármagnsþörf í gegnum banka-kerfið safnast inn á fasteignalánin í stað þess að lokum að lokum úr þeim tekjum sem til ríkisins gætu borist.

Efnahagsreikningar heilbrigðra fyrirtækja hrörna nú hratt vegna

hamfara sem hafa ekkert með undirliggjandi rekstrargrundvöll þeirra að gera. Það rekur enginn fyrirtæki með sjóð fyrir 100 ára flóði. Ekki frekar en heilbrigðis-kerfi heimsins voru undir þetta búin, þess vegna voru hagkerfin sett í tímabundinn dvala. Varasamt er að halda því fram að einkarekin fyrirtæki sem starfa í markaðshagkerfi þurfi að takast á við markaðsáfall upp á eigin spýtur undir núverandi kringumstæðum. Fyrir það fyrsta er þetta ekki hefðbundin hagsveifla, þetta eru náttúruhamfarir. Í öðru lagi þurfum við að fara varlega í að tala um V-laga bata eða aðhyllast „kerfi-sem-hrekkur-strax-til-baka“ hugsun. Gjaldþrot og yfirtaka á félögum er ekki einfalt ferli. Það lærir enginn lexíu af því að fara í þrot undir svona kringumstæðum. Enginn okkar sá þetta fyrir á þessum skala.

Kostnaður af hamfarautgjöldum í dag er fjárfesting í framtíðartekjum ríkissjóðs. Kannski þurfum við að taka mjög erfiðar ákvarðanir í haust ef í ljós kemur að ferðabjónustan mun liggja niðri í mörg ár og afleidd starfsemi því skert. En við þurfum að kaupa okkur tækifæri. Það er stór ákvörðun að veita fyrirtækjum ekki líflínu til að lifa í nokkrar vikur í viðbót ef skyggni skyldi batna.

Er séreign ekki lengur fyrir efri árin?



Björn Berg Gunnarsson, deildarstjóri greiningar og fræðslu hjá Íslandsbanka

Þau voru varla að gera að gamni sínu sem bættu séreignarsparnaði við lífeyriskerfið á sínum tíma. Ætli hvatinn hafi ekki verið sá að það nægði tæplega að treysta að fullu á lífeyrissjóðinn

sinn og varasparnað til að hafa það gott á efri árunum? Við getum í öllu falli þakkað fyrir að þetta skref hafi verið tekið og sömuleiðis að 60 ára aldurstakmark hafi verið sett á úttekt sparnadarins.

Upphaflegt hlutverk séreignar á nefnilega enn fullan rétt á sér. Við munum mörg þurfa á þessum árum að halda til að bæta okkur tekjutap við starfslok eða hafa möguleika á sveigjanlegum starfslokum. Þar að auki vitum við ekki hverjar ævilíkur okkar verða eða staðan á vinnumarkaði í framtíðinni og óvist er hvort mögulegt

●● **Ein algengasta eftirlaunaaldri er að hafa ekki lagt meira fyrir**

verði að ávaxta fé til framtíðar á þeim vöxtum sem við höfum vanist fram til þessa. Séreignarsparnaður er enn eins verðmætur og mikilvægur liður í áhyggjulausu ævkvöldi og hann hefur alltaf verið.

Ég skal viðurkenna að það fór alveg fram hjá mér þegar ákveðið

var að gera breytingar á þessu meginhlutverki séreignar. Að nú væri séreign sjóður sem seilast mætti í við ýmis tilefni og óþarft væri að geyma hann til sextugs, þó svo góðar ástæður væru gefnar fyrir slíku.

Í kjölfar efnahagshrunsins fyrir rúmum áratug var opnað í fyrsta sinn fyrir úttekt séreignar óháð aldri. Síðar var okkur leyft, skattfrjálst, að leggja mánaðarleg iðgjöld beint inn á fasteignalánin í stað þess að safna þeim. Þá var leyfi gefið fyrir skattfrjálstri úttekt til útborgunar í fyrstu íbúð. Loks

hefur 60 ára aldurstakmarkið nú öðru sinni verið afnumið.

Góður vilji er að baki öllum þessum ákvörðunum en eftir situr að við tökum aldrei umræðuna um að breyta kerfinu með þessum hætti. Ein algengasta eftirsjá fólks á eftirlaunaaldri er að hafa ekki lagt meira fyrir og hærra mætti nú heyrast í þeim sem hafa reynslu af því að lifa á lífeyri einum saman. Það getur verið fyllilega réttlætlanlegt að nýta þau úrræði sem veita nú aðgengi að séreigninni fyrir sextugt en erum við fyllilega upplýst um hverju við erum að fórnast í staðinn?



BLÁR APRÍL

Styrktarfélag barna með einhverfu

EINHVERFAN MÍN ER BARA HLUTI AF MÉR OG VERÐUR ÞAÐ ALLTAF

Heilsaðu upp á Maríu á blarapril.is
Hún er einhverf og hefur frá ýmsu að segja



SKOÐUN

Helgi Vífill
Júlíusson



Fyrirsjáanlegt

Margir af mætustu mönnum sögunnar töldu að jörðin væri flöt. Engu að síður vissu ýmsir í fyrndinni að hún væri hnöttött, eins og til dæmis Forn-Grikkinn Aristóteles. Þessu er ekki slengt fram til að varpa skugga á mörg helstu stórmenni sögunnar heldur til að vekja athygli á hve auðvelt það er að hafa rangt fyrir sér.

Þess vegna getur það verið býsna leiðigjarnt að hlýða á orðin: „Já, en hagfræðingurinn John Maynard Keynes sagði það.“ Rétt eins og hann hafi verið óskekull. Það var hann ekki. Í ljósi þess hve hugmyndir hans eru viðteknar geta þær sem standast ekki skoðun verið beinlínis skaðlegar. Má til dæmis nefna hugmynd Keynes um ítrekuð inngríp ríkisins í frjálsan markað.

Einhverjir þingmenn í stjórnarandstöðu horfa til þess að fjölga opinberum störfum í yfirstandandi kreppu. Skoðunin er meðal annars rökstudd með því að benda til breska hagfræðingsins. Ein þekktasta skoðun hans var að ráðast í fjárfestingar í kreppu. Það eru tímabundin útgjöld en að ráða fleiri starfsmenn kallar á viðvarandi útpenslu hins opinbera.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra og Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra eiga heiður skilinn fyrir að grípa til varnar af festu og öryggi. Viðbrögð sumra vinstrimanna sem móðguðust voru fyrirsjáanleg.

Það liggur í augum uppi að efnahagslífið – sem er í öndunarvél – verður ekki þróttmeira ef fleiri lögreglumenn, hjúkrunarfræðingar, kennarar, leikskólustarfsmenn og þar fram eftir götunum taka til starfa hjá hinu opinbera. Allt eru þetta mikilvæg störf sem skapa forsendur til þess að atvinnulífið geti blómstrað. Störfín eru verðmæt og ber að virða en ein og sér skapa þau ekki tekjur.

Þeir sem starfa í einkageiranum standa í raun undir launum þeirra sem starfa hjá hinu opinbera. Það verður ærferðara eftir því sem opinberum störfum fjölga. Rétt er að minna á að heilbrigðiskerfið verður ær dýrara eftir því sem þjóðin eldist. Útgjöldin fara því vaxandi.

Ef hið opinbera á að standa undir öfluglu velferðarkerfi þarf að líta til þess með hvaða hætti einkageirinn getur staðið undir kostnaðinum. Það verður að horfa á heildarmyndina en ekki einblína á brot af henni.

Atvinnulífinu er oft gert erfitt fyrir á Íslandi. Reglugerðir frá Brussel eru oft innleiddar með stífari hætti en annars staðar. Og skattbyrði héraðs er með því mesta sem þekkist innan OECD-ríkjanna. Það er eins og marga skorti skilning á heildarmyndinni. Atvinnulífið knýr velferðina áfram.

Fimmtán vilja sjá um nýja markaðsherferð

Fimmtán fyrirtæki, þar af átta erlend, sækjast eftir því að sjá um nýja markaðsherferð í ferðapjónustu sem stjórnvöld hyggjast hrinda í framkvæmd þegar útlit er fyrir að áhugi fólks á ferðalögum glæðist á ný.

Markaðsverkefnið, sem verður unnið á grundvelli samnings á milli Íslandsstofu og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, er hluti af efnahagsaðgerðum stjórnvalda vegna heimsfaraldurs kórónaveirunnar en það verður



Pétur Þ. Óskarsson, framkvæmdastjóri Íslandsstofu

starfrækt á völdum erlendum mörkuðum.

Útbóði vegna herferðarinnar – sem ber heitið Saman í sókn – lauk í byrjun vikunnar en samkvæmt gögnum sem Markaðurinn hefur undir höndum sóttust alls fimmtán fyrirtæki eftir því að sjá um herferðina, átta erlend og sjö innlend. Má þar nefna íslensku auglýsingastofurnar Brandenburg, ENNEMM, H:N Markaðssamskipti, Hvíta húsið og Pipar en á meðal erlendu stofanna í hópi umsækjenda eru Hanapin Marketing, Kunde & Co og M&C Saatchi. – kj

27.04.2019

Ég er þeirrar skoðunar að Samkeppniseftirlitið geti unnið betur með atvinnulífinu og þá sérstaklega sinnt leiðbeiningarhlutverki sínu í auknum mæli. Ég hef reynt að beita mér fyrir hvoru tveggja.

Þórdís Kolbrún Gylfa-dóttir, ráðherra ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunar



VR
FYRIRTÆKI
ÁRSINS
2019

Jafnlaunavottun

Sanngjörn laun fyrir jafn- verðmæt störf



PwC býður upp á heildstæða þjónustu í launamálum og jafnlaunavottun. Við búum yfir áralangri reynslu og lausnum sem virka.

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar



www.krokur.net

522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahlíða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum



KRÓKUR

á þinni leið

Vesturhraun 5 210 Garðabær

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Fagfærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA

Viðgerðir, viðhald og nýlagnir. Uppýsingar í síma 868-2055

Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

Hekklipping og umsjón grasflata fyrir sumarið!!! Sími: 7600231.

Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf

Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Rétta ehf.

Suðurlandsbraut 32
108 Reykjavík, Ísland

GSM. 00354 854 8080
Sími. 00354 516 8080

www.retta.is
olafur@retta.is



RÉTTA- BÓKHALDSPJÓNUSTA.

Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta.

Fjármál

Fjárhagsleg menntun-leiðbeinum einstaklingum og fjölskyldum í fjárhagserfiðleikum. Uppl. í s: 858-9452 www.suss.education Suss education europe ehf.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskípti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Keypt & Selt

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupungull.is

Opð mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Eurotec A4 harðviðarskrúfur. Penofin og Armstrong Clark harðviðarolla. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122

Húsnæði

Húsnæði í boði

Íbúð til leigu í Stórholti. Uppl. 899:3749

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Parftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

FYRIR AÐSTOÐ INNLANDS gjofsemgefur.is 907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar



VANTAR ÞIG STARFSFÓLK

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum jafnt stór sem smá fyrirtæki.

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.



HANDAFL STARFSMANNAVEITA

Suðurlandsbraut 6, 108 Rvk. | Sími 419 9000 | info@handafl.is | handafl.is

job

Finum draumastarfið saman



Er um við að leita að þér?

Eucerin®



ÓMEÐHÖNDLAD VIKA 2

VIKA 4

VIKA 8

VIRKA EFNIÐ,
THIAMIDOL
ER EINKALEYFIS
VERNDAD



LITABLETTIR? SJÁANLEG MINNKUN OG VARANLEGUR* ÁRANGUR

SJÁANLEGUR ÁRANGUR EFTIR 2 VIKUR

* með reglulegri notkun

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
6 5 °C ↓	3 9 °C →	7 3 °C ↓
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
9 6 °C ↓	9 1 °C ↓	2 6 °C ↓

Norðan og norðvestan 3-10 m/s í dag. Létt-skýjað sunnantil, en þykkar upp á norðanverðu landinu og kólnar með stöku skúrum seinnipartinn. Hiti 5 til 10 stig.

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
8 6 °C ←	1 9 °C ↓	5 2 °C ←
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
5 7 °C ↓	6 2 °C ↑	0 13 °C ↓

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
6 2 °C ↓	-2 3 °C ↓	-2 1 °C ↓
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
0 3 °C ↓	4 2 °C ↑	-2 3 °C ↓

LÉTT

	6		2	9	7	1	
4			7	8	9	5	
	5		6	4			
		6		1	3		
	2						
8	4	7		6		5	
			9	6	3	1	7
		4		7	8		
9			8	2			

MIDLUNGS

3	1						
2	8			9	4		3
		9	3	8	6	7	
5	7		6		3		1
6		1				8	5
						4	
			9				
1	3	5		2	4		9
	9			5			

PUNG

			8	3	9	2	
5	7				8		
			1	2			
		5			9		
	4		7				2
6						3	
		6					4
3	5				8		6
9							

Krossgáta

LÁRÉTT

- höldum
- beita
- nóta
- ásýnd
- tveir eins
- ofsi
- hró
- kjáni
- álitinn
- ofra

LÓDRÉTT

- hanabjálki
- drifandi
- sérgrein
- skaða
- staðna
- græðari
- einleikur
- speldi
- tveir eins

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. höfnum, 5. áta, 6. es, 8. auglit, 10. lí, 11. eóli, 12. skar, 13. fíón, 15. tallinn, 17. fórna. LÓDRÉTT: 1. hælort, 2. túll, 3. fag, 4. meða, 7. stírna, 9. læknir, 12. sólo, 14. laf, 16. m.

Skák Gunnar Björnsson

Zumbas átti leik gegn Tichonov í Rúmeníu árið 1992. Svartur á leik

1...Dc2! 2. Dxc2 Hxf1+ 3. Hxf1 Hxf1+ 4. Kxf1 Rxe3+ 5. Kf2 Rxc2 0-1. Í kvöld fer fram Íslandsmótið í netskák – BRIM-mótið. Flestir sterkustu skákmenn landsins taka þátt. Mótið verður í beinni á netinu fyrir skákahugamenn. Hefst kl. 19:30. www.skak.is Íslandsmótið í netskák – BRIM-mótið.




8	3	4	1	2	6	9	5	7
6	9	5	4	3	7	1	2	8
7	1	2	5	8	9	6	4	3
1	4	6	2	5	8	3	7	9
9	8	3	7	6	4	2	1	5
2	5	7	9	1	3	4	8	6
3	7	1	8	9	2	5	6	4
4	2	9	6	7	5	8	3	1
5	6	8	3	4	1	7	9	2

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Gelgjan



Barnalán



Alltaf nóg til af humri hjá Norðanfiski...
STÓRUM HUMRI!!

Hafið samband á nordanfiskur@nordanfiskur.is eða í síma 430 1700

Norðanfiskur ehf. sérhæfir sig í framleiðslu á úrvals sjávarfangi til veitinga- og stóreldhúsa. Einnig má finna vörur Norðanfisks í neytendapakningum í verslunum Bónus um land allt.

LÍFIÐ ER Á FRETABLAÐID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, menningu, tísku, heilsu og margt fleira.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



TENDENS CHARCOAL



NORDIC SPIRIT NATURAL OAK/FOCUS



SHAKER WHITE



TENDENS BLACK OAK VENEER

NÚTÍMA LÍFSTÍLL GERIR KRÖFUR TIL ELDHÚSSINS

Nútíma lífstíll kallar á kröfur. Á sama hátt og við höfum væntingar til lífsins, gerum við kröfur til eldhússins okkar. Líttu til okkar, lýstu kröfum þínum og leyfðu okkur teikna draumaeldhúsið þitt. Ævintýrið byrjar á heimsókn í glæsilegan sýningarsal okkar í Lágmúla 8, 2. hæð, þar sem allar helstu nýjungar eru til sýnis.

ORMSSON

Lágmúla 8 • sími 530 2800

HTH á Íslandi í 40 ár,
og þar af í 20 ár hjá Ormsson
- endurspeglar traust
Íslendinga til merkisins



INNRETTINGAR



ormsson

Smash Style Alvöru íslenskir borgarar

BONUS BONUS



2X
100 g

479 kr.

Smash Style Hamburgarar
2x100 g



2X
120 g

539 kr.

Smash Style Hamburgarar
2x120 g

100%
ÍSLENSKT
ungnautakjöt

2X
140 g

598 kr.

Smash Style Hamburgarar
2x140 g



198 kr./pk.

Bónus Hamburgarabrauð
4 stk.



398 kr./stk.

Íslandsnaut Bernaíssósa
250 ml

Gullverðlaunapylsa

Meistarafélags kjötiðnaðarmanna

**SAMA VERÐ
UM LAND ALLT**

ÍSLENSK
framleiðsla

ATH
STUTTUR
LÍFTÍMI



10 pylsur

398 kr./pk.

Bónus Vínarpylsur
485 g, 10 stk.



198 kr./pk.

Bónus Pylsubrauð
260 g, 5 stk.



279 kr./1 kg.

Bónus Kornbrauð
1 kg.



198 kr./pk.

Sprite Zero
4x330 ml



259 kr./150 g

Lambhaga Salat í Potti
150 g



359 kr./125 g

Lambhaga Salatablanda
125 g



498 kr./420 g

Bónus Möndlukaka
420 g



498 kr./700 g

Bónus Marmarakaka
700 g



bonus.is

Verð gildir til og með 3. maí eða meðan birgðir endast.

BÓNUS

Ódýrara að krydda heima

**1.498** kr./kgKS Lambalæri í Sneiðum
Ísland, frosið**2.798** kr./kgKS Lambaprime
Ísland, frosið**1.198** kr./kgKS Lambaleggir
Ísland, frosnir**3.998** kr./kgKS Lambafillet
Ísland, frosið

Gerðu garðinn frægan

**895** kr./40 lVan Egmond Mold
40 l**POKI
MEÐ
HÖLDUM****359** kr./8 stk.Euro Shopper Ruslapokar
Stórir með höldum**198** kr./pariðKoop Vinnuvettlingar
Góðir í garðinn**Opið í öllum verslunum Bónus****Föstudaginn 1. maí****10-19****bonus.is****BÓNUS****EKKERT
BRUÐL**



Þjónusta RÚV á ensku, pólsku, auðskildu máli, táknmáli og með skjátexta

News and current affairs from Iceland



New episodes every Monday

ruv.is/english

Najnowsze informacje i wiadomości dotyczące epidemii Covid-19 na stornie

ruv.is/polski

Fréttir á auðskildu máli í skýrri framsetningu sem auðveldar lestur

ruv.is/audskilid

Daglegar tákn málsfréttir á RÚV og tákn málstúlkun með kvöldfréttum sjónvarps á RÚV 2

Íslenskur texti með íslensku sjónvarpsefni og kvöldfréttum á síðu 888 í textavarp og í spilara og appi RUV

RÚV okkar allra | for all of us | usdla wszystkich

DAGSKRÁ

Miðvikudagur

HRINGBRAUT

20.00 Undir yfirborðið Ásdís Ólsen fjallar hispurslaus um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
20.30 Viðskipti með Jóni G. Í viðskiptaþættinum með Jóni G. Haukssyni er rýnt í verslun og viðskipti landsmanna með aðstoð sérfræðinga og stjórnenda atvinnulífsins.
21.00 21 - Fréttabáttur á miðvikudegi 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernís með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
21.30 Saga og samfélag Saga og samfélag er þáttur þar sem mál-efni liðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

RÚV SJÓNVARP

06.50 Morgunþáttur Rásar 1 og 2
09.00 Heimaleikfimi
09.10 Heimavist - MenntaRÚV
11.00 Skólahreysti Úrslit
11.50 Í garðinum með Gurry III
12.20 Á tali hjá Hemma Gunn 1991-1992
13.35 Kastljós
13.50 Menningin
14.00 Blaðamannafundur vegna COVID-19 Bein útsending frá blaðamannafundi vegna COVID-19.
14.40 Heimaleikfimi
14.50 Mósaik
15.25 Gettu betur 2000 MH - Versló
16.25 Rabbabar
16.40 Bækur og staðir Austurstræti
16.50 Strigi og flauel
17.50 Tákn málsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Millý spyr
18.07 Friðþjófur forvitni
18.30 Hæ Sámur
18.37 Rán og Sævar
18.50 Krakkafréttir
18.54 Vikinglotto
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Kiljan
20.40 Kæra dagbók Kære dagbog
21.10 Eftirlýst Wanted
22.00 Tiufréttir
22.15 Veður
22.20 Undirrot hatus Why We Hate Heimildarþáttaröð úr smíðju Stevens Spielbergs þar sem sá eiginleiki mannsins að geta hatað er rannsakaður út frá sjónarhorni sálfræði, taugavísinda og félagsfræði sem og í sögulegu samhengi. Þættirnir eru ekki við hæfi barna.
23.05 Mennirnir sem rændu Evrópu Mændene der plyndrede Europa
23.55 Kveikur
00.25 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

07.00 2019 Augusta Masters Útsending frá Augusta Masters 2019.
10.55 2019 Augusta Masters Útsending frá lokadegi Augusta Masters 2019.
16.50 2005 PGA Tour Year in Review
17.30 Solheim Cup 2015 Útsending frá lokadegi Solheim Cup 2015.
20.30 Solheim Cup 2017 Útsending frá lokadegi Solheim Cup 2017.

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
07.00 Ísland vaknar Útsending frá morgunþætti K100.
10.00 Dr. Phil
10.45 Everybody Loves Raymond
11.10 The King of Queens
11.30 How I Met Your Mother
12.00 Dr. Phil
12.45 Áskorun
13.20 LA to Vegas
14.05 The Late Late Show
14.50 Strúktúr
15.20 Lambið og miðin
16.10 Malcolm in the Middle
16.30 Everybody Loves Raymond
16.55 The King of Queens
17.15 How I Met Your Mother
17.40 Dr. Phil
18.25 The Late Late Show
19.10 Love Island
20.10 Survivor
21.00 Chicago Med
21.50 Station 19
22.35 Imposters
23.20 The Late Late Show
00.05 Evil
00.50 Grand Hotel
01.35 9-1-1
02.20 The Resident
03.05 The Arrangement
03.50 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunþáttur Rásar 1 og 2
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Tónlist frá A til Ö
15.00 Fréttir
15.03 Samtal
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Þittu á jaxlinn Binna mín
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.35 Kvöldsgagan. Konan við 1000 gráður (30 af 41)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.30 Road Less Travelled
12.55 Matilda
14.30 Ghostbusters
16.15 Road Less Travelled
17.40 Matilda
19.15 Ghostbusters
21.00 The Disaster Artist
22.35 All the Money in the World
00.50 Adult Life Skills
02.20 The Disaster Artist

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.15 Masterchef USA
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Gilmore Girls
10.00 Jamie Cooks Italy
10.50 Margra barna mæður
11.20 Brother vs. Brother
12.00 The Goldbergs
12.35 Nágrannar
12.55 Bomban
13.40 Hvar er best að búa ?
14.25 Grand Designs. Australia
15.15 Manifest
15.55 Atvinnumennirnir okkar 3
16.30 Næturgestir
16.55 All Rise
17.30 Bold and the Beautiful
17.55 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Matarboð með Evu
19.35 Vikinglöttó
19.40 First Dates
20.30 Beauty Laid Bare
21.15 Dublin Murders
22.05 High Maintenance
22.40 Insecure
23.15 Sex and the City
23.45 The Blacklist
00.30 S.W.A.T
01.10 Manhunt
02.00 Manhunt
02.45 Manhunt
03.35 Mrs. Fletcher
04.00 Mrs. Fletcher

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
18.40 Elías og Fjarsjóðsleitinn Skemmtileg teiknimynd um Elías og vini hans.
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 The Middle
21.45 Pretty Little Liars. The Perfectionists
22.25 Gotham
23.10 Réttur
00.05 Friends
00.25 The Middle

STÖÐ 2 SPORT

07.10 Sportið í dag
08.10 La Liga. Goals Galore - Gerard Moreno Þáttur um markahróka spænsku 1. deildarinnar.
08.20 Veislan í Vopnafirði Nýir veiðipættir sem eru sannkallað ferðalag þar sem góður félagskapur og íslensk náttúra er í fyrirrúmi.
08.50 UCL Classic Matches Eftirminnlegir leikir úr sögu Meistaradeildar Evrópu rífaðir upp. Liverpool - Olympiacos (2004), Barcelona - Real Madrid (2011), Inter - Schalke (2011)
09.40 Saga Evrópumótsins í fótbolta
10.00 Inter - AC Milan
11.45 Chelsea - Liverpool
13.25 David James
13.55 Sportið í kvöld
15.00 Sportið í dag
16.00 Classic Match - Juventus vs Manchester United 1999
16.10 KR - FH 2017
16.30 Wimbledon - Manchester United 93/94
17.00 Arnhildur Anna Árnadóttir
17.20 Argentína
17.50 Luuk De Jong
18.05 Barcelona - Inter
20.00 Sportið í kvöld
21.00 Tottenham - Arsenal 90/91
21.25 Lazio - Juventus
23.05 Tottenham - Southampton

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útlit Saga
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

**LÆGSTA
VERÐIÐ
Í ÖLLUM
LANDS-
HLUTUM**

Orkan býður lítrann á lægsta verðinu í öllum landshlutum – án allra skilyrða.





SPORT
LUNCH
80G
249
KR/STK
3113 KR/KG



KRISTALL
MEXICAN LIME
500 ML DÓS
129
KR/STK
258 KR/L

APPELSÍN
SYKURLAUST
330 ML DÓS
129
KR/STK
391 KR/L



MYLLAN
HAFRAKÖKUR
100 G
249
KR/STK
2490 KR/KG



RITTER
SPORT 100G
5 TEG
299
KR/STK
2990 KR/KG



LION BAR
WHITE
42 G
99
KR/STK
2357 KR/KG



CARABAO
330 ML
129
KR/STK
391 KR/L



NOCCO
330 ML
299
KR/STK
906 KR/L



Kvikk
ON THE GO

ORKAN



„Fólk er að spyrja mig hvert það eigi að fara,“ segir Garpur um tækifærin sem biða við sjóndeildarhringinn.

Sóknarfærin ekki á köldum eyðisandi

Garpur Ingason Elísabetarson er nýkominn úr hringferð um landið þar sem hann sá ótal tækifæri. Hann hvetur ferðabjónustuna tæpitungulaust til dáða og boðar Íslendingum stórkostlegt ferðasumar.

Mér finnst bara svo mikilvægt að við stöndum upp og byrjum að vinna þannig að ég skrifaði þarna einhvern nöldurstatus sem ég er ekki vanur að gera,“ segir Garpur Ingason Elísabetarson, leiðsögu- og kvikmyndagerðarmaður, um tóninn sem hann sendi ferðabjónustunni á Facebook í gær.

„Ég var að klára hringferð í kringum landið og það var geggjað. Þetta var rosaleg skemmtilegt. Bara einstakt,“ segir Garpur sem kvaddi sér hljóðs á Facebook eftir að hafa mætt áhugaleysi og kreppuðöa á Norðurlandi.

„Ég veit að mér á að líða eins og allt sé ömurlegt vegna þess að ég fæ ekki að vera leiðsögumaður og allt það en mér finnst þetta bara geggjað,“ segir Garpur um landið sem að lokum mun rísa úr COVID-þökunni.

Burt með sorg og sýt...

„Ég er rosahrifinn af þessu eins og þetta er og ég sé miklu fleiri tækifæri en ekki í þessu vegna þess að íslensku sumrin eru svo ótrúlega einstök,“ segir leiðsögumaðurinn kvikmyndandi og telur ekki tímaþætt að leggja í eyðimerkurgöngu um kalda sanda.

„Ég veit að þetta er leiðinlegt og veit að það er alveg ömurlegt að það eru engir ferðamenn að koma. Ég veit að það er alls konar neikvæðni í gangi og það verður lítið sem ekkert aferlendum ferðamönnum í sumar.

Staðan er bara þannig en sorgarferlið ætti að vera búið. Núna þurfum við einhvern veginn að sætta okkur við þetta, bretta bara upp ermarnar og vinna. Ætlum við bara að fara á spenann hjá ríkinu eða ætlum við að leysa þetta og gera þetta geggjað?“

... og sinnigrút

Garpur bætir við að nú sé lag fyrir



Garpur segir íslenska sumarið biða með öllum sínum undrum. MYND/GARPUR

íslensk ferðabjónustufyrirtæki að gera sig sýnilegt og horfa til Íslendinga sem eigi þess nú helst kost að ferðast um landið sitt.

„Það er allt til staðar til þess að gera þetta að ógleymanlegu sumri,“ heldur Garpur áfram og bendir á að Íslendingar geti nýtt sér margt sem erlendri ferðamannastraumurinn skilur eftir sig.

„Landið er fullt af brjálæðislega góðum og hæfum leiðsögumönnum og við erum búin að koma okkur upp flottum innviðum undanfarið áratug en samt finnst mér eins og enginn sé að hugsa í lausnum eða reyna að opna dyr,“ segir Garpur sem finnst hann undanfarið hafa heyrt of mikið tal um allt sem er ekki lengur hægt. „Síðan bendir hver á annan eða símanum er hreinlega ekki svarað.“

Reddum þessu

Öll von virðist þó síður en svo úti og Garpur segist hafa byrjað að fá jákvæð viðbrögð frá fólki í ferðabjónustunni og fleiri fyrirspurnir frá Íslendingum í innanlandsferðahug.

„Ég veit að þetta er erfitt og hund-

leiðinlegt, að gera ráð fyrir x mörgum kúnum og svo er bara enginn að koma en ef fólk er ekki tilbúið að svara kallinu þegar það kemur þá mun ekkert ganga. Núna eru tækifæri þannig að reddum þessu. Græjum þetta bara.

Ég er búinn að vera leiðsögumaður í mörg ár og vera verktaki bæði í kvikmyndagerð og leiðsögumennsku,“ segir Garpur sem vinnur þessa dagana að gerð heimildamyndar fyrir BBC.

„Mér berast endalaust undarleg, skritin, skemmtileg og öðruvísi verkefni, núna er fólk sérstaklega að leita til mín eftir hjálp með að ferðast innanlands,“ segir Garpur og bætir við að eftir að hann las kollégum sínum pistilinn á Facebook séu símtöl einnig farin að berast frá þeim og ljóst að víða er hugur í mannskapnum.

„Síminn er búinn að hringja aðeins eftir að ég henti þessu inn og fleiri að hafa samband þannig að það er aðeins byrjað að rúlla og það er gott,“ segir Garpur og hvetur landann til að láta ekki íslenska sumarið með öll sín undur fram hjá sér fara. toti@frettabladid.is



VERTU VAKANDI Í FYRSTA SKIPTI Á ÆVINNI

Við höfum opnað glæsilega nýja verslun Hästens að Faxafeni 5.
Komdu til okkar og prófaðu einstök gæði Hästens rúmana.
Starfsfólk okkar er tilbúið að aðstoða þig og veita frekari upplýsingar.



Þegar þú vaknar í rúmi frá Hästens munt þú skilja virði þess að ná fullkomnum nætursvefni. Rúmin eru framleidd með einstöku samspili handverks og hráefna þar sem hvergi eru gerðar málamiðlanir í gæðum náttúrulegra efna eða tíma við ópreytandi handverkið. Þú sérð það ekki en þú munt finna fyrir því. Allan sólarhringinn. Heimsæktu Hästens í Faxafeni eða pantaðu vörulistann á hastens.com.


BE AWAKE FOR THE FIRST TIME IN YOUR LIFE®

Hästens 
since 1852

HÄSTENS VERSLUN
Faxafeni 5, Reykjavík 588
8477

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

Betra
BAK



BAKÞANKAR

Jónu Hrnannar
Bolladóttur



Einstakur sálusorgari

Þann 20. nóvember árið 1918 skrifar Bjarni Jónsson Dómkirkjuprestur eitt undirstríkað orð í embættisfærslubók sína: Inflúensa. Þá var spánka veikin farin að herja á Reykvik- inga. Næstu vikur voru engar athafnir í kirkjunni nema útfarir. Bjarni Jónsson veiktist snemma en náði sér furðanlega fljótt. Enn máttfarinn eftir veikindin varð hann að hefja þjónustu og segir sagan að er hann gekk niður í miðbæ var hann svo máttlaus að hann settist niður hjá Barnaskól- anum og leið eins og hann myndi ekki komast niður í Dómkirkju.

Þá kom þar gangandi lækurinn Jón Hjaltalín Sigurðsson og mælti við prestinn: Þú átt að jarða í dag. Bjarni svaraði: Ég er veikur. Þá ansaði Jón: Veistu ekki að til er nokkuð sem heitir skylda? Bjarni tók áskorun læknisins, mætti til útfarar og þjónaði með sóma. Meðan heimsfaraldurinn gekk yfir hélt Bjarni að heiman snemma á morgnana til þess að halda húskveðjur eða jarða. Inn á heimili hans og Áslaugar Ágústsdóttur konu hans lá stöðugur straumur syrgjenda til að ná tali af sálusorgaranum. Bjarni jarðsöng 115 manns á þremur vikum og var til þess tekið að hann minnst allra persónulega þótt oft væru mörg jarðsöngin í einu.

Fyrir jólin var pestin horfin og lífið hafði unnið sigur. En sárin voru mörg og djúp í samfélaginu sem voru lengi að gróa. Um jólin voru embættisfærslur Dómkirkju- prests öðruvísi, því guðsþjónust- ur voru haldnar á ný og skírnar- börnin urðu 23 yfir hátíðirnar. Frú Áslaugu sagðist svo frá að maður hennar hefði ekki gefið sér tíma til að hugsa um þreytu en rétt komið heim til að borða, fengið sér vindil á eftir og kvatt með þeim orðum að hann væri óþreyttur. Öll el birtir upp um síðir.

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO

APPELSÍN
SYKURLAUST
330 ML DÓS
129
KR/STK
391 KR/L



Kvikk
ON THE GO



Vertu eins og heima hjá þér í bústaðnum

Settu upp þráðlaust net fyrir alla fjölskylduna í bústaðnum með 4G-búnaði. Þá getur þú líka tengt 4K-myndlykil frá Símanum þráðlaust við netið og horft á allt þitt uppáhaldsefni úr **Sjónvarpi Símans Premium**.

Við sendum frítt heim á höfuðborgarsvæðinu, samdægurs ef pantað er fyrir kl.12:00.



30 daga

Sjónvarp Símans
Premium fylgir!



Meater þráðlaus
grillhitamælir

Tilboð: 14.900 kr.

Áður: 19.990 kr.

Mælir sem vaktar steikina
á meðan þú slakar á.



Samsung
spjaldtölva

Tilboð: 24.900 kr.

Áður: 34.990 kr.

Létt spjaldtölva, fyrir leik
og starf, á sérstöku tilboði.



4G-búnaður
í ferðalagið

Verð frá: 4.990 kr.

Settu upp þráðlaust net fyrir
alla fjölskylduna með 4G-beini
eða þráðlausri 4G-hnetu.

Birt með fyrirvara um villur og verðbreytingar. Gildir meðan birgðir endast.

siminn.is